

Selárdalur

Nærri lætur að vegalengdin frá landamerkjum **Gilsbrekku** og Selárdals út í túnfótinn á síðarnefnda eyðibýlinu sé tveir kílómetrar en öll leiðin, milli bæjanna tveggja, var liðlega þrír og hálfur kílómetri. Á leiðinni frá merkjunum og út í Selárdal förum við fjöruna en gefum gaum að hlið og fjalli.

Fjallið utan við landamerkin heitir **Lásvíkurfjall** og tekur nafn af lítilli vík við fjarðarströndina.¹ Utar er **Ásfjall** sem nær að Selárdal.² Fjöllin tvö, sem hér voru nefnd, standa hlið við hlið en allstór gjóta skilur þau að.³ Á leiðinni frá Gilsbrekku út í Selárdal er fjallsbrúnin hérna megin fjarðar hvarvetna í 550-600 metra hæð yfir sjávarmáli.

Skógurinn setur hér mikinn svip á umhverfið og heitir **Selárdalsskógur** þegar kemur út fyrir merkin.⁴ Í Selárdal var hliðin neðan við Lásvíkurfjall og Ásfjall nefnd **Innríhlíð** og skiptist um **Hjalla**, sem hér eru áberandi, í **Lægrihlíð** og **Hærríhlíð**.⁵ Mest af skóginum er á Lægrihlíð og einna þéttastur er hann á svæði sem nær frá landamerkjunum út að **Grísalæk**⁶ sem við komum að síðar. Fram skal tekið að skógarkjarr er líka fyrir utan Selárdal og nær út undir lækinn **Míganda** sem skiptir löndum milli Selárdals og **Norðureyrar**.⁷

Guðmundur Hjaltason alþýðufræðari kom í Súgandafjörð í nóvembermánuði árið 1914 og gekk út með firðinum að vestanverðu.⁸ Hann veitti skóginum athygli og ritar á þessa leið:

*Skógur er talsverður norðanvert í Súgandafirði. Er hann eiginlega á þremur stöðum, í botninum og svo lengra út með firðinum og dálítill ennþá utar. Mestur er miðskógurinn. Ég held ég hefði þurft um tvo tíma til að ganga langs í gegnum hann. Ekki veit ég nú glögg um hvað skógurinn er hér því ég kom ekki í hann. En ég sá hann svo glögg upp úr snjófölinu að ég held mér sé óhætt að segja að hann sé efnilegur.*⁹

Kristján G. Þorvaldsson, sem hér hefur oft verið vitnað til, fæddist í Selárdal 1881 og ólst þar upp. Um skóginn í norðurhlíðum Súgandafjarðar kemst hann svo að orði í ritgerð frá árinu 1949:

¹ Örnefnastofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 135-137.

² Sama heimild, 134-135.

³ Sbr. Sömu heimild, 135.

⁴ Sama heimild, 138.

⁵ Sama heimild.

⁶ Sama heimild.

⁷ Sama heimild.

⁸ Guðmundur Hjaltason / Lögrétta 10.2.1915.

⁹ Sama heimild.

Skógur er nokkur norðanvert fjarðarins, frá Míganda og langt fram á Botnsdal. Aðallega er þetta birki en víðir og reynir er þó allvíða. Sökum brattlendis og snjóþyngsla er skógurinn víða skriðull og liggur með jörðinni og er því lægri í lofti en efni standa til. Fjárbeit hefur einnig gert honum mikið tjón, sömuleiðis snjóskriður sem hlaupa fram yfir skóglendið þar sem það er mest og slíta þær hvern anga sem upp úr snjónum stendur.¹⁰

Hrís úr skóginum var líka *aðaleldsneytið* bæði í Selárdal og á öðrum bæjum.¹¹ Í harðindum rifu menn trjágróður úr skóginum og notuðu í skepnufóður¹² og ætla má að mörg hrísland hafi farið fyrir lítið við kolagerð. Á sérhverju býli varð að afla viðarkola ár hvert svo hægt yrði að dengja ljáina og stóð svo allt fram yfir 1870 er ljáblöð Torfa Bjarnasonar, síðar skólastjóra í Ólafsdal, komu til sögu og skosku ljáirnir skömmu síðar.¹³ Í Selárdalsskógi sáust víða kolagrafir á árunum kringum aldamótin 1900¹⁴ og ekki er ólíklegt að ummerki þeirra séu þar enn sýnileg á ýmsum stöðum.

Þrátt fyrir allt þetta verður ekki annað séð en Selárdalsskógur standi nú með blóma og er hann að líkindum betur á sig kominn en um miðbik nítjándu aldar en þá fullyrtu sóknarpresturinn á **Stað** að allur skógur í Súgandafirði mætti heita *gjöreyddur* (sjá hér Botn, Klúka þar). Til marks um hæð trjáanna í þessum skógi á síðari tímum má nefna að um 1950 greindi Valdimar Þorvaldsson svo frá að hún væri *óvíða* meiri en tveir metrar.¹⁵

Tvær jarðir í Súgandafirði áttu á fyrri tíð ítök í Selárdalsskógi.¹⁶ Þessar jarðir voru **Göltur** og **Suðureyri**.¹⁷ Um ítök beggja jarðanna er getið í Jarðabókinni frá 1710 og bar skóglendið sem fylgdi Gelti nafnið **Galtarrípur**.¹⁸ Það örnefni mun nú vera týnt en ætla má að ítakið sem fylgdi Suðureyri hafi verið þar sem enn heita **Suðureyrarrjóður** í Selárdalsskógi. Þau er mjög skammt fyrir utan landamerkin á móti Gilsbrekku, innan við **Rauðuskriðu** sem einnig er nefnd **Fletta**.¹⁹ Ætla má að í þeim rjóðrum hafi Suðureyrarbændur og þeirra fólk gert til kola og rífið hrís á fyrri öldum (sbr. hér Suðureyri). Þessi rjóður er auðvelt að finna því landamerkjálækurinn er enn á sínum stað og líka skriðan Fletta sem fólk í Selárdal nefndi Rauðuskriðu. Skriðan er áberandi. Upptök hennar eru

¹⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 4.

¹¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 2.

¹² Sama heimild.

¹³ Sigurður Sigurðsson 1937, 218-220 (Búnaðarfélag Íslands – Aldarminning II).

¹⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 2.

¹⁵ Sama heimild.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII, 128-139.

¹⁷ Sama heimild.

¹⁸ Sama heimild, 132-133 og 138.

¹⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137-138.

hátt í hlíðinni.²⁰ Hún er mjó efst en breikkar smátt og smátt og neðst er hún allbreið.²¹ Í rjóðrunum eru litlir grasblettir innan um skóginn en á hjallabrún í hlíðinni ofan við þau er stór steinn sem heitir **Latur**.²²

Við stöldrum nú við í Suðureyrarrjóðrum og rifjum upp sumt af því sem Einar Jónsson ritaði í dagbók sína á árunum kringum 1890 um hrísrif Suðureyrarfólks í Selárdalsskógi. Vorið 1889 var Einar heimilismaður hjá Þorbirni bónda Gissurarsyni á Suðureyri og skrifar 25. maí: *Það fór fernt í skóg hinum megin*.²³ Orðin *hinum megin* merkja þarna frá hinu heimilinu á Suðureyri, það er segja frá Kristjáni Albertssyni. Þann 13. september 1889 var farið á bát frá Suðureyri að sækja hrís og daginn eftir var dagbókarritarinn að velta hrísbyrðunum heim úr fjörusandinum.²⁴

Þann 8. nóvember sama ár fór Einar svo með hjónunum Maríasi Þorgilssyni og Ástríði Halldórsdóttur inn í skóg *að sækja hrís*.²⁵ Nokkru fyrr á þessu sama hausti höfðu Marías og Ástríður sest að í þurrabúð á **Suðureyrarmölum** en við þau bústaðaskipti urðu hjón þessi fyrstu íbúar þorpsins sem brátt tók að rísa þar á Mölunum (sjá hér Suðureyri).

Sumarið 1894 og þá um haustið var Einar hjá Kristjáni Albertssyni á Suðureyri (sjá hér Suðureyri). *Stúlkurnar fóru í skóg*, skrifar hann þá 5. júlí²⁶ og þarf vart að efa að þær hafi farið í Selárdalsskóg að rífa hrís. Að kvöldi þess 28. sama mánaðar fór Einar svo sjálfur inn í skóg, ásamt Sigríði dóttur sinni og Kristínu Kristjánsdóttur, að sækja *hrísbyrðar*.

Um haustið fóru tíu manneskjur frá Suðureyri í einum hóp *inn í skóg að rífa hrís*²⁷ og einn daginn í október kom Sigurður Jónsson á **Laugum**, áður bóndi á Gilsbrekku, út á Suðureyri *að höggva niður hrís* fyrir húsmóðurina, Guðrúnu Þórðardóttur,²⁸ eiginkonu Kristjáns Albertssonar.

Þessi fáu dæmi sýna svo ekki verður um villst að Suðureyrarfólk reif hrís í Selárdalsskógi alveg fram undir aldamótin 1900. Á síðustu áratugum 19. aldar mun vitneskja um hin fornu réttindi þó hafa verið fallin í gleymsku og orðið venja að biðja um leyfi hjá Selárdalsfólki þegar farið var í skóg.²⁹ Þess er svo einnig vert að geta að samkvæmt gamalli siðvenju fengu sjómenn í verstöðinni á Suðureyrarmölum að rífa hrís í Selárdalsskógi til sinna nota³⁰ en þeir munu löngum hafa soðið mat sinn við hlóðæld svo sem venja var.

Kristján G. Þorvaldsson segir að *við byrjun þessarar aldar* (þ.e. tuttugustu aldar) hafi menn hætt að rífa hrís í skóginum.³¹ Þá staðhæfingu

²⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137-138.

²¹ Sama heimild.

²² Sama heimild.

²³ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 25.5.1889.

²⁴ Sama dagbók, 13.9. og 14.9.1889.

²⁵ Sama dagbók, 8.11.1889.

²⁶ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 5.7.1894.

²⁷ Sama dagbók 1.10.1894.

²⁸ Sama dagbók 16.10.1894.

²⁹ Gunnar M. Magnúss / Kr. G. Þorv. 1977, 126-127.

³⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 2.

³¹ Gunnar M. Magnúss / Kr. G. Þorv. 1977, 126-127.

hans er varla hægt að rengja en minnt skal á að þegar við blasti hætta á kolaskorti í byrjun heimsstyrjaldarinnar fyrri komu strax upp hjá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps ráðagerðir um hrísrif (sjá hér Botn).

Frá Suðureyrarjórðum þokum við okkur út á skriðuna sem hér var áður nefnd með nafni. Í Selárdal var hún jafnan kölluð Rauðaskriða en á öðrum bæjum hét hún Fletta og heyrðist líka nefnd **Svunta**.³² Öll nöfnin eru við hæfi og gefa hvert um sig og öll saman dágóða lýsingu á henni. Þessi mikla skriða er sögð vera yfir 20 faðmar á breidd³³ og mun hafa fallið í miklum rigningum að vorlagi á árunum milli 1830 og 1840.³⁴ Skriðan er enn mjög áberandi en byrjuð að gróa upp.

Á þessum slóðum hefur löngum verið mikið um snjóflóð og mörg þeirra hafa fallið í sjó fram.³⁵ Snjóflóðahætta er veruleg beggja vegna við landamerki Gilsbrekku og Selárdals og alveg út að Grísalæk³⁶ en hann er liðlega einum kílómetra utan við landamerkin. Á svæðinu frá Grísalæk og út að bænum í Selárdal var hætta á snjóflóðum talin langtum minni.³⁷

Ofan við skriðuna Flettu (Rauðuskriðu) er stórt hvolf hátt í fjallshlíðinni. Það er girt að ofan með háum börðum og heitir **Lásvíkurhvolf**.³⁸ Þar fyrir ofan eru tveir klettahjallar, **Lásvíkurhjalli neðri** og **efri**³⁹ en fjallið sjálft heitir Lásvíkurfjall eins og fyrir var nefnt. Nokkru utar en Lásvíkurhvolf og í álíka hæð er stórt holt sem skagar fram úr fjallshlíðinni. Það heitir **Guludýjaholt** og ber nafn af litfögnum dýjum sem þar sjást, framan í holtinu.⁴⁰

Við fikrum okkur nú í átt til sjávar en rétt fyrir utan Rauðuskriðu liggur vegarslóðinn ofan í fjöruna. Þessi vegarslóði er (1997) aðeins fær vel búnum bílum. Mjög skammt fyrir utan skriðuna er lítil vík við sjóinn og heitir hún **Graskollsvík**.⁴¹ Steinn sem **Graskollur** heitir er þar fram í fjörunni og var áður með grastopp í kollinum.⁴² Rétt utan við þessa vík er **Lásvíkurnes innra** og fyrir utan það **Lásvík**.⁴³ Sé horft þaðan yfir fjörðinn blasir við, aðeins utar, sá stóri **Marksklettur** (sjá hér Laugar) sem setur svip á hlíðina hinum megin.

Í Lásvík er jarðhiti.⁴⁴ Í klettabökkum innantil í henni sitrar volgt vatn fram á nokkrum stöðum og í aur uppi á bökkunum vottar líka fyrir jarðhita.⁴⁵ Hitastig vatnsins er sagt vera 20-25 gráður.⁴⁶ Tveir lækir falla til

³² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137.

³³ Lbs. 3430⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

³⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137.

³⁵ Sama heimild, 124.

³⁶ Sama heimild, 119 og 124.

³⁷ Sama heimild, 124.

³⁸ Sama heimild, 135.

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Sama heimild. Kr. G. Þorv. 1946, 140-141 (Vestfirskar sagnir III. 1).

⁴¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137.

⁴² Sama heimild.

⁴³ Sama heimild.

⁴⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137.

⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁶ Gunnar M. Magnúss 1977, 66.

sjávar í Lásvík og heita þeir **Lásvíkurgil innra og ytra**.⁴⁷

Utan við Lásvík er **Lásvíkurnes ytra** og spölkorn þar fyrir utan djúpt gil og skriðuhryggur sem myndar svolitla eyri við sjóinn.⁴⁸ Gilið heitir **Hlaðsvíkurgil** og utan við það komum við í **Hlaðsvík**.⁴⁹ Ofan við hana eru smáklettur í hærri hlíðinni og heita þeir **Svarthamrar**.⁵⁰ Neðan við þá er grasblettur.

Utantil við Hlaðsvík gengur lítið og flatt nes í sjó fram og uppi á bakkanum þar fyrir ofan, ofantil við akveginn, er gamalt hringlaga sauðahlað. Nesið tekur nafn af þessu mannvirki og heitir **Hlað**.⁵¹ En það er um það bil miðja vega milli innri landamerkjja jarðarinnar og **Ássins** sem er innantil við túnið í Selárdal.⁵² Tóttin er um það bil 14 metrar í ummál, vallgróin og farin að síga í jörð. Í landi flestra jarða í Vestur-Ísafjarðarsýslu má finna slíkar tóttir af gömlum fjárborgum sem oftast voru hringlaga. Þessi sauðahlöð voru reist svo fé gæti leitað þar skjóls í hríðarveðrum. Þau munu oftast hafa verið með háum veggjum en þaklaus.⁵³

Frá Hlaðinu er skammur spökur út að Grísalæk sem svo heitir.⁵⁴ Nafnið bendir til þess að á fyrri öldum hafi svín verið alin í Selárdal. Grísalækur er nokkuð vatnsmikill og á upptök sín í **Tóugrenstjörn** sem liggur í **Tóugrensurð** hátt í fjallshlíðinni, fyrir ofan Hjalla.⁵⁵

Þessir **Hjallar**, er svo heita, eru reyndar aðeins einn breiður hjalli sem myndar skörp skil í hlíðinni og skiptir henni í Lægrihlíð og Hærrihlíð.⁵⁶ Þeir ná frá Ásum við dalsmynnið og inn fyrir Guludýjaholt⁵⁷ sem hér var áður nefnt (sjá bls. 4). Yst og innst eru Hjallarnir öldóttir en á þeim miðjum eru rennsléttar mýrar og nokkur aurbolt.⁵⁸ Yst á Hjöllum er óslétt slægjuland sem heitir **Ásteigur**⁵⁹ og þar uppi voru líka mógrafir rétt hjá Grísalæk, innan við urðina sem hann kemur úr.⁶⁰

Á árunum milli 1880 og 1890 voru mógrafir víðar á Hjöllumum og þá voru grafirnar uppi við hlíðina, fyrir ofan Grísalæk, nefndar *innri grafir*.⁶¹ Á árunum 1821, 1827, 1830 og 1834 var mór hins vegar ekki notaður til upphitunar í Selárdal ef marka má búnaðarskýrslur.⁶² Fólkið sem hér bjó hefur þá látið sér nægja hrís úr skóginum og kynni einnig að hafa notað sauðatað í eldinn eins og algengt var.

⁴⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 137.

⁴⁸ Sama heimild, 136-137. Kr. G. Þorv. 1946, 142 (Vestf. sagnir III. 1).

⁴⁹ Sömu heimildir.

⁵⁰ Sömu heimildir.

⁵¹ Sömu heimildir.

⁵² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

⁵³ Kr. G. Þorv. 1946, 142 (Vestf. sagnir III. 1).

⁵⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 136.

⁵⁵ Sama heimild, 134-135.

⁵⁶ Sama heimild og sama 138.

⁵⁷ Kr. G. Þorv. 1946, 139 (Vestf. sagnir III. 1).

⁵⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 134.

⁵⁹ Sama heimild, 134-135.

⁶⁰ Kr. G. Þorv. 1946, 139 (Vestf. sagnir III. 1).

⁶¹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 89.

⁶² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830 og 1834.

Grísalækjarmýri er uppi á Hjöllunum, beggja vegna við lækinn, og þrjú holt þar uppi heita **Grísalækjarholt**.⁶³ Eitt þeirra er á hjallabrúninni innan við lækinn.⁶⁴ Ein mýrin á Selárdalshjöllum heitir **Rauðkembingsmýri** og er hún rétt fyrir innan Grísalæk⁶⁵ Nafnið vekur athygli en rauðkembingur er gamalt heiti á dularfullri hvalategund sem aðeins er þekkt í þjóðsögum. Ekki er líklegt að mýrin sé kennd við hval og má vera að hún dragi nafn af gróðurlit. Svolítið innar á þessum sömu Hjöllum eru tvær starartjarnir sem heita **Álar**.⁶⁶ Utan við þær er leirpyttur sem heitir **Sortuauga**.⁶⁷ Undir yfirborði hans, á eins til eins og hálfis metra dýpi, er *leirtegund eða leðja með sérkennilegum dökkgrænum litblæ* og kallast sorta.⁶⁸ Hún var á fyrri tíð notuð til litunar ásamt sortulyngi.⁶⁹ Um 1890 var þó fyrir löngu hætt að nota sortuna með þessum hætti.⁷⁰

Við höfum nú staldrað við um sinn í fjörunni hjá Grísalæk og rennt augum í átt til fjalls. Hér var áður minnst á slægjulandið uppi á Hjöllum en á hlíðinni, skammt innan við Grísalæk, var líka heyjað. Þrjár graslágar sem þar liggja hátt í hlíð heita **Grísalækjarlágur**.⁷¹ Slægjuland var einkum í ystu og innstu láginni.⁷²

Úr fjörunni við Grísalæk er skammur spölur út á **Grísalækjarleiti** en það er hryggur sem gengur langt fram og myndar nes við fjarðarströndina.⁷³ Leiti þetta byrgir sýn að utan.⁷⁴ Í munnmælum er haft að eitt sinn hafi snjóflóð hlaupið niður Grísalækjarleiti og gengið upp í sjávarbakkana vestan við fjörðinn.⁷⁵ Kristján G. Þorvaldsson segir árið 1949 að utar á hlíðinni innan við Selárdal hafi snjóflóð hins vegar aldrei fallið svo kunnugt sé.⁷⁶ Hér utan við Grísalæk er skógurinn nokkru gisnari en fyrir innan lækinn.⁷⁷ Við fylgjum áfram fjörunni og stöndum fyrr en varir á **Götunesi** sem er að kalla beint á mótí túninu á Laugum, handan fjarðarins. Á þessu litla nesi við sjóinn lá gamla þjóðgatan ofan í fjöruna þegar komið var innan að.⁷⁸

Skammt fyrir utan Götunes er **Háaleiti**.⁷⁹ Skýring á nafninu er sú að frá Ás, sem er rétt innan við túnið í Selárdal, byrgir leiti þetta sýn *hið efra*

⁶³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 135.

⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁸ Kr. G. Þorv. 1946, 140 (Vestf. sagnir III. 1).

⁶⁹ Sama heimild.

⁷⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 3.

⁷¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 136.

⁷² Sama heimild.

⁷³ Sama heimild.

⁷⁴ Sama heimild.

⁷⁵ Sama heimild, 124.

⁷⁶ Sama heimild.

⁷⁷ Sama heimild, 138.

⁷⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 136

⁷⁹ Sama heimild.

en lengra sést inn fyrir framan það.⁸⁰ Í hlíðinni upp af Háaleiti eru þrjár graslágur sem heita **Giljalágar neðri** og enn ofar aðrar þrjár er menn nefndu **Giljalágar efri**.⁸¹ **Sniðgötur** liggja frá nýnefndum Ás og ná brún Hjallanna skammt fyrir utan Grísalæk.⁸² Þær voru heybandsvegur.⁸³ Neðri Giljalágarnar ná upp að Sniðgötum.⁸⁴ Tvær þær ytri af þremur Giljalágum efri ná hins vegar alla leið upp í Ásteig, slægjulandið á Hjöllunum.⁸⁵ Sú innsta þessara þriggja lága ber sérstakt nafn og heitir **Hauglág**.⁸⁶ Hún liggur utanvert við ávalan hrygg sem gengur fram úr Hjöllunum og endar hann í hnúk, snarbröttum að framan, sem heitir **Haugur**.⁸⁷ Lítið hvolf neðan við Haug heitir **Bolli**.⁸⁸ Það er grösugt en grýtt.

Haugurinn, sem hér var nefndur, er nær beint upp af Götunesi en frá því er svolíttill spölu út í **Stekkjartún**.⁸⁹ Utan við hana er **Stekkjartún**,⁹⁰ rétt ofan við fjöruna. Þar var áður stekkur en nú er þar allstór rétt,⁹¹ um 18 metrar á lengd og 4-5 metrar á breidd. Gamli stekkurinn, sem hér stóð áður, var að sögn í notkun þar til á árunum kringum 1830.⁹² Réttin, sem nú stendur hér á sama stað, var hins vegar ekki byggð fyrr en 1898 en tvo næstu vetur þar á undan hafði grjót verið dregið að til þeirrar byggingar.⁹³ Áður var engin rétt í Selárdal en fé rekið saman í fjörunni undir öskuhaugnum, beint fyrir neðan bæinn.⁹⁴

Ofan við gamla stekkjartúnið er **Prætubali** og þar fyrir ofan **Aurbrekka**.⁹⁵ Prætann sem balinn er kenndur við mun nú vera löngu gleymd en um hann liggja Sniðgötur,⁹⁶ heybandsvegurinn sem fyrr var nefndur.

Á Stekkjartúninu er gott að hvíla lúin bein en héðan er skammur spölu að bæjarrústunum í Selárdal. Við göngum nú frá réttinni upp á ásin sem er fáeinum metrum utar. Hann heitir **Innri-Ás** en síðan kemur **Ytri-Ás** og eru þetta í raun tveir hryggir á sama ásnum og aðeins lítil lægð á milli þeirra.⁹⁷ Við sjóinn er ásinn breiðastur og lítið nes sem gengur fram úr honum heitir **Mið-Ás**.⁹⁸ Talsvert ofar og utan við ásinn er gamla

⁸⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 136.

⁸¹ Sama heimild.

⁸² Sama heimild.

⁸³ Sama heimild.

⁸⁴ Sama heimild.

⁸⁵ Sama heimild.

⁸⁶ Sama heimild.

⁸⁷ Sama heimild.

⁸⁸ Sama heimild.

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ Sama heimild.

⁹¹ Sama heimild.

⁹² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 227.

⁹³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23. Lbs. 4407^{4to}, Sami, bls. 227.

⁹⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 226.

⁹⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 136.

⁹⁶ Sama heimild.

⁹⁷ Kr. G. Þorv. 1946, 138-139 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 134.

kvíabólið.⁹⁹ Á móts við það mjókkar hann og í hlíðinni þar fyrir ofan heitir hann bara Ás því nöfnin Innri-Ás og Ytri-Ás ná aðeins yfir neðsta hlutann.¹⁰⁰ Ásinn teygist í átt til fjalls á mörkum hlíðar og dals og ber nafnið Ás uns komið er upp á móts við **Bjarnasonarbrekku** sem er utan við hann (sjá hér bls. 74). Þar taka við **Ásar** og ná upp að **Tagli** en þarna er hryggurinn eða ásinn sums staðar tvískiptur.¹⁰¹ Taglið, sem hér var nefnt, er mjór klettahryggur sem nær frá efstu brún Ásfjalls og niður að neðstu klettum,¹⁰² beint upp af Ásnum, á mörkum hlíðar og dals.

Ásfjall innan við Selárdal stendur styrkum fótum og er mikil náttúruþrýði með sínum fögru brúnaklettum er snúa bæði að strönd og dal. Fjallsbrúnnin ofan við Tagl liggur í 579 metra hæð. Frá Taglinu neðanverðu ganga **Ásaklettar** inn efri hlíðina.¹⁰³ Þeir eru alllangt fyrir ofan Hjalla en þó mun neðar en klettaveggirnir í háfjallinu.¹⁰⁴ Klettar þessir, kenndir við Ása, ná inn fyrir gjótuna sem skilur að Ásfjall og Lásvíkurfjall.¹⁰⁵

Um Ásfjall ritar Kristján G. Þorvaldsson svo:

Fjallið er hátt og mjög þverhnipt og var af mörgum talið ófært mönnum. Svo mun þó ekki því vissa er að í því eru hillur en sökum gróðurleysis fer fé lítið í fjallið og hefur því ekki þörf krafð að ganga í það.¹⁰⁶

Við víkjum nú ofan frá Ásnum og skundum heim á bæjarhlaðið í Selárdal. Tún og dal munum við skoða síðar.

Selárdalur er forn bújörð, 12 hundruð að dýrleika samkvæmt fornu mati.¹⁰⁷ Landamerkjum jarðarinnar á móti Gilsbrekku hefur þegar verið lýst (sjá hér Gilsbrekka) en ytri landamerkin, á móti Norðureyri, eru við lækinn Míganda.¹⁰⁸ Frá bæjarhlaðinu í Selárdal eru rétt tæplega tveir kílómetrar út að merkjunum. Bærinn í Selárdal stóð mjög skammt frá sjó en ofan við túnið og brekkurnar sem taka við ofan þess skerst allmikill dalur inn í fjalllendið og heitir Selárdalur eins og jörðin. Innan við dalinn er Ásfjall en fjallið utan við hann heitir **Hafnarhorn**.¹⁰⁹ Það er hömrum þrýtt hið efra en svolítið lægra en Ásfjall, brúnnin í 534 metra hæð. Dalurinn liggur frá suðvestri til norðausturs. Nærri lætur að hann sé einn og hálfur kílómetri á lengd. Í ytri hlíð dalsins er þó nokkur gróður og einnig

⁹⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 134.

¹⁰⁰ Sama heimild.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² Sama heimild.

¹⁰³ Sama heimild.

¹⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵ Sama heimild.

¹⁰⁶ Kr. G. Þorv. 1946, 138.

¹⁰⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 136.

¹⁰⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 125.

¹⁰⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 127.

meðfram ánni sem um hann fellur.¹¹⁰ Önnur tveggja alfaraleiða úr Súgandafirði til Bolungavíkur lá fram Selárdal og um heiðina **Grárófu** yfir í Tungudal í Bolungavík (sjá hér bls. 73-81 sbr. Gilsbrekka).

Áin sem fellur um Selárdal til sjávar rétt utan við túnið heitir nú **Selárdalsá**¹¹¹ en ætla má að eldra nafn hennar sé **Selá** því að bæði dalurinn og jörðin eru kennd við á með því nafni. Sú tilgáta hefur verið orðuð að hér kunni í fyrstu að hafa verið sel frá **Botni** og hafi áin verið kennd við selið en dalurinn við ána.¹¹² Slík hugmynd er ekki með öllu fráleit og mætti reyndar eins hugsa sér sel frá Gelti sem er ysti bærinn á norðurströnd Súgandafjarðar. Vegalengdin frá Selárdal inn í Botn er liðlega sex kílómetrar og álíka langt héðan út að Gelti en þó heldur styttra sé miðið við hið forna bæjarstæði þar (sjá hér Göltur). Sel frá jörðunum Gilsbrekku og/eða Norðureyri koma varla til greina því Selárdalur er landmeiri jörð en þær báðar og því ólíklegt að þær hafi byggst á undan.

Til skýringar á nafninu þarf reyndar ekki að gera ráð fyrir neinu seli og má kalla mun líklegra að áin hafi í fyrstu verið nefnd Selá vegna selafjölda við ós hennar, dalurinn síðan Selárdalur og bænum, sem reistur var undir dalsmynninu, gefið sama nafn er fólk settist hér að. Engu verður þó slegið föstu um þetta því fullgildar heimildir skortir.

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 er bújörðinni Selárdal lýst með þessum orðum:

Útigangur er við lakari kost og bregst oftlega. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stunga lök og lítt nýtandi. Selveiði lítil, hefur áður betri verið, brúkast nú lítt.

Skipsuppsátur og búðarstöðu á jörðin tollfrí á Suðureyri mót skógarítaki. Það hefur brúkast átölulaust allt til þessa [sjá hér bls. 2-3 og Gilsbrekka – innsk. K.Ó.].

Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir móðsköflum. Kirkjuvegur langur og torsóttur yfir Súgandafjörð. Hreppamannaflutningur langur og torsóttur.¹¹³

Fram skal tekið að í Jarðabókinni stendur *undir móðsköflum* sem er augljós misritun eða prentvilla og hefur hér verið leiðrétt. Fyrir þá sem ekki þekkja orðið móður í merkingunni fjörumóður skal tekið fram að átt er við snjóskafla sem hlaðast upp í fjörum og sjórinn nær ekki að eyða frá degi til dags. Í örnefnaritgerð sinni frá árinu 1949 getur Kristján G. Þorvaldsson um fjörumóðinn sem oft myndast í Selárdal eins og víðar á norðanverðum Vestfjörðum og segir:

¹¹⁰ Kr. G. Þorv. 1951, 46-47 (Árbók F.Í.).

¹¹¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128.

¹¹² Sama heimild, 123-124.

¹¹³ Jarðab. Á. og P. VII, 136.

Í norðanátt dregur mikinn snjó af bökkunum [neðan við túnið – innsk. K.Ó.] fram á fjöruna, kallast það móður. Sem dæmi má nefna að um hvítasunnu 1910 var mannhæðarhár móður inn og niður af bænum fram á fjöru þar sem talinn var hálfvallinn sjór.

Móðurinn gat oft orðið hættulegur skepnum, gat fé flætt í vikum þar sem snjórinn hamlaði því að komast upp. Einnig gróf sjórinn oft inn undir hann og fyllti þar af þara og sölum, sem fé sótti mjög í. Var þá hætta á að stykki féllu niður á það og dræpi. Það kostaði mikla árvekni og erfiði að verja fé þessum hættum.¹¹⁴

Í jarðabók frá árinu 1805 er gerð nokkur grein fyrir búskaparskilyrðum í Selárdal og getið um hlunnindi. Þá var talið að í landi jarðarinnar mætti fá eina tunnu af fjallagrösnum á ári hverju og fimmtung úr tunnu af sellýsi,¹¹⁵ það er 24 potta (sjá hér Gilsbrekka). Í þessari sömu jarðabók er líka getið um nytjar af skóginum með líkum hætti og í Jarðabókinni frá 1710 og skilyrði til fiskveiða sögð vera álika og á Laugum.¹¹⁶ Hlunnindi af fjallagrösunum voru virt á 10 álnir, skógurinn og það sem hann hafði að bjóða á 20 álnir, aðstaðan til selveiða á 16 álnir og sá kostur að geta róið til fiskjar úr heimavör að sumarlagi á 13 og 1/3 úr alin.¹¹⁷ Jarðamatið frá 1805 var aldrei lögleitt en eins og hér má sjá töldu þeir sem þá virtu jarðirnar að vegna nýnefndra landkosta ætti Selárdalur að hækka í mati um nær 60 álnir, hálf hundruð, frá því sem ella hefði orðið niðurstaðan. Í öðrum heimildum má sjá að í Selárdal var sölvafjara talin óbrigðul¹¹⁸ og héðan var gott að stunda hrognkelsaveiði.¹¹⁹

Árið 1849 var unnið að nýju jarðamati sem að lokum var lögfest árið 1861. Í matsgerðinni frá 1849 segir um Selárdal að *skógur og beit hæg og sérlega góð* hækki landverð jarðarinnar.¹²⁰ Við þetta mat var jörðin engu að síður lækkuð úr 12 hundruðum í 11,9 hundruð.¹²¹

Við nýtt fasteignamat sem gekk í gildi árið 1922 var Selárdalsland virt á 1.300,- krónur og hús sem hér stóðu þá á 1.700,- krónur.¹²² Að þessu mati var unnið árið 1916 og þá var talið að hér mætti fleyta fram 2 kúm, 80 sauðkindum og 2 hrossum.¹²³ Af túninu fengust þá 90 hestar af töðu en engjarnar gáfu af sér 100 hesta af útheyi.¹²⁴ Matsmennirnir frá 1916 segja túnið í Selárdal vera grasgefið en óslétt og slægjulönd ógreiðfær á dreif um

¹¹⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 125.

¹¹⁵ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

¹¹⁶ Sama heimild.

¹¹⁷ Sama heimild.

¹¹⁸ Friðbert Pétursson 1966, 44 (Ársrit Sögufél. Ísf.).

¹¹⁹ Lbs. 2736⁴⁰, Magnús Hjaltason, bls. 57-59 (*Frá heiðum til hafs*).

¹²⁰ *Jarðamat 1849-1850 – Ísafj.sýsla* (handrit í Þjóðskjalasafni).

¹²¹ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861.

¹²² Fasteignabók 1921.

¹²³ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹²⁴ Sama heimild.

bithaga.¹²⁵ Beitiandið segja þeir vera gott en taka fram að hér sé snjóþungt.¹²⁶ Matjurtagarður var í Selárdal árið 1916.¹²⁷ Hann gaf af sér 2 tunnur af rótarávöxtum en var að sögn í slæmri rækt.¹²⁸

Túnið í Selárdal liggur vel við sól en norðannæðingur frá dalnum dregur úr gróðri.¹²⁹ Selárdalsá fellur til sjávar rétt utan við túnið en neðan við það eru allhár klettabakkar. Brekkur ofan við túnið byrgja sýn til dalsins og héðan sést ekki heldur inn með norðurhlíð fjarðarins því Ásinn, sem fyrr var nefndur, stendur þar í vegi. Frá bæjarhlaðinu blasir Suðureyri hins vegar við og héðan er fagurt að líta til hafs út með Geltinum.

Síðasti bærinn í Selárdal var timburhús, byggt árið 1902.¹³⁰ Það var portbyggt¹³¹ og því talið vera ein og hálf hæð.¹³² Grunnflötur þess var 4,4 x 6,3 metrar¹³³ svo það hefur verið um það bil 28 fermetrar. Við hlið þessa íbúðarhúss stóð árið 1916 skúrbygging 4,4 x 2,2 metrar að flatarmáli.¹³⁴ Í heimild frá árinu 1940 sést að utan um nokkurn hluta íbúðarhússins voru þá komnir hlífðarveggir úr steinsteypu.¹³⁵

Bæjarstæðið er auðfundið, skammt fyrir ofan sjávarbakkann. Leifar af tröppum sem stóðu við útidyrnar eru hér enn (1996) og skorsteinn úr steinsteypu liggur í brotum. Járnpípa stendur upp úr rústunum og má ætla að þar hafi vatnskraninn verið. Rétt utan við rústirnar niðar bæjarlækurinn og yfir hann hefur fyrir margt löngu verið lögð falleg hella. Hún er enn (1996) á sínum stað. Frá því á síðari hluta 18. aldar stóð jafnan bær á þessum stað¹³⁶ og má telja mjög líklegt að þetta sé fornt bæjarstæði. Á fyrstu áratugum 20. aldar sáust þó enn ummerki um annað bæjarstæði þar sem heitir **Áarhundrað efra**, skammt fyrir innan Selárdalsá,¹³⁷ en hafa ber í huga að á 18. öld var oft tvíbyli í Selárdal (sjá hér bls. 14-17) og líklegt má telja að svo hafi einnig verið fyrir.

Kargabyfi á efra Áarhundraðinu var nefnt **Hesthúspúfur** og efst í þeim voru fimm tóttir í sambyggingu og virtist líklegt að þarna hefði staðið bær.¹³⁸ Fjórar þessara tóttu stóðu í beinni röð en sú fimmta var á bak við ystu tóttina.¹³⁹ Útidyr voru aðeins sjáanlegar á ystu og innstu tóttinni og sneru báðar þessar dyr til sjávar.¹⁴⁰ Miðtóttirnar tvær voru stærstar.¹⁴¹ Við

¹²⁵ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹²⁶ Sama heimild.

¹²⁷ Sama heimild.

¹²⁸ Sama heimild.

¹²⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 124.

¹³⁰ Lbs. 3860^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 15.6.1902. Manntal 1940.

¹³¹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹³² Manntal 1940.

¹³³ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹³⁴ Sama heimild.

¹³⁵ Manntal 1940.

¹³⁶ Kr. G. Þorv. 1946, 131-132 (Vestf. sagnir III. 1).

¹³⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128-130.

¹³⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

¹³⁹ Sama heimild.

¹⁴⁰ Sama heimild.

¹⁴¹ Sama heimild.

ræktunarframkvæmdir á fyrri hluta tuttugustu aldar voru þessar fornu tóttir sléttaðar út en haft var í munnmælum að bæinn sem þarna stóð hefði snjóflóð brotið niður.¹⁴²

Selárdalur fór í eyði árið 1947 (sjá hér bls. 71) og síðustu 150 árin sem búið var á jörðinni var hér nær alltaf einbýli en þó tvíbýli fardagaárið 1828-1829 og frá 1863 til 1868¹⁴³ (sbr. hér bls. 23 og 33). Árið 1703 var tvíbýli í Selárdal og svo var einnig 1710, um 1735 og á árunum 1785-1793.¹⁴⁴ Einn bóndi bjó hins vegar á allri jörðinni um skeið á árunum milli 1753 og 1785 og ef til vill nokkuð lengi¹⁴⁵ (sbr. hér bls. 15-16). Á árunum 1790-1792 voru heimilin í Selárdal þrjú því að auk bændanna tveggja og þeirra fólks var hér húsmáður með konu og börn.¹⁴⁶

Eyrarkirkja í Skutulsfirði eignaðist Selárdal eigi síðar en um 1570. Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Eyrarkirkju frá þeim árum¹⁴⁷ en vel má vera að kirkjan hafi eignast hana þó nokkru fyrr. Sama kirkja átti Selárdal enn árið 1916¹⁴⁸ en um 1930 bjó hér sjálfseignarbóndi.¹⁴⁹ Seinna eignaðist ríkissjóður jörðina.¹⁵⁰

Um 1570 átti Eyrarkirkja aðeins tvær jarðir, Selárdal og svo Hafrafell í Skutulsfirði.¹⁵¹ Landskuld af annarri þessara jarða var þá 10 aurar en 5 ærgildi af hinni,¹⁵² það er 60 og 100 álnir. Líklegt er að hærri fjárhæðin, 100 álnir (5 ærgildi), hafi verið goldin af Selárdal sem að fornu mati var 12 hundruð að dýrleika en Hafrafell ekki nema 8 hundruð.¹⁵³ Árið 1658 urðu þeir sem hér bjuggu að greiða Eyrarkirkju 80 álnir (4 ærgildi) á ári fyrir ábúðina og hélst sú landskuld óbreytt mjög lengi.¹⁵⁴ Um miðbik nítjándu aldar var landskuldarupphæðin enn óbreytt¹⁵⁵ en í landaurareikningi svöruðu 80 álnir til tveggja þriðjunga úr kýrverði. Árið 1916 var þetta jarðarafgjald allmiklu lægra eða 68,- krónur en sú fjárhæð nam þá liðlega fjórum tíundu hlutum úr kýrverði.¹⁵⁶

Um miðbik sautjándu aldar fylgdu jörðinni þrjú innstæðukúgildi og svo mun jafnan hafa verið á átjándu öld.¹⁵⁷ Byggingarbréf frá árunum 1814, 1828 og 1849 sýna að þá voru leigukúgildin, sem jörðinni fylgdu,

¹⁴² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 130. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

¹⁴³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁴ Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. VII, 136. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁵ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

¹⁴⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁷ D.I. XV, 570.

¹⁴⁸ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹⁴⁹ Fasteignabók 1932.

¹⁵⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 39.

¹⁵¹ D.I. XV, 570.

¹⁵² Sama heimild.

¹⁵³ Jarðab. Á. og P. VII, 136 og 162.

¹⁵⁴ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Jarðab. Á. og P. VII, 136. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹⁵⁵ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁵⁶ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919. Stjórnartíðindi 1917 B, 114.

¹⁵⁷ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Jarðabók Á. og P. VII, 136. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

hins vegar bara tvö (sjá hér bls. 19-21). Í Jarðatali sínu frá árinu 1847 segir Jón Johnsen þau vera þrjú¹⁵⁸ en það hlýtur að vera rangt. Árið 1916 fylgdu jörðinni 12 leiguær,¹⁵⁹ það er tvö kúgildi, og svo mun jafnan hafa verið frá 1814.¹⁶⁰

Í byrjun 18. aldar var leiguliðunum sem bjuggu í Selárdal gert að greiða landskuldina í fiski, er þeir áttu að leggja inn í kaupstaðnum við Skutulsfjörð, en smjörleigurnar fyrir kúgildin bar þeim að færa klerkinum á Eyri¹⁶¹ og svo mun lengi hafa verið.

Lausleg athugun á fjölda búfjár í Selárdal á fyrri tíð leiðir í ljós að í byrjun 18. aldar voru hér talsvert fleiri kýr en dæmi finnast um frá 19. öld og tala sauðfjár var þá einnig hærri en almennt var á 19. öld. Í töflu 1 sem hér fylgir má sjá hver búfjártalan var á ýmsum tímum samkvæmt opinberum skýrslum en lömb, kálfar og folöld ekki talin með. Vera má að sauðfé hafi stundum verið eitthvað fleira en fram kemur í skýrslunum.

Tafla 1¹⁶²

Fjöldi búfjár í Selárdal 1710-1900

Ár	Kýr	Aðrir nautgripir	Ær	Aðrar sauðkindur	Hross
1710	5	0	30	29	1
1791	3	0	14	1	1
1821	2	0	28	20	1
1830	2	1	20	12	1
1840	3	0	16	8	1
1850	2	0	24	19	1
1860	2	0	36	26	2
1870	1	0	20	18	1
1880	2	1	35	32	2
1891	1	1	24	31	2
1900	1	1	20	19	2

Í skýrslunum sem taflan er byggð á er líka unnt að sjá hvað Selárdalsfólk átti af bátum. Árin 1791 og 1821 var hér aðeins til lítill bátur, tveggja eða þriggja manna far.¹⁶³ Árið 1830 voru hér tveir bátar, annar sexæringur eða fjöggra manna far en hinn minni.¹⁶⁴ Næstu áratugi virðist

¹⁵⁸ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁵⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹⁶⁰ Sbr. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 20-21.

¹⁶¹ Jarðab. Á. og P. VII, 136.

¹⁶² Sama heimild. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, bún.sk. 1791. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821 og 1830. VA III, 408, 412, 417, 421 og 424, bún.sk. 1840, 1850, 1860, 1870 og 1880. Skjöl Suður-eyrarhrepps varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrahrepp* 1888-1902, tíundarskýrslur 1891 og 1900.

¹⁶³ Rtk. Isl. Journ. 9, nr. 34, bún.sk. 1791. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821.

¹⁶⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1830.

bátæign fólksins í Selárdal hafa haldist óbreytt en 1870 átti það engan bát.¹⁶⁵ Árið 1880 var hins vegar kominn sexæringur eða fjöggra manna far.¹⁶⁶

Ef marka má tíundarskýrslur frá árunum 1891, 1895 og 1900 átti ekkjan sem þá bjó í Selárdal engan bát.¹⁶⁷ Hvað þetta varðar gefa skýrslurnar reyndar villandi mynd því fólkið í Selárdal mun jafnan hafa átt bát á þessum árum og lengi tvo.¹⁶⁸ Vorið 1907 eignaðist það svo vélbát en frá því er sagt hér á öðrum stað (sjá bls. 55-58).

Nöfn bænda sem bjuggu í Selárdal fyrir 1700 er hvergi að finna en árið 1703 var hér tvíbýli og hétu bændurnir Jón Jónsson og Bjarni Jónsson.¹⁶⁹ Jón þessi Jónsson var reyndar orðinn 90 ára gamall þegar manntal var tekið árið 1703¹⁷⁰ svo vel má vera að hann hafi þá verið búinn að búa hér í 60 ár eða lengur. Í manntalinu frá 1703 er reyndar tekið fram að annar Jón Jónsson, sonur hins háaldraða bónda, fari hér með búsför ráð.¹⁷¹ Sá Jón var 66 ára gamall og hér voru líka árið 1703 fjórar systur hans, allar á fimmtugsaldri.¹⁷² Tíu manneskjur voru búsettar á heimili Jóns gamla Jónssonar í Selárdal árið 1703 en fimm á hinu býlinu þar sem hjónin Bjarni Jónsson og Helga Pétursdóttir réðu húsum.¹⁷³ Bjarni var þá 56 ára en Helga 33ja ára.¹⁷⁴

Nöfn bændanna tveggja sem bjuggu í Selárdal árið 1710 voru hin sömu og verið hafði 1703, Jón Jónsson og Bjarni Jónsson.¹⁷⁵ Líklega eru þetta Jón yngri, sem fyrr var nefndur, og Bjarni sem hér bjó sjö árum fyrr. Þetta ár, 1710, bjó Jón á 9 hundruðum en Bjarni hafði aðeins 3 hundruð til ábúðar.¹⁷⁶ Munurinn á stærð búanna tveggja var þó minni en skipting jarðnæðisins gaf ástæðu til að ætla. Jón bjó með 3 kýr, 18 ær, 10 sauði, tvævetra og eldri, 10 veturgamla sauði, 18 lömb og 1 hest en Bjarni með 2 kýr, 12 ær, 3 sauði, tvævetra og eldri, 6 veturgamla sauði og 12 lömb.¹⁷⁷

Um 1735 var hér enn tvíbýli. Maður að nafni Jón Nikulásson bjó þá á öðru býlinu en á hinu Sesselja Jónsdóttir.¹⁷⁸ Geta má þess að 21 árs stúlka

¹⁶⁵ VA III, 408, 412, 417 og 421, búnaðarskýrslur 1840, 1850, 1860 og 1870.

¹⁶⁶ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

¹⁶⁷ Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrslur 1891, 1895 og 1900.

¹⁶⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11-15. Lbs. 4408^{4to}, Sami, bls. 2-3, 13, 16, 18, 55-62. Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 15.4. – 8.7.1898.

¹⁶⁹ Manntal 1703.

¹⁷⁰ Sama heimild.

¹⁷¹ Sama heimild.

¹⁷² Sama heimild.

¹⁷³ Sama heimild.

¹⁷⁴ Sama heimild.

¹⁷⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 136.

¹⁷⁶ Sama heimild.

¹⁷⁷ Sama heimild.

¹⁷⁸ Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.sýsla um 1735, eftirrit.

með sama nafni var vinnukona hér í Selárdal árið 1703¹⁷⁹ og gæti verið sú hin sama og hér stóð fyrir búi aldarþriðjungi síðar.

Árið 1753 var Árni Sigmundsson farinn að búa í Selárdal og hafði alla jörðina til ábúðar.¹⁸⁰ Svo virðist sem Árni hafi verið vel bjargálma því þetta ár tundaði hann 6 lausafjórðingur en aðeins tveir bændur í Suðureyrarhreppi tunduðu þá meira lausafé og svo presturinn á Stað.¹⁸¹ Fjórir aðrir bændur í hreppnum stóðu svo jafnfætis Árna að þessu leyti.¹⁸²

Árni Sigmundsson mun hafa búið lengi í Selárdal. Hann stóð hér fyrir búi 1753, 1762 og á árunum 1785-1788.¹⁸³ Líklegt má því telja að hann hafi búið hér óslitið í 35 ár og reyndar kynnu búskaparar hans að hafa verið enn fleiri. Í manntalinu frá 1762 er Árni Sagður vera 41 árs gamall¹⁸⁴ og ætti því að hafa fæðst um 1720. Í sömu heimild er eiginkona hans sögð vera sjö árum yngri en hún er ekki nefnd með nafni.¹⁸⁵ Árið 1762 voru í Selárdal þrjú börn þeirra hjóna, 14 ára drengur og tvær stúlkur, önnur 7 en hin 6 ára.¹⁸⁶ Hér voru þá líka tvær vinnustúlkur og einn vinnumaður.¹⁸⁷ Líklegt er að Arngerður Árnadóttir, sem var 46 ára húsfreyja á Laugum árið 1801¹⁸⁸ (sbr. hér Laugar), hafi verið dóttir Árna í Selárdal og önnur systranna tveggja sem hér voru á ungum aldri hjá foreldrum sínum árið 1762.

Í janúarmánuði árið 1786 var Árni orðinn ekkjumaður.¹⁸⁹ Hann var þá enn við bú en hafði minnkað við sig því annar bóndi var farinn að búa hér á parti úr jörðinni.¹⁹⁰ Fardagaárið 1785-1786 voru þrjú af börnum Árna hjá honum og elst þeirra Þórdís, sögð 30 ára í janúar 1786.¹⁹¹ Ætla má að hún sé önnur dætranna tveggja sem getið er um í manntalinu frá 1762 því aldurinn passar. Hin tvö börnin sem enn voru heima í Selárdal veturinn 1785-1786 voru allmiklu yngri, Eiríkur 22ja ára og Sesselja (*Cecilia*) 16 ára.¹⁹² Séra Þorsteinn Þórðarson, sem var sóknarprestur Súgfirðinga á þessum árum, segir um Árna bónda í Selárdal að hann sé *frómur og ráðvandur og sæmilega skýr*.¹⁹³

Vorið 1788 mun Árni Sigmundsson hafa hætt að búa og næsta vetur var hann *kararmaður* hjá Þórði bónda Jónssyni í Selárdal.¹⁹⁴ Árni dó hér 16. júní 1791.¹⁹⁵

¹⁷⁹ Manntal 1703.

¹⁸⁰ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹⁸¹ Sama heimild.

¹⁸² Sama heimild.

¹⁸³ Sama heimild. Manntal 1762. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁸⁴ Manntal 1762.

¹⁸⁵ Sama heimild.

¹⁸⁶ Sama heimild.

¹⁸⁷ Sama heimild.

¹⁸⁸ Manntal 1801.

¹⁸⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁰ Sama heimild.

¹⁹¹ Sama heimild.

¹⁹² Sama heimild.

¹⁹³ Sama heimild, 1786-1788.

¹⁹⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Síðustu árin sem Árni var við bú bjó hann hér í tvíbýli á móti nýnefndum Þórði Jónssyni.¹⁹⁶ Óljóst er hvenær Þórður hóf búskap í Selárdal en það mun eigi hafa verið síðar en vorið 1785.¹⁹⁷ Í janúar árið 1786 segir prestur Þórð bónda vera 37 ára og konu hans, Margréti Hákonardóttur, einu ári yngri.¹⁹⁸ Hjá þeim voru þá tvö börn þeirra Guðrún, 8 ára, og Hákon, 7 ára.¹⁹⁹ Tveimur árum síðar lætur prestur þess getið að Þórður sé *dagfarsgóður en daufur í andlegu*.²⁰⁰

Þau Þórður Jónsson og Margrét Hákonardóttir fóru frá Selárdal vorið 1792 og fluttust þá að **Bakkakoti**²⁰¹ sem var hjáleiga á **Keravíkurbökkum** í landi Staðar í Súgandafirði. Frá Bakkakoti fóru þau skömmu síðar að **Fremri-Staðarhúsum**, sem voru önnur hjáleiga frá Stað, og í örfá ár bjuggu þau á Stað en seinna í **Keflavík** (sjá hér Staður, Staðarhús fremri og Bakkakot þar). Hákon, sonur þessara hjóna, var formaður á öðrum bátanna tveggja sem reru frá **Stekkjarnesbúðunum** utan við Suðureyri árið 1815 en þeir fórust þá báðir með allri áhöfn (sjá hér Bær og Suðureyri).

Vorið 1788 fóru hjónin Nathanael Þorsteinsson og Svanborg Hákonardóttir að búa á jarðarparti hér í Selárdal og tóku þá við af Árna Sigmundssyni sem fyrr var nefndur.²⁰² Þau komu hingað frá nýnefndri hjáleigu, Fremri-Staðarhúsum (sjá hér Staður, Staðarhús fremri þar), sem einnig var nefnd **Vandræðakot**, og hér bjuggu þau í tvíbýli í fimm ár.²⁰³ Er Nathanael og Svanborg byrjuðu búhokur sitt í Selárdal voru þau bæði um 35 ára aldur.²⁰⁴ Bændurnir Þórður Jónsson og Nathanael Þorsteinsson, sem bjuggu hér saman um skeið, voru svilar því eiginkonur þeirra, Margrét og Svanborg Hákonardætur, voru systur.²⁰⁵ Vera má að Þorleifur Hákonarson, sem ýmist var húsmáður eða vinnumáður í Selárdal á árunum 1786-1792, hafi verið bróðir þeirra en hann var talsvert eldri en þær, sagður fimmtugur í janúar árið 1787.²⁰⁶ Í húsvitjanabókinni lætur prestur þess getið árið 1789 að hegðun þessa roska einhleypings í Selárdal sé *ábótavant*.

Í búnaðarskýrslu frá desembermánuði árið 1791 sést að bú svilanna í Selárdal voru misstór. Þórður bjó þá með tvær kýr, níu ær, tíu lömb, einn hrút og einn hest en Nathanael með eina kú, fimm ær, þrjú lömb og engan hest, ef marka má skýrsluna.²⁰⁷

¹⁹⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁷ Sama heimild.

¹⁹⁸ Sama heimild.

¹⁹⁹ Sama heimild.

²⁰⁰ Sama heimild.

²⁰¹ Sama heimild.

²⁰² Sama heimild.

²⁰³ Sama heimild.

²⁰⁴ Sama heimild.

²⁰⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1801, vesturamt, bls. 305.

²⁰⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁰⁷ Rtk. Isl. Journ. 9, nr. 34, búnaðarskýrslur 1791.

Eins og fyrr var nefnt fór Þórður frá Selárdal vorið 1792 en Nathanael fór héðan einu ári síðar.²⁰⁸ Hann fluttist þá að Norðureyri og átti þar heima er hann andaðist snögglega 21. febrúar 1794 (sjá hér Staður, Staðarhús fremri þar).

Fardagaárin 1790-1791 og 1791-1792 voru heimilin í Selárdal þrjú því auk Þórðar og Nathanaels og þeirra fólks átti hér heima kvæntur húsmadur sem hét Guðmundur Snjólffsson.²⁰⁹ Eiginkona hans hét Guðrún Jónsdóttir.²¹⁰ Þau voru bæði fædd um 1760 og er þau fóru héðan vorið 1792 áttu þau tvö ung börn, Jón á öðru eða þriðja ári og Borghildi á fyrsta ári.²¹¹ Um Guðmund Snjólffsson segir prestur að hann sé *ekki óskýr en misjafnt þokkaður*.²¹²

Vorið 1792 hófu hjónin Einar Magnússon og Guðrún Pálsdóttir búskap í Selárdal²¹³ og urðu þá tímamót því þau og síðan niðjar þeirra stóðu hér jafnan fyrir búi næstu 120 árin.²¹⁴ Fyrsta árið bjó Einar hér í tvíþýli á móti Nathanael Þorsteinssyni en vorið 1793 fékk hann alla jörðina til ábúðar og hélst sú skipan óbreytt þaðan í frá um hans daga.²¹⁵ Einar bjó í Selárdal til æviloka en hann andaðist 21. desember 1820 og Guðrún Pálsdóttir, ekkja hans, stóð hér fyrir búi allt til ársins 1828.²¹⁶ Hún var því húsfreyja í Selárdal í 36 ár.

Guðrún var fædd árið 1764 eða því sem næst,²¹⁷ dóttir hjónanna Páls Pálssonar og Herdísar Guðmundsdóttur á **Kvíanesi**²¹⁸ (sbr. hér Kvíanes). Guðrún húsfreyja í Selárdal var af gróinni ætt sjálfseignarbænda sem búið höfðu á Kvíanesi allt frá árinu 1616 og systur hennar þrjár urðu allar húsfreyjur í Súgandafirði (sjá hér Kvíanes).

Einar Magnússon, bóndi í Selárdal og eiginmaður Guðrúnar Pálsdóttur, var lengra að kominn. Í manntalinu frá 1816 er hann sagður vera fæddur í Kollsvík í Strandasýslu²¹⁹ en enginn bær með því nafni var til í þeirri sýslu á 18. öld²²⁰ og hefur aldrei verið svo kunnugt sé. Niðjar Einars sem fæddust í Selárdal um 1880 töldu sig vita að þessi langafi þeirra hefði fæðst á Kollsá í Bæjarhreppi í Strandasýslu²²¹ og má telja líklegt að það sé hárrétt því fólkið í Selárdal geymdi vel gamlan fróðleik. Jörðin Kollsá er við vestanverðan Hrutafjörð.

²⁰⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁰⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²¹⁰ Sama heimild.

²¹¹ Sama heimild.

²¹² Sama heimild, 1792.

²¹³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²¹⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 233.

²¹⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²¹⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1827.

²¹⁷ Manntal 1801, vesturamt, bls. 302.

²¹⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 48. Manntal 1816,700.

²¹⁹ Manntal 1816, 700.

²²⁰ Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. Manntal 1762.

²²¹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 47-49.

Einar mun hafa fæðst árið 1756 eða því sem næst²²² og á síðari hluta nítjándu aldar kunnu niðjar hans í Selárdal frá því að segja að hann hefði verið sonur Magnúsar Björnssonar, klæðavefara við *Innréttingarnar* í Reykjavík og Þuríðar Magnúsdóttur, sonardóttur séra Torfa Bjarnasonar, sem prestur var í Kirkjubólspingum við Djúp og á Stað á Snæfjallaströnd.²²³ Magnús Björnsson vefari, meintur faðir Einars í Selárdal, átti heima í Skálholtskoti í Reykjavík og var sonur Björns Magnússonar, bónda í Miðhlíð á Barðaströnd, sem var skólagenginn og stundum kvaddur til setudómarastarfa.²²⁴

Foreldrar Einars munu ekki hafa verið gift og í skjallefum heimildum verður ekki séð hvar hann var á sínum uppvaxtarárum. Niðjar hans sem bjuggu í Selárdal á árunum kringum aldamótin 1900 töldu hann hafa alist upp í Strandasýslu og verið vel kunnugan þar, *allt norður á Strandir*.²²⁵ Haft var í munnmælum að Einar hefði á yngri árum farið norður að Horni í Hornvík í Sléttuhreppi og átt þar tal við Hallvarð Hallsson,²²⁶ hinn mikla kraftamann og ferðagarp sem banaði draugum og orti sitt hvað sem víða flaug. Hallvarður mun hafa andast árið 1781 eða því sem næst²²⁷ svo vel getur verið að Einar Magnússon, sem þá var um 25 ára aldur, hafi náð að hitta hann að máli. Hallvarður var frá Horni en átti mörg síðustu árin heima í Skjaldabjarnarvík²²⁸ og hafi Einar Magnússon komið á heimili hans má ætla að það hafi verið þar²²⁹ en Skjaldabjarnarvík var nyrsti bær í Strandasýslu.

Í janúarmánuði árið 1786 var Einar kominn í Súgandafjörð og var þá þrítugur húsmaður hjá Ástríði Jónsdóttur, búandi ekkju í Botni.²³⁰ Verið getur að hann hafi komið í Súgandafjörð nokkrum árum fyrir en sóknarmannatölin ná ekki lengra aftur í tímann. Þann 29. júlí 1787 kvæntist Einar Guðrínu Pálsdóttur frá Kvíanesi, sem hér var áður nefnd,²³¹ en þá um vorið höfðu þau hafið búskap á Laugum og bjuggu þar í fimm ár.²³² Frá Laugum fluttust þau síðan að Selárdal vorið 1792 eins og hér var áður nefnt.

Merkilegt er að sjá breytilegar umsagnir prestanna á Stað um Einar Magnússon í Selárdal. Í janúarmánuði árið 1793 segir séra Þorsteinn Þórðarson að Einar sé *skikkanlegur* en *ei rétt vel að sér*.²³³ Átján árum síðar fær þessi sami bóndi hins vegar þá einkunn hjá séra Þorláki Jónssyni

²²² Manntal 1801, vesturamt, bls. 302. Manntal 1816, 700.

²²³ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 47-49. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 13. Sbr. Íslenskar æviskrár V, 22-23.

²²⁴ Ísl. æviskrár I, 237. Sbr. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 13.

²²⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 47-48.

²²⁶ Sama heimild.

²²⁷ Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar III, 53. Vestf. sagnir II, 145.

²²⁸ Sömu heimildir.

²²⁹ Sbr. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

²³⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³¹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 48.

²³² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³³ Sama heimild.

að hann sé *valinkunnur*, vel skýr og *fróður*.²³⁴ Ummæli séra Þorláks sýna að Einar hefur verið farsæll maður og notið vaxandi virðingar hjá sínum samferðamönnum. Um Guðrúnu Pálsdóttur, eiginkonu Einars, segir séra Þorlákur árið 1811 að hún sé *stillt og síðsöm* og vel upp frædd.²³⁵

Kristján G. Þorvaldsson, sem var sonarsonarsonur Einars og Guðrúnar í Selárdal, ritar svo um þennan langafa sinn:

Þau Einar og Guðrún voru bæði vel metin, dugleg og stjórnsöm og búnaðist þeim vel. Einar var maður djarfur og ákveðinn og hikaði ekki við að brjóta í bága við annarra skoðanir eða venjur. Á yngri árum hans tók hann eitt sinn gröf með fleiri mönnum. Þegar gröfin var búin stóð lærleggur af manni inn í hana svo kistan komst ekki niður. Sáu mennirnir ekki ráð til að ná leggnum nema með nokkurri fyrirhöfn. Einar tók þá til sinna ráða, sparkaði í legginn svo hann hrökk sundur og var ekki framur til fyrirstöðu. Samverkamönnunum þótti nóg um slíkar aðfarir en engu varð umbreytt. Sögð var stutt saga um eftirköstin sem þó sökuðu Einar ekkert.

*Einar rakti ætt sína til náinna skyldmenna Gissurar Einarssonar, biskups í Skálholti, en ekki er kunnugt um þann skyldleika. Margir hallmæltu þá Gissuri biskupi en Einar var á öndverðri skoðun og kunni því illa. Af mótþróa við aðra og til að votta virðingu sína fyrir þessum nafnkunna manni lét hann yngsta son sinn heita Gissur. Var þar kominn nýr Gissur Einarsson sem hann ætlaði að halda uppi minningu fyrsta lúterska biskupsins á Íslandi.*²³⁶

Enn er varðveitt byggingarbréf sem séra Hákon Jónsson á Eyri lét Einari Magnússyni í té vorið 1814.²³⁷ Í því er kveðið á um að tvö leigukúgildi skuli fylgja jörðinni²³⁸ en áður höfðu þau verið þrjú (sjá hér bls. 12-13).

Byggingarbréfið frá 1814 er merkilegt skjal og verður því tekið hér upp til birtingar. Það hljóðar svo:

Ég Hákon Jónsson, prófastur í Norður-Ísafjarðarsýslu og sóknarprestur til Eyrar við Skutulsfjörð og Hóls í Bolungavík kirkjusafnaða gjöri vitanlegt: Að ég hefi byggt og hér með byggi og heimila Eyrarkirkjújörðina Selárdal í Súgandafirði, 12 hundruð að dýrleika, frá fardögum 1814

²³⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³⁵ Sama heimild.

²³⁶ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 48-49.

²³⁷ Lbs. 3430⁴⁰, *Byggingarbréf til mönsjörs Einars Magnússonar fyrir kirkjújörðinni Selárdal í Súgandafirði*, dagsett 30.5.1814 og undirritað af séra Hákonni Jónssyni.

²³⁸ Sama heimild.

þar nú búandi landseta, Einari Magnússyni, með eftirfylgjandi skilmálum:

1. Skal landseti halda húsum jarðarinnar á sinn kostnað við leigufærða hefð án alls álags eða uppbótar af landsdrottni; sömuleiðis túni, engjum og sérhverju, ásamt innstæðu og svári út í forsvaranlegu standi þá við skilur en annars með fullgildu álagi.
2. Skal hann rækta tún og slægjuland jarðarinnar sem best hann má og verja þar til öllum áburði og má hann alls ekkert af jörðinni eða skógi hennar byggja né ljá framur en húsbóndi hans leyfi kann til að veita og ekkert húsfólk án þessa inn taka.
3. Hann hafi nákvæmt vakandi auga með að ekkert gangi undan jörðinni með hefð af landi hennar, skógi og öðrum ítökum og hlunnindum og tilkynni húsbónnda sínum ef nokkur áseilist á nokkurn hátt hans leiguland eða spillir í nokkru; standi húsbónnda sínum og að lögum skil á reka öllum sem upp bera kynni á hans lóð.
4. Hann svári lögboðinni tíund af jörðinni, haldi uppi öllum lögskilum, samt girðingum, vegabótum og nauðsynlegum greftri til vatnsveitingar og sérhverjum öðrum opinberum þyngslum sem jörðu þessari nú á liggja eða í hans ábúðartíð kynnu löglega á lögð verða.
5. Hann svári eftir jörðina árlega afgangi, nefnilega einni á, loðinni og lemdri að vorlagi og 20 pörum sölusokka eða þeirra ígildi í landskuld árlega og eftir jörðinni fylgjandi 2 ásauðarkúgildi, sem hann ábyrgist án uppbótar, 4 fjórðunga af hreinu og vel verkuðu smjöri; hvörjar skuldir eiga goldnar að vera á lögtilteknum tíma.
6. Hann sýni í öllu öðru húsbónnda sínum löglega hlýðni, hollustu og velvild, hvar á mót húsbóndi hans verndi honum óumbreytta þessa ábúðarskilmála og allan þann rétt sem af henni löglega fljóta má til hans sem landseta.
7. Ábyli sínu skal hann hafa sagt lausu innan veturnátta haustið áður hann að komanda vori vill frá jörðinni víkja.

Með framan- og ofanskriðuðum byggingarskilmálum byggist og heimilist framangreind jörð, Selárdalur í Súgandafirði, mönsjör Einari Magnússyni, sem þar nú býr til allra löglegra leiguliðanota framvegis og svo lengi hann girnist og ekkju hans ef vill eftir hans dag en má búast við, séu þeir rofnir, að verða sviptur ábúð og lögsóttur til skaðabóta og um skilmálarof. Til staðfestu er mín hönd og hjáþrykkt signet.

*Eyri við Skutulsfjörð þann 30. maí 1814.
H. Jónsson.*

Einar Magnússon, bóndi í Selárdal, dó 21. desember árið 1820 eins og hér hefur áður verið nefnt en ekkja hans, Guðrún Pálsdóttir, bjó áfram á jörðinni allt til vorsins 1828.²³⁹ Þann 4. janúar 1823 fékk hún byggingarskilmálana frá 1814 staðfesta hjá séra Eyjólfvi Kolbeinssyni sem þá var prestur á Eyri.²⁴⁰

Þann 4. janúar 1828 gaf séra Eyjólfur Kolbeinsson út nýtt byggingarbréf til handa Gissuri, syni Einars og Guðrúnar, sem þá var að hefja búskap í Selárdal.²⁴¹ Skilmálarnir sem séra Eyjólfur og Gissur Einarsson sömdu um voru nánast hinir sömu og fram koma í bréfinu frá 1814 en þó tekið fram að í stað ærinnar, sem greiða bar í landskuld, megi koma tveggja vetra sauður.²⁴² Í bréfinu frá 1828 er tekið fram að bæði landskuldina og smjörleigurnar beri ábúanda að greiða á áru hverju og færa prestinum á Eyri á lögtíð.²⁴³ Um Selárdalsskóg segir þar að *sómagæddum yngismanni, monsjör Gissuri Einarssyni*, sé líka falið að annast hann sem best, – *að sem minnst til þurrðar gangi en brúka megi hann skóginn til búsnauðsynja sinna.*²⁴⁴

Þann 29. júní 1849 voru byggingarskilmálarnir frá 1828 staðfestir án nokkurra breytinga af séra Hálfðani Einarssyni, þáverandi prest á Eyri.²⁴⁵ Þessir skilmálar héldust óbreyttir allt til ársins 1912 að öðru leyti en því að í stað 20 para af sokkum voru þá komnar 20,- krónur og geld ær í staðinn fyrir *á loðna og lembda.*²⁴⁶ Valdimar Þorvaldsson, sem átti heima í Selárdal frá 1878 til 1912, segir að kjötið af sauðnum eða ánni sem Eyrarprestur fékk héðan hafi ekki mátt vigta minna en 40 pund og mörinn ekki minna en 8 pund.²⁴⁷ Hann getur þess líka að með tveimur kúm hafi aðeins verið hægt að ala 30 ær í Selárdal og ærnar tólf, sem Eyrarkirkja átti hér, hafi því verið stór hluti af fjárstofninum.²⁴⁸ Sex ær voru í hverju kúgildi og í leigur af því bar samkvæmt Jónsbókarlögum að greiða tvo fjórðunga af smjöri. Fimm kíló voru í hverjum fjórðungi svo Selárdalsfólk varð á ári hverju að greiða 20 kíló af smjöri í leigur af þessum tólf kirkjuám sem hér stóðu inni.²⁴⁹

²³⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁴⁰ Lbs. 3430^{4to}, *Byggingarbréf til monsjörs Einars Magnússonar fyrir kirkjujörðinni Selárdal í Súganda-firði*, dagsett 30.5.1814 og undirritað af séra Hákonni Jónssyni og síðari staðfestingar á skilmálum þess.

²⁴¹ Lbs. 3430^{4to}, *Byggingarbréf mönsjörs Gissurar Einarssonar fyrir kirkjujörðinni Selárdal 1828*, dagsett 4.1.1828 og undirritað af séra Eyjólfvi Kolbeinssyni og Gissuri Einarssyni.

²⁴² Sama heimild.

²⁴³ Sama heimild.

²⁴⁴ Sama heimild.

²⁴⁵ Sama heimild ásamt meðfylgjandi staðfestingu séra Hálfðans Einarssonar, dagsettri 29.6.1849.

²⁴⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 20-21. Lbs. 4407^{4to}, Sami, bls. 230.

²⁴⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 230.

²⁴⁸ Sama heimild, 24.

²⁴⁹ Sbr. Sama heimild, 230.

Hjónin Einar Magnússon og Guðrún Pálsdóttir eignuðust sex börn, fjóra syni og tvær dætur, sem öll voru á lífi þegar faðir þeirra andaðist árið 1820.²⁵⁰ Þau voru þá á aldrinum 22ja til 32ja ára og ekkert þeirra hafði þá enn farið frá Selárdal eða gengið í hjónaband.²⁵¹ Þetta var reyndar dálítið sérstakt því að á þessum árum sluppu fáir foreldrar við að missa eitt eða fleiri börn væri hópurinn svona stór. Valdimar Þorvaldsson, sem var sonarsonur yngsta bróðurins, segir að þessi systkini frá Selárdal hafi verið *tilnefnd sem fólk mjög ráðvant og ábyggilegt til orða og verka, með þrúða framgöngu*.²⁵²

Eins og fyrr var getið hélt Guðrún Pálsdóttir áfram búskap í Selárdal að manni sínum látnum og stóð hér fyrir búi, sem ekkja, á áttunda ár. Elsti sonur Einars og Guðrúnar var Jón, fæddur 1788.²⁵³ Hann kvæntist á árunum upp úr 1820 og fluttist þá að Kvíanesi en bjó síðar í örfá ár á Norðureyri (sjá hér Norðureyri). Sveinbjörn Einarsson í Selárdal, sem fæddur var árið 1795, andaðist 1. apríl 1822²⁵⁴ en fjögur af systkinunum voru hér enn þegar móðir þeirra hætti að búa vorið 1828, Ingibjörg, Þórunn, Þórarinn og Gissur.²⁵⁵ Þórunn Einarsdóttir, sem fædd var árið 1792, giftist vorið 1825 Halldóri Eiríkssyni en hann var sonur séra Eiríks Vigfússonar, prests á Stað í Súgandafirði, og konu hans, Ragnheiðar Halldórsdóttur.²⁵⁶ Halldór fluttist þá að Selárdal og voru þau Þórunn þar í húsmennsku næstu árin.²⁵⁷

Í búnaðarskýrslu frá haustinu 1827 er Guðrún Pálsdóttir enn talin standa fyrir búinu í Selárdal²⁵⁸ en í sóknarmannatali frá marsmánuði árið 1828 eru þeir Gissur Einarsson, yngsti sonur Guðrúnar, og Halldór Eiríksson, tengdasonur hennar, sagðir búa hér í tvíbyli. Búnaðarskýrslan, sem hér var nefnd, sýnir að þeir hafa ekki tekið við að fullu og með formlegum hætti fyrr en vorið 1828, enda segir í byggingarbréfinu, sem Gissur fékk í hendur 4. janúar 1828 (sjá hér bls. 21), að honum séu veitt umráð yfir jörðinni frá næstkomandi fardögum.²⁵⁹

Guðrún Pálsdóttir telst því hafa farið með búsförð í Selárdal allt til vorsins 1828 þó að stjórntaumarnir væru að meira eða minna leyti komnir í hendur Gissurar og Halldórs síðasta árið sem hún bjó.

Halldór Eiríksson átti heima í Selárdal í fjögur ár en í bændatölu var hann hér aðeins fardagaárið 1828-1829.²⁶⁰ Hann fluttist héðan vorið 1829, ásamt Þórunni konu sinni og börnum þeirra, að Grafargili í Valþjófsdal í

²⁵⁰ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 28.

²⁵¹ Sama heimild. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁵² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

²⁵³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 28.

²⁵⁴ Sama heimild.

²⁵⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁵⁶ Ólafur Þ. Kristjánsson 1945, 154-155 (Frá ystu nesjum III).

²⁵⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁵⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1827.

²⁵⁹ Lbs. 3430^{4to}, *Byggingarbréf mönsjörs Gissurar Einarssonar fyrir kirkjujörðinni Selárdal 1828*, undirritað 4.1.1828 af séra Eyjólf Kolbeinssyni á Eyri og Gissuri Einarssyni.

²⁶⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1827.

Önundarfirði²⁶¹ og þar bjuggu þau lengi (sjá hér Grafargil). Til Þórunnar dóttur sinnar og Halldórs fór Guðrún gamla Pálsdóttir frá Selárdal árið 1834²⁶² og á Grafargili var hún enn ellefu árum síðar.²⁶³ Hún fluttist frá Grafargili til Þórarins sonar síns á Suðureyri árið 1848 og dó þar 17. nóvember á því ári.²⁶⁴

Þess hefur áður verið getið að á 120 ára tímabili, árunum 1792-1912, var jafnan einbýli í Selárdal nema það eina ár sem Halldór Eiríksson bjó hér á móti Gissuri mági sínum og svo á árunum 1864-1868 (sjá hér bls. 33). Nú kynni einhver að láta sér koma til hugar að Halldór hafi í raun verið húsmáður fardagaárið 1828-1829 og aðeins talinn til bænda fyrir misskilning eða vegna þess að sóknarpresturinn, sem var faðir hans, hafi viljað hækka þennan son sinn í sessi. Slík hugdetta á sér þó varla nokkra stoð. Vísa sem Niels Jónsson á Gelti skrifaði í almanak sitt bendir að minnsta kosti til þess að á árum sínum í Selárdal hafi Halldór komist í tölu bænda en hún er svona:

*Selárdalnum sitja á
sómarekkar glaðir.
Halldór og Gissur heita má,
hvorugur léttisinnadír.*²⁶⁵

Meiningin er líklega sú að þeir mágar hafi verið glaðværir en þó ekki léttúðugir og er þá vel.

Gissur Einarsson, sem tók við búsföráðum í Selárdal vorið 1828, var fæddur hér 17. september 1798²⁶⁶ og var því að verða þrítugur er hann byrjaði búskap. Með byggingarbréfinu, sem áður var frá sagt og út var gefið 4. janúar 1828, fékk Gissur full umráð yfir allri jörðinni frá næstu fardögum²⁶⁷ svo ljóst er að Halldór mágur hans hefur verið hér í skjóli Gissurar það eina fardagaár sem þeir bjuggu saman í tvíbýli.

Þórarinn Einarsson, bróðir Gissurar sem var liðlega einu ári eldri en hann, fór ekki frá Selárdal fyrr en vorið 1828,²⁶⁸ sama vor og Gissur fór að búa. Báðir höfðu þeir unnið heimilinu í Selárdal alla tíð og voru þá enn ókvæntir þó komnir væru um og yfir þrítugt.²⁶⁹ Líklega hefur verið erfitt að ákveða hvor þeirra ætti að taka við jörðinni og vera má að teygst hafi úr búskap gömlu konunnar, móður þeirra, af þeim sökum. Lykillinn að lausn á þessum vanda fannst haustið 1827 en þá mun hafa verið afráðið að Þórarinn gerðist á komandi vori ráðsmaður hjá ekkjunni Elínu Illugadóttur

²⁶¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Ól. Þ. Kr. 1945, 155 (Frá ystu nesjum III).

²⁶² Sóknarm.töl og pr.þj.b. Staðar í Súg. Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 48.

²⁶³ Manntal 1845.

²⁶⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁶⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 31.

²⁶⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁶⁷ Lbs. 3430^{4to}, *Byggingarbréf mönsjörs Gissurar Einarssonar fyrir kirkjujörðinni Selárdal 1828*, undirritað 4.1.1828 af séra Eyjólf Kolbeinssyni á Eyri og Gissuri Einarssyni.

²⁶⁸ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁶⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

sem bjó á Suðureyri og átt hafði Örnólf *ríka* Snæbjörnsson fyrir eiginmann (sjá hér Suðureyri). Allt gekk það eftir og þar með varð Gissuri leiðin greið í húsbóndasætið í Selárdal.

Þegar Gissur fór að búa fékk hann sér ráðskonu sem var nokkrum árum yngri en hann og hét Guðrún Ólafsdóttir.²⁷⁰ Þann 7. september 1829 var svo haldið tvöfalt brúðkaup á Suðureyri en þann dag gekk Þórarinn Einarsson frá Selárdal að eiga ekkjuna Elínu Illugadóttur og Gissur, bróðir hans, ráðskonu sína, Guðrúnu Ólafsdóttur.²⁷¹ Báðir höfðu þeir bræður þá búið með konuefnum sínum nokkuð á annað ár. Morgungjöf Þórarins til Elínar var 40 spesíur, það er 80 ríkisdalir, en Gissur gaf Guðrúnu 30 spesíur í morgungjöf.²⁷² Hið opinbera kýrverð var þá um það bil 21 ríkisdalur²⁷³ eða liðlega 10 spesíur svo andvirði morgungjafa bræðranna nam samtals liðlega sex og hálfu kýrverði.

Elín Illugadóttir á Suðureyri var orðin fimmtug þegar hún giftist Þórarni Einarssyni frá Selárdal. Þau voru því barnlaus og svo fór að aðeins tvö af sex börnum Einars Magnússonar og Guðrúnar Pálsdóttur náðu að eignast börn sem niðjar eru komnir frá.²⁷⁴ Þessi tvö voru Þórunn húsfreyja á Grafargili²⁷⁵ og Gissur bóndi í Selárdal.

Guðrún Ólafsdóttir, sem varð bústýra í Selárdal vorið 1828 og giftist Gissuri Einarssyni haustið 1829, var fædd í Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði 21. ágúst 1801 og var dóttir hjónanna Ólafs Jónssonar og Guðrúnar Sumarliðadóttur er síðast bjuggu í Mosdal í Önundarfirði.²⁷⁶ Síðustu árin sem Ólafur Jónsson lifði var hann hreppstjóri en hann var einn hinna mörgu sem týndu lífi í mannskaðanum mikla vorið 1812, þegar átta bátar úr Önundarfirði fórust á hafi úti þann 6. maí, þar af sjö með allri áhöfn (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli og Mosdalur).

Að föður sínum látnum mun Guðrún hafa alist upp, að mestu eða öllu leyti, hjá Þorvaldi Sveinssyni í Hvammi í Dýrafirði.²⁷⁷ Einn sona Þorvaldar í Hvammi hét Þorbjörn.²⁷⁸ Hann druknaði ungur að árum og er sagt að þau Guðrún hafi þá verið heitbundin.²⁷⁹

Guðrún Ólafsdóttir fluttist til Súgandafjarðar árið 1828, er hún gerðist bústýra í Selárdal,²⁸⁰ og hér átti hún síðan heima til æviloka. Á fyrsta hjúskaparári Guðrúnar og Gissurar, bónda í Selárdal, tók hún til sín móður sína, Guðrúnu Sumarliðadóttur, en gamla konan fór brátt aftur til Dýrafjarðar.²⁸¹ Hún var dóttir Sumarliða Þorvaldssonar, hreppstjóra á

²⁷⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁷¹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Lbs. 4407⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 31.

²⁷² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁷³ Skýrslur um landshagi 1858, I, 262.

²⁷⁴ Lbs. 4407⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30.

²⁷⁵ Ól. Þ. Kr. 1945, 155-156 (Frá ystu nesjum III).

²⁷⁶ Prestsþj.b. Holts í Önundarf. Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 69.

²⁷⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 71-72.

²⁷⁸ Manntal 1801, vesturamt, bls. 266-267.

²⁷⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 71-72.

²⁸⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁸¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Sveinseyri í Dýrafirði, og konu hans Guðrúnar Illugadóttur²⁸² og systir Gunnhildar Sumarliðadóttur sem druknaði í Sveinseyrarlendingu 24. ágúst 1793 (sjá hér Sveinseyri). Almennt var talið að Gunnhildur hefði strax gengið aftur og í hugum ærið margra var hún mögnuðust allra drauga í Vestur-Ísafjarðarsýslu í 150 ár. Sú var trú manna að Gunnhildur fylgdi einkum systkinum sínum og þeirra niðjum,²⁸³ m.a. fólkinu í Selárdal, en að sögn Kristjáns G. Þorvaldssonar, sem átti Guðrúnu Sumarliðadóttur fyrir langömmu, varð Selárdalsfólk aldrei vart við þessa systur hennar og lagði engan trúnað á sögurnar um Gunnhildi.²⁸⁴

Þau Gissur Einarsson og Guðrún Ólafsdóttir stýrðu búi í Selárdal í 26 ár, frá 1828 til 1854, og svo Guðrún í 12 ár enn að Gissuri látnum. Hún var því húsfreyja í Selárdal í 38 ár, tveimur árum lengur en tengdamóðir hennar, Guðrún Pálsdóttir, sem fyrr var frá sagt (sjá hér bls. 17). Ekkert af barnabörnum Gissurar Einarssonar náði að sjá þennan afa sinn en þau heyrðu margt um hann talað af kunnugum á sínum uppvaxtarárum og einn sonarsonur Gissurar lýsti honum svo síðar:

*Hann var meðalmaður á hæð, þéttur á velli og kvikur í gangi og hreyfingum, skrifaði vel, prúður og gamansamur, gerði stökur við tækifæri. Svo virðist sem hann hafi verið mikill verkmaður. Hann var smiður á tré og járn og enn (um 1950) eru til kistur úr rekavið með sterklegum skrám og lömum, að öllu smíðaðar eftir hann.*²⁸⁵

Sóknarprestur Gissurar, séra Eiríkur Vigfússon, segir árið 1834 að bóndi þessi sé *skikkanlegur og vel að sér í kristindómsþekkingu*.²⁸⁶

Að sögn kunnugra fékkst Gissur allmikið við skriftir, *skrifaði sæmilega snarhönd og prýðilegt settletur* en með því afritaði hann *margar bækur sem voru engu ólæsilegri en þó prentaðar væru*.²⁸⁷ Í Súgandafirði var lítið um búnaðarframfarir á dögum Gissurar Einarssonar. Á nokkrum bæjum, þar á meðal í Selárdal, voru þó grafnir áveituskurðir í því skyni að auka grasvöxtinn.²⁸⁸ Í búnaðarskýrslu frá árinu 1840 sést að þá var kominn hér tíu faðma langur skurður *til vatnsveitinga*.²⁸⁹

Árið 1830 bjó Gissur með 2 kýr, 1 kvígu, 20 ær, 12 gemlinga, hrúta og sauði, 10 lömb og 1 hest.²⁹⁰ Hann átti þá tvo báta og var annar þeirra sexæringur eða fjöggra manna far en hinn var minni.²⁹¹ Árið 1840 var bú Gissurar álíka stórt og verið hafði tíu árum fyrr og bjó hann þá um haustið

²⁸² Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 69.

²⁸³ Sama heimild, 70-71.

²⁸⁴ Sama heimild.

²⁸⁵ Lbs. 3430⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15.

²⁸⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁸⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 72.

²⁸⁸ VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

²⁸⁹ Sama heimild.

²⁹⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1830.

²⁹¹ Sama heimild.

með 3 kýr, 16 ær, 8 gemlinga, hrúta og sauði, 12 lömb og 1 hest.²⁹² Auk Gissurar var aðeins einn annar bóndi í Súgandafirði með þrjár kýr haustið 1840 og var það Guðmundur Arason á Kvíanesi.²⁹³ Hjá öllum hinum voru kýrnar færri. Árið 1850 voru hins vegar bara tvær kýr í Selárdal en þá voru sauðkindurnar orðnar fleiri en áður, 24 ær, 19 gemlingar, hrútar og sauðir og 24 lömb.²⁹⁴

Árin 1840 og 1850 var bátaveign Gissurar óbreytt frá því sem verið hafði 1830, einn sexæringur eða fjöggra manna far og svo annar minni bátur.²⁹⁵ Hann átti verbúð á Suðureyrarmölum²⁹⁶ (sbr. hér Suðureyri) og mun sjálfur jafnan hafa verið formaður á vorvertíðinni.²⁹⁷ Valdimar Þorvaldsson segir að menn úr innstu hreppunum við Ísafjarðardjúp hafi ætíð verið í skiprúmi hjá Gissuri og nafngreinir Jón Helgason á Látrum í Mjóafirði sem hann segir hafa verið háseta hjá Gissuri að vorinu í fjölda ára²⁹⁸ (sbr. hér Suðureyri).

Gissur Einarsson, bóndi í Selárdal, mun tvisvar hafa misst bát af völdum náttúruhamfara og stóðu báðir þessir bátar á þurru landi er þeir töpuðust.²⁹⁹ Hið fyrra sinn missti hann sexæring í hinu mannskæða snjóflóði sem féll á Norðureyri 15. desember 1836.³⁰⁰ Í Sunnanpóstinum frá árinu 1838 er sagt frá nýnefndu snjóflóði og þess meðal annars getið að það hafi tekið *sexæring er stóð við sjóinn með öllu tilheyrandi* og eyðilagt hann gjörsamlega.³⁰¹ Á frásögninni sem hér var vísað til er svo að skilja að sexæringurinn hafi staðið við sjóinn á Norðureyri en verið getur að hann hafi staðið á Suðureyrarmölum því að þar hljóp sjór á land af völdum þessa sama snjóflóðs.³⁰² Fullvíst er að snjóflóð sem féllu löngu síðar á Norðureyri ollu skemmdum á Suðureyrarmölum, m.a. á bátum.³⁰³ Í Sunnanpóstinum er ekki nefnt hver átti bátinn, sem snjóflóðið eyðilagði, en Valdimar Þorvaldsson, sem var sonarsonur Gissurar, staðhæfir að afi sinn hafi átt hann.³⁰⁴ Þá staðhæfingu er varla ástæða til að rengja því búnaðarskýrsla frá haustinu 1837 sýnir að Gissur átti þá aðeins lítinn bát, sem var tveggja eða þriggja manna far,³⁰⁵ en annars átti hann oftast tvo báta og var sá stærri fjöggra manna far eða sexæringur eins og fyrr var getið.

Að sögn Valdimars Þorvaldssonar missti Gissur bát öðru sinni vegna veðurs.³⁰⁶ Sá bátur hafði verið settur upp á Ytri-Ásinn í Selárdal vegna

²⁹² VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

²⁹³ Sama heimild.

²⁹⁴ VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

²⁹⁵ VA III, 408 og 412, búnaðarskýrslur 1840 og 1850.

²⁹⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15.

²⁹⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 74. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, 34.

²⁹⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 100.

²⁹⁹ Sama heimild, 32.

³⁰⁰ Sama heimild.

³⁰¹ Sunnanpósturinn III, bls. 61, apríl 1838.

³⁰² Sama heimild.

³⁰³ Ólafur Jónsson 1957, II, 290-294 og 340 (Skriðuföll og snjóflóð).

³⁰⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 32.

³⁰⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1837.

³⁰⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 32.

fyrirhugaðra viðgerða eða endurbóta og þaðan f auk hann.³⁰⁷ Gissur var bátasmiður³⁰⁸ og mun hafa smíðað sér nýjan bát er hann missti þennan.³⁰⁹

Á fyrstu búskaparárum Gissurar Einarssonar og Guðrúnar konu hans var stundum hjá þeim húsfólki.³¹⁰ Má þar nefna Bjarna Jónsson, sem var húsmáður í Selárdal frá 1831 til 1833, þá liðlega sextugur að aldri,³¹¹ og fardagaárið 1833-1834 voru Ingibjörg Einarsdóttir, systir Gissurar, og eiginmaður hennar hér í húsmennsku.³¹² Eiginmaður Ingibjargar hét Gísli Jónsson og í sóknarmannatali frá marsmánuði árið 1834 er hún sögð vera 44 ára en hann 27 ára.³¹³ Þau fluttust að Grafargili í Valbjófsdal vorið 1834, til Þórunnar systur Ingibjargar.³¹⁴

Gissur Einarsson og Guðrún Ólafsdóttir eignuðust fimm börn, sem öll komust upp, og var heimili þeirra oft nokkuð fjölmennt.³¹⁵ Á árunum 1839 til 1849 voru jafnan 10-15 manneskjur í Selárdal.³¹⁶ Árið 1839 voru hér 2 vinnumenn og 3 vinnukonur en flest var fólkið við húsvitjun í marsmánuði árið 1843.³¹⁷

Börnin, sem Gissur bóndi eignaðist með Guðrúnu konu sinni, fæddust öll á árunum 1830-1839 og voru þessi talin í aldursröð: Þorbjörn, Guðrún Jóhanna, Ólafur og Þorvaldur.³¹⁸ Eina dóttur eignaðist Gissur svo fram hjá konu sinni og var það Signý sem fæddist 10. október 1833.³¹⁹ Móðir hennar var Guðlaug Sigmundsdóttir sem þá var liðlega tvítug vinnukona í Selárdal³²⁰ (sbr. hér Botn). Signý var 7 mánuðum yngri en Jóhanna, hálf systir hennar, og 5 mánuðum eldri en Ólafur, hálfbróðir hennar.³²¹ Ekki verður nú séð að neinn verulegur ófriður hafi fylgt fæðingu þessa hórbarns. Móðir þess var að vísu látin fara burt og var um tíma á Suðureyri en Signý ólst upp með hálf systkininum sínum í Selárdal og náði að vaxa úr grasi.³²² Þegar hún var á fimmta ári kom móðir hennar aftur í Selárdal og giftist um það leyti Einari Brynjólfssyni.³²³ Þau Einar og Guðlaug voru þússuð saman haustið 1839 og næstu níu ár voru þau bæði vinnuhjú hjá Gissuri í Selárdal, barnsföður Guðlaugar.³²⁴ Seinna bjuggu þau skamman tíma í Botni og hefur áður verið frá þeim sagt í þessu riti (sjá hér Botn). Löngu

³⁰⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 16.

³⁰⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 72.

³⁰⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 16-17.

³¹⁰ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³¹¹ Sama heimild.

³¹² Sama heimild. Sbr. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 28.

³¹³ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³¹⁴ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

³¹⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 72. Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³¹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³¹⁷ Sama heimild.

³¹⁸ Sama heimild.

³¹⁹ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

³²⁰ Sama heimild.

³²¹ Sama heimild.

³²² Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³²³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³²⁴ Sömu heimildir.

seinna settist Guðlaug Sigmundsdóttir að í Selárdal í þriðja sinn, hjá niðjum Gissurar Einarssonar, mannsins sem hún féll með á ungum aldri, og var hér sveitarómagi þegar hún dó 13. desember 1899.³²⁵ Signý, dóttir Guðlaugar og Gissurar, fluttist burt úr Ségandafirði á árunum milli 1860 og 1870 og var haustið 1880 gift kona á Ytri-Búðum í Bolungavík.³²⁶

Árið 1842 settust hjón sem farin voru að reskjast að í Selárdal. Þau hétu Guðmundur Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir og komu frá Görðum í Önundarfirði.³²⁷ Í sóknarmannatali frá marsmánuði árið 1843 er Guðmundur sagður vera húsmáður í Selárdal³²⁸ en Valdimar Þorvaldsson staðhæfir að hann hafi verið hér heimiliskennari³²⁹ (sbr. hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Kristján G. Þorvaldsson, bróðir Valdimars, segir líka að Gissur afi þeirra hafi verið hér með heimiliskennara í einn eða tvo vetur á árunum kringum 1850.³³⁰ Líklegt er að einhver fótur sé fyrir þessu því þegar þeir bræður voru um tvítugt hér í Selárdal á síðustu árum nítjándu aldar gafst þeim kostur á að ræða daglega og árum saman við tvær gamlar konur sem hér voru samtíða Guðmundi Jónssyni veturinn 1842-1843, þær Guðlaugu Sigmundsdóttur, sem fyrr var nefnd, og Guðrúnu Gissurardóttur, sem var föðursystir þeirra.³³¹ Ætla má að nýnefnd Guðrún, sem fædd var 15. febrúar 1832,³³² hafi verið eitt af börnunum sem Guðmundur kenndi. Fróðleik um kennsluna í Selárdal um miðbik 19. aldar gátu þeir Kristján og Valdimar Þorvaldssynir líka sótt til föðurbræðra sinna, Þorbjörns Gissurarsonar á Suðureyri, sem lifði til 1905, og Ólafs Gissurarsonar á Ósi í Bolungavík sem dó 1910.³³³

Hafi Guðmundur Jónsson fengist við barnakennslu í Selárdal er líklegast að það hafi verið veturinn 1842-1843 því hér var hann aðeins búsettur þennan eina vetur. Hitt gæti þó líka verið að hann hafi kennt hér í einhverjar vikur síðar.³³⁴ Frásögn Valdimars gefur til kynna að úr röðum Ségandafirðinga hafi Gissur Einarsson í Selárdal orðið fyrstur manna til þess að ráða til sín heimiliskennara (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Líklegt er að það sé rétt en þó er hugsanlegt að enn eldri dæmi um slíkt framtak hafi fallið í gleysku. Frá Guðmundi Jónssyni, sem talinn hefur verið fyrsti barnakennarinn í Ségandafirði, er sagt hér á öðrum stað (sjá hér Garðar).

Gissur bóndi í Selárdal varð bráðkvaddur á ferð út í Staðardal 17. desember 1854.³³⁵ Hann var þá 56 ára gamall.³³⁶ Gissur varð stefnuvottur

³²⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³²⁶ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf. og Eyrrar í Skutulsf. Manntöl 1860, 1870 og 1880.

³²⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf. og Holts í Önundarf.

³²⁸ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³²⁹ Valdimar Þorvaldsson 1982, 86 (Ársrit S.Í.).

³³⁰ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 72.

³³¹ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³³² Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

³³³ Vestfirskar ættir I, 131 og 326.

³³⁴ Sbr. Hsk. á Ísafirði nr. 190. Kr.G.Þorv.: *Saga Suðureyrar og ...*, bls. 72

³³⁵ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf. Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 60.

³³⁶ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

árið 1843³³⁷ og líklega hefur hann gegnt því embætti til æviloka því sagt er að hann hafi verið í *opinberum erindum* þegar hann andaðist á leiðinni frá Suðureyri út í Staðardal.³³⁸ Frá ævilokum Gissurar segir sonarsonur hans svo:

*Hinn 17. desember 1854 var Gissur að fara út í Staðardal í einhverjum opinberum erindum. Hann var greiðgengur eins og vandi hans var til. Þegar samferðamennirnir voru komnir út í Stöðina, þá var hann kominn á miðjan Skollasand. Þar datt hann niður og var sem næst dáinn er þeir komu til hans.*³³⁹

Sú tilgáta hefur verið sett fram að Gissur hafi nýlega verið orðinn hreppstjóri þegar hann andaðist³⁴⁰ en fyrir henni finnast engin rök og fullvíst er að Guðmundur Guðmundsson á Suðureyri var hreppstjóri 20. október 1854.³⁴¹

Þegar Gissur andaðist tók ekkja hans, Guðrún Ólafsdóttir, við öllum búsför ráðum og bjó hér áfram með styrk barna sinna.³⁴² Þau voru þá á aldrinum 15-24 ára og studdu öll móður sína við búskapinn næstu ár.³⁴³ Elstur barnanna var Þorbjörn, fæddur 7. apríl 1830, og varð hann ráðsmaður á búi móður sinnar og tók við formennsku á bátnum sem faðir hans hafði átt.³⁴⁴

Veturinn 1858-1859 var Þorbjörn um tíma við smíðar á Ísafirði og kynntist þá Höllu Guðmundsdóttur, þrítugri stúlku úr Helgafellssveit á Snæfellsnesi.³⁴⁵ Halla hafði átt heima í Barðastrandarsýslu um nokkurra ára skeið en var nýlega flutt til Ísafjarðar.³⁴⁶ Sumarið 1854 hafði hún eignast dreng með kvæntum manni, Þorsteini Thorsteinsson sem þá var kaupmaður á Patreksfirði en síðar verslunarstjóri á Þingeyri og að lokum bóndi í Æðey.³⁴⁷ Sonur Höllu og Þorsteins fæddist í Otradal 4. júní 1854 og var skírður Pétur Jens.³⁴⁸ Þorsteinn játaði faðerninu allöngu síðar og þaðan í frá bar pilturinn nafnið Pétur J. Thorsteinsson. Hann varð þjóðkunnur athafnamaður og rak lengi mikla skútuútgerð og verslun á Bíldudal. Þegar Halla kom til Ísafjarðar sumarið 1858 var þessi sonur hennar 4 ára gamall en honum var snemma komið í fóstur að

³³⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 9. Dóma- og þingbók 1841-1847.

³³⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 17.

³³⁹ Sama heimild. Sbr. Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 60.

³⁴⁰ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 60.

³⁴¹ VA III, 414, búnaðarskýrslur 1854.

³⁴² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁴³ Sama heimild.

³⁴⁴ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 74.

³⁴⁵ Sama heimild.

³⁴⁶ Sama heimild.

³⁴⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 74. Ísl. æviskrár VI, 509-510.

³⁴⁸ Ísl. æviskrár IV, 171. Óðinn II, 25.

Hallsteinsnesi í Gufudalssveit og ólst hann þar upp að mestu eða öllu leyti.³⁴⁹

Sjálf var Halla fædd 23. október 1828 á bænum Efríhlíð í Helgafellssveit en þar stóðu foreldrar hennar þá fyrir búi.³⁵⁰ Þau hétu Guðmundur Sumarliðason og Solveig Sveinsdóttir.³⁵¹ Halla mun ekki hafa alist upp hjá foreldrum sínum því presturinn sem fermdi hana vorið 1842 segir að *ýmsir húsbændur hafi uppfrætt þessa stúlku*.³⁵² Hún átti þá heima í Stykkishólmi og þegar prestur færir nöfn fermingarbarnanna til bókar lætur hann þess getið að Halla sé *vel uppfrædd og skikkanleg*.³⁵³ Haustið 1845 var hún 17 ára vinnukona í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.³⁵⁴

Kynni Höllu og Þorbjörns Gissurarsonar á Ísafirði veturinn 1858-1859 leiddu til þess að hann réð hana sem vinnukonu til sín og móður sinnar og kom hún í Selárdal vorið 1859.³⁵⁵ Sagt er að á Ísafirði hafi þau Halla og Þorbjörn felld hugi saman og um kynni þeirra ritar bróðursonur Þorbjörns á þessa leið:

... Hún var frið stúlka, kát og létt í lund, vel verki farin og vel menntuð eftir því sem þá gerðist. Þau Þorbjörn og Halla felldu brátt hugi saman og varð það að hún réðist að Selárdal sem vinnukona þá um vorið. Þar var hún svo það ár og réðst til næsta árs, einnig sem vinnukona. Þegar kom fram á sumarið 1860 kom í ljós að Halla var kona ekki einsömul. Móðir Þorbjarnar komst að því að það var af hans völdum og fékk einnig vitneskju um hvernig málum þeirra var háttað. Hún [Guðrún húsfreyja í Selárdal] var mæt og mikil kona en eins og fleiri konur þeirra tíma vildi hún ráða kvonfangi og gjaforði barna sinna og henni líkaði ekki þessi ráðahagur.

Ekki verður þó annað séð en Halla hafi verið mjög myndarleg stúlka og systur Þorbjarnar minntust hennar alla tíð sem afburða konu á verklegu sviði, enda höfðu þær lært mikið af henni í hannyrðum og handavinnu. Ekki var heldur annað á þeim að heyra en samvera þeirra með Höllu hefði verið hin ánægjulegasta. Þrátt fyrir það munu þær hafa verið í anda með móður sinni í giftingarmálunum.

Hugsast getur að gömlu konunni hafi þótt Halla helst til glaðvær en þó kannske ráðið mestu að Halla hafði áður átt barn, dreng sem þá var 5 ára og var til fósturs suður í Gufudalssveit. Drengurinn hét Pétur og bar ekki nafn síns rétta föður en hafi hin siðavanda kona heyrt orðróm um hver

³⁴⁹ Lúðvík Kristjánsson 1953, 121.

³⁵⁰ Prestsþj.b. Helgafellsprestakalls.

³⁵¹ Sama heimild.

³⁵² Sama heimild.

³⁵³ Sama heimild.

³⁵⁴ Manntal 1845 og nafnalykill þess.

³⁵⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 74-75. Sbr. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

hinn rétti faðir var, sem var giftur maður, mun það ekki hafa gert Höllu álitlegri tengdadóttur í hennar augum.

Niðurstaðan varð sú að Þorbjörn varð að beygja sig fyrir vilja móður sinnar. Halla var látin fara af heimilinu. Fór hún í Botn og þar ól hún barnið 18. nóvember 1860. Var það drengur sem hlaut nafnið Kristján. Vorið eftir fór Halla úr sveitinni en drengurinn fór í Selárdal til ömmu sinnar.

Ævintýri þessu var þar með lokið en ekki er vitað hver merki það lét eftir hjá hlutaðeigendum. Þorbjörn var maður dulur og fáorður og mun enginn hafa heyrt hann minnst á þetta mál. Víst er að Halla var sem særð hind er hún fór úr Súgandafirði en vera má að tíminn hafi grætt það sár eins og svo mörg önnur. En aldrei giftist hún og aldrei var hún við karlmann kennd eftir þetta.³⁵⁶

Þessi frásögn Kristjáns G. Þorvaldssonar er allrar athygli verð og fullvíst má telja að rétt sé frá greint í aðalatriðum. Í prestsþjónustubókinni frá Stað í Súgandafirði er staðfest að Kristján Þorbjarnarson fæddist í Botni 18. nóvember 1860 og er móðirin þá sögð vera þar húskona.³⁵⁷ Í Botni hefur Halla komist í skjól Kristínar Þórarinsdóttur, sem þar var húsum ráðandi haustið 1860, en Kristín var ljósmóðir.³⁵⁸ Hún tók á móti barninu og var einn þriggja votta þegar það var skírt á heimili hennar í Botni.³⁵⁹

Sagan sem hér hefur nú verið rifjuð upp bendir til þess að Guðrún Ólafsdóttir í Selárdal, móður Þorbjörns, hafi verið stjórnsöm í meira lagi og líklega hefur Þorbirni verið annað betur gefið en einbeitni fyrst hann lét kúga sig með þessum hætti, þrítugur maðurinn.

Er Höllu Guðmundsdóttur hafði verið komið burt frá Selárdal mun Guðrún húsfreyja hafa lagt kapp á að tryggja Þorbirni sem fyrst verðugt kvonfang. Valdimar Þorvaldsson, sonarsonur hennar, segir hana hafa verið að hugsa um Guðrúnu E. Sturludóttur sem þá var ung stúlka í Dalshúsum í Valþjófsdal³⁶⁰ en varð síðar húsfreyja á Stað í Súgandafirði (sjá hér Staður). Að sögn Valdimars hvarf amma hans þó frá þeirri hugmynd er hún minntist þess að afi stúlkunnar í Dalshúsum hefði ekki séð sér fært að bjarga afa Þorbjörns, Ólafi hreppstjóra í Mosdal, í mannskaðaveðrinu mikla 1812 þegar hann fór þar framhjá og sá til hans.³⁶¹

Sá afi Guðrúnar E. Sturludóttur í Dalshúsum sem þarna er átt við hlýtur að vera föðurafi hennar, Jón Guðmundsson, bóndi á Kirkjubóli í Valþjófsdal, fæddur 1775,³⁶² en hann var einn fjögurra formanna úr Önundarfirði sem náðu landi í hinu mikla mannskaðaveðri 6. maí 1812

³⁵⁶ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 75-76.

³⁵⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁵⁸ Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵⁹ Sömu heimildir.

³⁶⁰ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36.

³⁶¹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36.

³⁶² Vestf. ættir I, 236-238.

þegar átta bátar þaðan fórust og sjö þeirra með allri áhöfn (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli).

Líklegt er að hugur Guðrúnar Ólafsdóttur, húsfreyju í Selárdal, hafi sveimað víða í leit að verðugu konuefni fyrir Þorbjörn son sinn eins og komið var. Lausnin fannst vorið 1861 og lagði Þorbjörn þá upp í bónorðsferð norður yfir Grárófu á fund Magnúsar Árnasonar í Þjóðólfstungu, sem var næsti bær norðan við heiðina, og bað sér til handa Sesselju dóttur hans sem þá var 24 ára gömul.³⁶³ Magnús tók Þorbirni vel en sagði: *Þú hefðir heldur átt að biðja um hana Rannveigu,*³⁶⁴ en hún var systir Sesselju, fjórum árum eldri, og gift öðrum manni þegar Þorbjörn bar upp bónorð sitt.³⁶⁵ Var þetta talið bera vott um hreinskilni Magnúsar og það álit hans að Þorbirni hæfði aðeins *úrvals kona*.³⁶⁶

Að sögn þeirra sem kunnugastir voru í Selárdal vildi Guðrún Ólafsdóttir helst ráða makavali allra barna sinna (sjá hér bls. 30) og svo fór að dætur hennar, Guðrún og Jóhanna Gissurardætur, pipruðu báðar og lifðu einlífi í Selárdal til æviloka.³⁶⁷ Jóhanna dó, 61 árs að aldri, 28. apríl 1894 en Guðrún systir hennar varð 73ja ára og andaðist 14. ágúst 1905.³⁶⁸ Að sögn Magnúsar Hjaltasonar var Guðrún *góð kona og gjörvileg en aldrei við karlmann kennd*.³⁶⁹

Valdimar Þorvaldsson, bróðursonur þessara systra, lætur þess reyndar getið að Ólafur Lárentíusson, síðar bóndi á Gelti, hafi beðið Guðrúnar Gissurardóttur og hún viljað taka honum en Guðrún, móðir hennar, hafi óttast geðbilun sem á hafði borið í ætt hans og honum því verið hafnað.³⁷⁰ Um biðil þennan, Ólaf Lárentíusson, kemst Valdimar svo að orði: *Hann hafði orð á sér fyrir barlóm, æðrur og nöldur, keypti óþarfa ef það var fallett, karlmenni og hraustmenni ef því var að skipta*.³⁷¹

Sami höfundur segir þær Gissurardætur í Selárdal, Guðrúnu og Jóhönnu, hafa verið taldar *best að sér í handavinnu í Súgandafirði á þeim tíma*.³⁷² Þorbjörn bróðir þeirra hafði kennt þeim að vefa og svo höfðu þær lært af Höllu.³⁷³ Guðrún Gissurardóttir var líka um eitthvert skeið hjá sýslumannsfrúnni í Ytri-Hjarðardal, að sögn Valdimars sem reyndar hefur eftir þessari frænku sinni að ekkert hefði hana *eins langað til að gera eins og að smíða*.³⁷⁴

Af börnum Guðrúnar Ólafsdóttur hefur Ólafur Gissurarson líklega verið mestur fyrir sér. Hann var sá eini sem yfirgaf Selárdal áður en móðir

³⁶³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 35. Vestf. ættir I, 307-327.

³⁶⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 35.

³⁶⁵ Vestf. ættir I, 318.

³⁶⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 35.

³⁶⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁶⁸ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁶⁹ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 57-59.

³⁷⁰ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

³⁷¹ Sama heimild.

³⁷² Sama heimild, 41.

³⁷³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41.

³⁷⁴ Sama heimild.

þeirra dó en hann fluttist 26 ára gamall norður í Bolungavík árið 1860.³⁷⁵ Hann fékk þá *fríheita- og siðferðisvottorð* hjá séra Arngrími Bjarnasyni á Stað og segir þar meðal annars:

*Hann er mætavel að sér í kristindómi ... og öðrum fögrum fræðum, að hegðun ... allri og viðkyrningu sérlega vandaður maður ... hefir áunnið sér góðan orðstír og hylli allra, fjær og nær, sem hann þekktu.*³⁷⁶

Ólafur kvæntist 27. september 1861 Kristínu Pálsdóttur, dóttur Páls Halldórssonar, bónda á Ósi í Bolungavík, og konu hans Sigríðar Bjarnadóttur.³⁷⁷ Sama dag gekk Þorbjörn Gissurarson, bróðir Ólafs, að eiga Sesselju Magnúsdóttur frá Þjóðólfstungu sem fyrr var nefnd.³⁷⁸ Brúðir þeirra bræðra, þær Kristín og Sesselja, voru hálfsysradætur.³⁷⁹ Brúðkaupsveislan var haldin á Ósi, hjá foreldrum Kristínar, og voru boðsgestir 100.³⁸⁰ Af þeim voru 80 á vegum Ólafs og Kristínar en 20 frá Þorbirni og Sesselju.³⁸¹ Var sagt að Þorbjörn hefði *viljað hafa þá fleiri.*³⁸²

Ólafur Gissurarson gerðist bóndi á Ósi og hafði þar búsförð frá 1864 til 1901.³⁸³ Hann var lengi hreppstjóri Bolvíkinga, talinn atorkumaður og *bjargvættur til lands og sjávar.*³⁸⁴

Þorbjörn bróðir hans sneri heim í Selárdal með Sesselju. Fyrstu hjúskaparárin var hann ráðsmaður á búi móður sinnar svo sem verið hafði allt frá árinu 1855 en tók árið 1863 við hálfri jörðinni³⁸⁵ (sjá einnig hér Suðureyri). Þorbjörn Gissurarson var bóndi í Selárdal í fimm ár og bjó fyrstu þrjú árin í tvíbýli á móti móður sinni en er hún andaðist, sumarið 1866, tók yngsti sonur hennar, Þorvaldur Gissurarson, við jarðarpartinum sem hún hafði búið á.³⁸⁶

Er Þorbjörn eignaðist *eigið heimili* tók hann drenginn sem hann hafði eignast með Höllu Guðmundsdóttur til sín og *annaðist Sesselja hann sem sín eigin börn.*³⁸⁷ Þegar Þorbjörn fluttist burt frá Selárdal vorið 1868 varð Kristján samt eftir hjá föðursystkinum sínum.³⁸⁸ Hann var þá sjö ára gamall og ólst að öllu leyti upp í Selárdal.³⁸⁹ Sagt er að Kristján

³⁷⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³⁷⁶ Lbs. 3430⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15.

³⁷⁷ Vestf. ættir I, 131. Sbr. þar I, 332.

³⁷⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 76.

³⁷⁹ Vestf. ættir I, 262-332. Sbr. þar bls. 131.

³⁸⁰ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 76.

³⁸¹ Sama heimild.

³⁸² Sama heimild.

³⁸³ Vestf. ættir I, 131.

³⁸⁴ Sama heimild.

³⁸⁵ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf. Sbr. Lbs. 3430⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 17, og Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 77.

³⁸⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³⁸⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 77.

³⁸⁸ Sama heimild. Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

³⁸⁹ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

Þorbjarnarson hafi verið efnispiltur og átt kost á að gerast verslunarmaður hjá Pétri, hálfbróður sínum, sem árið 1880 var að hefja verslunarrekstur á Bíldudal.³⁹⁰ Hér fór þó á annan veg því Kristján fyrst í snjóflóði innarlega á Óshlíð, milli Bolungavíkur og Hnífsdals, þann 8. mars 1880.³⁹¹ Hann var jarðsettur að Hóli í Bolungavík og næsta vor kom Halla móðir hans þangað til að ganga að legstað sonar síns.³⁹² Hún kom þá við í Selárdal.³⁹³

Í ritum Valdimars Þorvaldssonar frá Selárdal er að finna ágæta lýsingu á Þorbirni Gissurarsyni, föðurbróður hans, og segir þar meðal annars svo:

Hann [Þorbjörn] var óvenju skýr maður og skildi margt sem aðrir höfðu ekki not af. Hann leiðbeindi systur sínum með spjaldvefnað og kenndi þeim að vefa „salon”. Hann rakti upp þjötlu af fornu teppi og sagði svo fyrir hvernig átti að draga í höföld og stíga. Hann lærði tilsagnarlaust reikning af reikningsbókum Eiríks Briem með þeim leiðbeiningum sem þar voru, bæði fyrri og síðari part að mestu. ...

Hann var á yngri árum lipurmenni, hár og beinvaxinn og áhlaupamaur mikill og þá jafnstærkur mönnum sem kraftamenn voru taldir. [Sbr. hér Suðureyri]. ... Með aldrinum gerðist hann mjög varfærinn og vildi forðast allar svaðilfarir, sem hann virtist þekkja mjög vel. Hann var talinn alla tíð vitsmunamaður og öryggi fylgdi verkum hans. Í hreppsnefnd var hann eftir sextugt og þó að mjög færir menn hefðu hreppstjórn á hendi þá báru þeir ráð sín undir hann til síðustu stundar.³⁹⁴

Þorbjörn varð hreppstjóri árið 1866 og gegndi því embætti í fjögur ár.³⁹⁵ Vorið 1868 fluttust þau Sesselja frá Selárdal og hófu búskap á annarri háflendunni á Suðureyri.³⁹⁶ Þar bjuggu þau bæði til dauðadags og er nánar frá þeim sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Suðureyri). Þorbjörn Gissurarson andaðist á Suðureyri 15. mars 1905, 75 ára að aldri.³⁹⁷

Pegar Guðrún Ólafsdóttir í Selárdal féll frá 14. júní 1866 tók yngsti sonur hennar, Þorvaldur Gissurarson, við háflendunni sem hún hafði búið á síðustu árin.³⁹⁸ Þessi yngsti sonur Gissurar og Guðrúnar í Selárdal var í æsku talinn greindarpiltur og við ferminguna fékk hann þessa umsögn hjá presti: *Kann og skilur í besta máta sinn kristindóm og les rétt.* Er Þorvaldur tók við búi af móður sinni var hann að verða 27 ára gamall, fæddur 19. júlí

³⁹⁰ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 78.

³⁹¹ Sama heimild. Lbs. 4407⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 56-58.

³⁹² Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 78-79.

³⁹³ Sama heimild.

³⁹⁴ Lbs. 3430⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, 34-35.

³⁹⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 77.

³⁹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁹⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

1839, og hafði verið ráðsmaður hennar í þrjú ár.³⁹⁹ Næstu tvö árin bjó hann hér á móti Þorbirni bróður sínum en síðan einn á allri jörðinni frá 1868 til 1888.⁴⁰⁰

Er Þorvaldur hóf búskap í Selárdal var hann ókvæntur og virðist hafa farið sér hægt við leit að maka eins og venja var hjá því Selárdalsfólki. Á fyrstu búskaparárum Þorvaldar voru systur hans, Guðrún og Jóhanna, fyrir framan hjá honum og í sóknarmannatali frá 1867 er Guðrún sögð vera ráðskona á búi hans.⁴⁰¹ Vorið 1868 kom hingað liðlega tvítug bóndadóttir frá **Fremri-Vatnadal**, Ingibjörg Friðbertsdóttir að nafni, og var hún vinnukona hjá Þorvaldi í eitt ár⁴⁰² án þess að drægi til tíðinda. Vorið 1870 kom svo systir hennar, sem Sigríður hét, og var þá að verða 18 ára.⁴⁰³ Hún flentist en ekki gerði Þorvaldur henni barn fyrir en hún hafði þjónað honum sem vinnukona í hálf t fjórða ár og í hjónaband gengu þau ekki fyrir en haustið 1876⁴⁰⁴ svo ljóst er að hinn forsjáli bóndi hefur ekki viljað rasa um ráð fram.

Sigríður var dóttir Friðberts Guðmundssonar, bónda og hreppstjóra í Fremri-Vatnadal, og fyrri konu hans, Arnfríðar Guðmundsdóttur.⁴⁰⁵ Þau Sigríður og Þorvaldur eignuðust sex börn.⁴⁰⁶ Eitt þeirra var Valdimar sem margt hefur skrifað um foreldra sína og föðurfólk sitt í Selárdal. Frá fyrstu árum móður sinnar hér segir hann svo:

*Hún smalaði þegar smala vantaði, leitaði þegar vantaði af ánum, sótti þær í kletta ef þær voru þar og hún fylgdist með við alla þá vinnu sem var unnin, óf, spann, saumaði og fleira sem þar var venja að vinna heima.*⁴⁰⁷

Með vasklegri framgöngu sinni við bústörfin í sex ár náði Sigríður að ávinna sér traust og tiltrú hins varfærna húsbónda sem að lokum ákvað að biðja hennar. Haustið 1876 gaf Kristján IX Danakonungur út sérstakt leyfisbréf og gerði með því kunnugt að Þorvaldi Gissurarsyni, sem þá var orðinn hreppstjóri, og *jómfrú* Sigríði Friðbertsdóttur í Selárdal væri heimilt að ganga í hjónaband án undangenginna lýsinga af predikunarstól.⁴⁰⁸ Í bréfinu, sem enn er varðveitt, er tekið fram að til hjónavígslunnar geti þau valið sér hvaða sóknarprest sem þeim henti og vígslan megi fara fram í heimahúsum.⁴⁰⁹ Fyrir hið konunglega leyfisbréf varð Þorvaldur að greiða

³⁹⁹ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁰⁰ Sömu heimildir.

⁴⁰¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁰² Sama heimild.

⁴⁰³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁰⁴ Sömu heimildir.

⁴⁰⁵ Sömu heimildir.

⁴⁰⁶ Sömu heimildir.

⁴⁰⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 49-50.

⁴⁰⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 206. Hjónavígsluleyfi til handa Þorvaldi Gissurarsyni, hreppstjóra í Selárdal, og jómfrú Sigríði Friðbertsdóttur, gefið út af Kristjáni IX Danakonungi þann 18.10.1876.

⁴⁰⁹ Sama heimild.

16 ríkisdali og 80 skildinga.⁴¹⁰ Bréfið var undirritað í Kaupmannahöfn af forstöðumanni íslensku stjórnardeildarinnar, fyrir hönd konungs, þann 18. október 1876⁴¹¹ og hefur verið fljótt í förum yfir Atlantshafið því nákvæmlega einum mánuði síðar voru Þorvaldur og Sigríður gefin saman og fór hjónavígslan fram heima í Selárdal.⁴¹² Sigríður dóttir þeirra, sem fæddist haustið 1874, var þá að verða tveggja ára og þrjú mánuðir liðnir frá því annað barn kom undir, dóttirin Guðrún, sem fæddist 18. apríl 1877.⁴¹³ Ætla má að þessi barnsgetnaður sumarið 1876 hafi valdið því að Þorvaldur hreppstjóri í Selárdal leitaði eftir leyfi frá kóngi til að mega ganga í hjónaband án undangenginna lýsinga. Almenna reglan var sú að hjónaefni urðu að láta viðkomandi prest lýsa með sér, þrisvar sinnum, áður en kom að sjálfri hjónavígslunni. Þessar opinberu tilkynningar um fyrirhugað hjónaband viðkomandi persóna bar prestri að flytja við guðsþjónustur í sóknarkirkju brúðarinnar og til að ljúka þeim af þurfti þrjár messur og allar utan stórhátíða.⁴¹⁴ Á árunum 1863-1901 var Staðarkirkju í Súgandafirði þjónað frá Holti í Önundarfirði og mun þá oft hafa verið lítið um messur, einkum að vetrinum (sjá hér Staður). Án bréfsins frá kóngi hefði biðin eftir hjónavígslunni því getað orðið nokkuð löng en ætla má að hinum sómakæru hjónaefnum í Selárdal hafi verið nokkurt kappsmál að fá kirkjulega blessun áður en brúðurin yrði komin alveg á steypirinn í annað sinn. Annarra skýringa á undanþágubeiðninni sem send var frá Selárdal til Kaupmannahafnar þarf vart að leita.

Elsti sonur Þorvaldar og Sigríðar í Selárdal var Valdimar sem fæddist 18. ágúst 1878.⁴¹⁵ Þorvaldi föður sínum lýsir Valdimar svo:

Hann var með hærri mönnum eða um 184 sentimetrar, herðamikill og gildur að því skapi, kraftamaður og þótti gjörfulegur að vallarsýn. Við Djúp eða í Bolungavík stundaði hann sjó að vorinu og vetri þar til hann giftist en eftir það frá Suðureyrarmölum á bát sem hann átti. Á þessum árum mun hann hafa verið besta skytta í Súgandafirði. Hann vann að smíði búsaáhalda en til stærri smíða fékk hann aðra.

Sex eða sjö síðustu veturna og áður hirti hann útteitarféð og fórst það mjög vel því hann var maður laginn og hafði fjárhund og forystusauð sem voru afburðaskepnur. Með þeim gat hann rekið féð til beitar eða heim, sem hefði verið ótækt annars eða aðeins fært með mörgum mönnum. Hann bar venjulega byssu eða skóflu við fjármennskuna. Vinnumenn hafði hann venjulega tvo eða þrjá og var það úrval að mönnum, sem voru þar oftast mörg ár í einu. Í

⁴¹⁰ Hsk. á Ísaf. nr. 206. Hjónavígsluleyfi til handa Þorvaldi Gissurarsyni, hreppstjóra í Selárdal, og jómfrú Sigríði Friðbertsdóttur, gefið út af Kristjáni IX Danakonungi þann 18.10.1876

⁴¹¹ Sama heimild.

⁴¹² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴¹³ Sama heimild.

⁴¹⁴ Jón Pétursson 1890, 112-114 (*Kirkjuréttur*).

⁴¹⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 118.

Bolungavík hafði hann einn eða tvo þeirra, vetur og vor, og á þann hátt kom hann afurðum búans í verð, – að gera menn út.

Hann var ávallt glaður og kátur við menn sína og enginn vissi til að hann hefði reiðst og áhrif víns hafði hann aldrei orðið var við. ... Hann var unglingur mjög bráðþroska og fullfarið fram 18 ára og vó þá 90 kíló. Hann var allatíð mjög ósérhlífinn og brúkaði venjulega alla sína miklu krafta.⁴¹⁶

Fróðleik um bústofn Þorvaldar Gissurarsonar í Selárdal er helst að finna í búnaðarskýrslum. Árið 1870 var hann enn ókvæntur en kominn með alla jörðina til ábúðar. Ef marka má hina opinberu skýrslu var bústofninn þá sem hér segir: 1 kýr, 18 ær, 4 sauðir og hrútar, 12 gemlingar og 1 hestur.⁴¹⁷ Vorið 1870 átti Þorvaldur engan bát.⁴¹⁸ Tíu árum síðar var bú Þorvaldar orðið miklu stærra. Hann bjó þá með 2 kýr, 1 veturgamalt naut eða kvígu, 35 ær, 8 sauði og hrúta, 24 gemlinga, 2 hesta og 1 tryppi.⁴¹⁹ Bú Þorvaldar var árið 1880 hið fjórða stærsta í Suðureyrarhreppi.⁴²⁰ Stærri bústofn var aðeins hjá Ólafi Lárentíussyni í **Bæ**, Kristínu Þórarinsdóttur á Stað og Þórði Jónssyni í Botni.⁴²¹

Árið 1880 átti Þorvaldur líka bát sem mun hafa verið fjöggra manna far.⁴²² Síðasta árið sem Þorvaldur lifði var bú hans nokkru minna en verið hafði 1880 eða 2 kýr, 37 sauðkindur, að lömbum frátöldum, og 2 hestar.⁴²³

Þorvaldur Gissurarson í Selárdal var hreppstjóri frá 1873 til 1879.⁴²⁴ Sýslunefndarmaður mun hann einnig hafa verið um nokkurt skeið⁴²⁵ og var að sögn kjörinn oddviti hreppsnefndar árið sem hann dó.⁴²⁶

Í skrifum Valdimars Þorvaldssonar um föður sinn getur hann þess að Þorvaldur hafi verið góð skytta og betri skotmaður en aðrir Súgfirðingar á þeirri tíð. Hann átti þýska byssu, forhlaðning sem notaður hafði verið í stríðinu milli Frakka og Þjóðverja árið 1870.⁴²⁷ Þorvaldur skaut bæði fugl og sel.⁴²⁸ Oft náði hann að skjóta sjö eða átta seli yfir veturinn og eitt sinn urðu þeir fjórtán.⁴²⁹ Að þessu var mikil búbót. Flestir selirnir sem Þorvaldur skaut voru kópar, 30-40 kíló að þyngd, en stundum náði hann að skjóta fullorðna seli og mun sá stærsti hafa verið um 240 kíló að þyngd.⁴³⁰

⁴¹⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 18.

⁴¹⁷ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

⁴¹⁸ Sama heimild.

⁴¹⁹ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

⁴²⁰ Sama heimild.

⁴²¹ Sama heimild.

⁴²² Sama heimild. Sbr. Lbs. 4407^{4to}, V. Þorv., bls. 68 og 76. Lbs. 4408^{4to}, Sami, bls. 13, 16, 18 og 55-62.

⁴²³ Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar, tífundarskýrsla, dags. 23.6.1888.

⁴²⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴²⁵ Kr. G. Þorv. 1962, 19. (Ársrit S.Í.) Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 18.

⁴²⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 18.

⁴²⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 87.

⁴²⁸ Sama heimild, 50-51.

⁴²⁹ Sama heimild.

⁴³⁰ Sama heimild, 70 og 85.

Þennan stóra stóra gransel skaut hann á miðjum firði, fyrir innan Lauga.⁴³¹ Spik og skinn af þessari einu skepnu vigtaði um 70 kíló.

Á yngri árum og allt þar til hann kvæntist var Þorvaldur Gissurarson jafnan í skipprúmi hjá Ólafi bróður sínum á Ósi í Bolungavík, bæði á vetrar- og vorvertíð.⁴³² Frá Ósi mun Þorvaldur hafa róið í 20-30 vertíðir á árunum 1862-1876⁴³³ (sbr. hér bls. 33). Um svipað leyti og Þorvaldur kvæntist eignaðist hann fjöggra manna far.⁴³⁴ Þann bát hafði Kristján Vigfússon frá Neðri-Breiðadal í Önundarfirði smíðað um 1865 fyrir Friðbert Guðmundsson í Fremri-Vatnadal, tengdaföður Þorvaldar.⁴³⁵

Frá 1877 mun Þorvaldur jafnan hafa verið formaður á þessum bát sínum.⁴³⁶ Hann hætti þá að stunda sjó að vetrinum en reri frá Suðureyrarmölum á vorin.⁴³⁷ Sem verbúð fyrir sig og menn sína notaði Þorvaldur oftast *Naustið* sem Þorbjörn bróðir hans átti á Suðureyrarmölum⁴³⁸ (sbr. hér Suðureyri) en eina vertíð voru þeir í Oddhúsinu,⁴³⁹ fjárhúsi á Suðureyrarodda. Að sögn Valdimars Þorvaldssonar fór faðir hans jafnan í verið á annan dag páska og kom heim úr verinu laugardaginn í 12. viku sumars.⁴⁴⁰ Á árunum kringum 1885 átti Þorvaldur í Selárdal tvo báta, fjöggra manna farið, sem hér var áður nefnt, og svo minni bát sem hann hafði til ferða *innan um fjörðinn til sela- og fuglaskota* og til fiskiróðra á haustin.⁴⁴¹

Eins og fyrr var nefnt kom Þorvaldur jafnan heim úr veri laugardaginn í 12. viku sumars en þá varð hann að vera búinn að skila hásetunum þremur til síns heima en sumir þeirra voru búsettir utan Súgandafjarðar og má þar nefna Jakob Jensson frá Tungu í Önundarfirði.⁴⁴² Á búskaparárum Þorvaldar var jafnan farið í mógrafir mánudaginn í 13. viku sumars⁴⁴³ (sbr. hér bls. 5). Á þessum árum var Selárdalsfólk aðeins í einn dag við móskurðinn en seinna í tvo eða þrjá daga.⁴⁴⁴

Næsta dag var steinbítur og annar harðfiskur borinn heim frá sjónum og áður en sláttur byrjaði var oft farið í skóg í einn eða tvo daga til að rífa hrís.⁴⁴⁵ Nokkuð af hrísinu var reitt heim á hesti en talsvert af því báru menn á bakinu.⁴⁴⁶ Túnaslættinum tókst oftast að ljúka á 15-18 dögum.⁴⁴⁷ Engar

⁴³¹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 70.

⁴³² Sama heimild, 54, 63 og 67.

⁴³³ Sama heimild, 63.

⁴³⁴ Sama heimild, 54 og 67-68.

⁴³⁵ Sama heimild, 68. Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 62.

⁴³⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 54, 67-68 og 76.

⁴³⁷ Sama heimild.

⁴³⁸ Sama heimild, 76.

⁴³⁹ Sama heimild.

⁴⁴⁰ Sama heimild, 89 og 101.

⁴⁴¹ Sama heimild, 68.

⁴⁴² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 89. Lbs. 4409^{4to}, Sami, bls. 2-3.

⁴⁴³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 89.

⁴⁴⁴ Sama heimild, 89-91.

⁴⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁴⁷ Sama heimild, 92.

hlöður voru í Selárdal í tíð Þorvaldar en hann átti hverfistein.⁴⁴⁸ Allt heyið var sett í galta og tyrft yfir.⁴⁴⁹

Við engjaheyskap hélt Þorvaldur fólki sínu fram á laugardaginn í 21. viku sumars⁴⁵⁰ en að kvöldi næsta dags komu gangnamennirnir norðan úr Bolungavík og á mánudaginn var farið í göngur.⁴⁵¹ Nóttina fyrir gangnamánudaginn gistu oft 10 eða 12 gangnamenn í Selárdal á dögum Þorvaldar.⁴⁵² Kom þá skemmuloftið að góðum notum. Engin rétt var til í Selárdal á búskaparárum Þorvaldar og varð því að bæla féð að kvöldi gangnadagsins.⁴⁵³

Á haustin var unnið að endurbótum á húsum.⁴⁵⁴ Þá þurfti líka að koma heim mó og hrísi, gera upp með heyjum og ganga frá þeim fyrir veturinn.⁴⁵⁵ Á árunum um og upp úr 1880 fóru venjulega einn eða tveir vinnumenn frá Þorvaldi í ver norður í Bolungavík strax í október.⁴⁵⁶ Á Þorláksmessu eða aðfangadag jóla komu þeir heim og á jólunum fengu allir heimilismenn sem það vildu eitt eða tvö stauþ af brennivíni hjá húsbóndanum.⁴⁵⁷

Að vetrinum komu menn yfirleitt inn frá útiverkum *um og fyrir dagsetrið*.⁴⁵⁸ Þá var farið að borða miðdagsmatinn eða *nónmatinn* sem var aðalmáltíð dagsins.⁴⁵⁹ Síðan hófst kvöldvakan.⁴⁶⁰ Fjórir rokkar voru þá stundum í gangi í einu og þá var líka kembt, táin ull, undið af snældu, gerð viðá, þrjónað, þæfðir sokkar og vettlingar, elt skinn, saumuð skinnklæði og fleira.⁴⁶¹ Á kvöldvökunni las Þorvaldur oft sögu fyrir heimilisfólkið eða eitthvað úr blöðunum.⁴⁶² Sigríður, kona hans, skemmti þá líka oft með sögum og frásögnum og hafði jafnan nóg til að halda uppi skemmtun á vökunni í sex til átta vikur.⁴⁶³ Hún bauð upp á þjóðsögur, sögur úr *Púsund og einni nótt*, fornaldarsögur Norðurlanda, riddarasögur og ýmsar aðrar fornsögur en líka smásögur sem Pétur biskup Pétursson hafði þýtt.⁴⁶⁴

Sigríður húsfreyja þuldi líka rímur og ljóð á vökunni og kynni hún ekki alveg allt utanbókar sagði hún frá efni kveðskaparins.⁴⁶⁵ Hún sleppti þó öllu sem henni þótti ófagurt til frásagnar, þar á meðal draugasögum.⁴⁶⁶

⁴⁴⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 91-92.

⁴⁴⁹ Sama heimild.

⁴⁵⁰ Sama heimild, 93.

⁴⁵¹ Sama heimild.

⁴⁵² Sama heimild.

⁴⁵³ Sama heimild, 94.

⁴⁵⁴ Sama heimild.

⁴⁵⁵ Sama heimild.

⁴⁵⁶ Sama heimild.

⁴⁵⁷ Sama heimild, 98-100.

⁴⁵⁸ Sama heimild, 95.

⁴⁵⁹ Sama heimild.

⁴⁶⁰ Sama heimild.

⁴⁶¹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 95. Lbs. 3430^{4to}, Sami, bls. 41.

⁴⁶² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 95.

⁴⁶³ Sama heimild, 51.

⁴⁶⁴ Sama heimild. Sbr. Ísl. æviskrár IV, 167-168.

⁴⁶⁵ Sama heimild.

⁴⁶⁶ Sama heimild.

Væri gestur í Selárdal að vetrarlagi og í honum einhver döngun var hann látinn segja frá á vökunni eða kveða rímur.⁴⁶⁷ Húsfreyja kvað þá oft með.

Í búskapartíð Þorvaldar og Sigríðar var húslestur lesinn um hádegið á hverjum sunnudegi og einnig á öðrum helgidögum.⁴⁶⁸ Postillurnar sem lesið var úr voru þrjár og höfundar þeirra þessir: Jón biskup Vídalín, Helgi G. Thordersen biskup og Pétur Pétursson biskup.⁴⁶⁹ Postillurnar þrjár voru alltaf lesnar í sömu röð, ein á ári.⁴⁷⁰ Vídalínspostilla var því lesin þriðja hvert ár og eins var það með hinar tvær.

Auk húslestranna á sunnudögum var svo lesið guðsorð á hverju kvöldi að vetrinum, alveg frá vetrarbyrjun og fram á uppstigningardag.⁴⁷¹ Frá vetrarbyrjun og fram að jólum voru þá lesnar Hugvekjur Péturs biskups, síðan fæðingarhugvekjur frá jólum og fram að föstunni en þá tóku við föstuhugvekjur.⁴⁷² Kvöldlestrinum fylgdi sálmasöngur.⁴⁷³ Ekki var þetta látið nægja því að á föstunni var svo líka miðvikudagslestur snemma morguns áður en fólkið fór á fætur.⁴⁷⁴

Að loknum kvöldlestrinum var farið að búa um rúmin, fara í fjósið til að mjólka og þá var fólki skammtaður kvöldmaturinn.⁴⁷⁵

Í Selárdal var jafnan fært frá ánum á Jónsmessu á þessum árum og smalað var til mjalta kvölds og morgna.⁴⁷⁶ Í sláttarbyrjun, um eða upp úr miðjum júlí, fóru Þorvaldur og Sigríður jafnan ríðandi í kaupstaðarferð á Ísafjörð en börn þeirra fóru aldrei í kaupstað meðan Þorvaldur lifði.⁴⁷⁷ Á fyrstu hjúskaparárum sínum gistu Þorvaldur og Sigríður jafnan hjá séra Arna Böðvarssyni á Eyri í þessum kaupstaðarferðum því presturinn taldi að sér væri gerð óvirðing ef landsetar Eyrarkirkju gistu hjá öðrum þegar þeir komu í kaupstað.⁴⁷⁸

Þau Þorvaldur Gissurarson og Sigríður Friðbertsdóttir eignuðust tvær dætur og fjóra syni.⁴⁷⁹ Fimm þessara barna komust upp en eina dóttur misstu þau um fjöggra ára aldur árið 1881.⁴⁸⁰ Á árunum kringum 1885 var fjöldi heimilismanna í Selárdal yfirleitt á bilinu frá tólf til fimmtán⁴⁸¹ og þröngt setinn bekkurinn í baðstofunni.

⁴⁶⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 95.

⁴⁶⁸ Sama heimild, 96. Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 177.

⁴⁶⁹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 96.

⁴⁷⁰ Sama heimild.

⁴⁷¹ Sama heimild.

⁴⁷² Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 177.

⁴⁷³ Sama heimild.

⁴⁷⁴ Sama heimild.

⁴⁷⁵ Sama heimild.

⁴⁷⁶ Sama heimild, 102.

⁴⁷⁷ Sama heimild., 146. Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

⁴⁷⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 149.

⁴⁷⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁸⁰ Sömu heimildir.

⁴⁸¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Gamli torfbærinn í Selárdal stóð á sama stað og íbúðarhúsið sem reist var árið 1902⁴⁸² en í því var búið allt þar til jörðin fór í eyði.⁴⁸³ Hér hefur áður verið rætt um bæjarstæðið (sjá bls. 11).

Gissur Einarsson, sem bjó í Selárdal frá 1828 til 1854, reisti hér baðstofu sem var 11 álnir á lengd og liðlega 3,5 álnir á breidd.⁴⁸⁴ Baðstofa Gissurar, sem líklega hefur verið byggð nokkuð snemma á búskaparárum hans, var með skarsúð, sem þá var nýjung, og kom skarsúðin í stað raftanna sem áður var notast við.⁴⁸⁵ Þessi baðstofa sneri *upp og ofan*.⁴⁸⁶ Samhliða henni að utan voru göng og svo eldhús og búr.⁴⁸⁷ Eldhúsið var ofar og við lækinn.⁴⁸⁸

Þessa baðstofa rifu synir Gissurar um eða fyrir 1860 og byggðu nýja sem sneri út og inn, *upp úr eldhúsinu og efri enda baðstofunnar*.⁴⁸⁹ Með því að snúa baðstofunni við töldu þeir Gissurarsynir að hún þyldi betur veður því *innanveðrin* voru talin skæðust.⁴⁹⁰ Baðstofan sem bræðurnir byggðu var svolítið breiðari en sú gamla en lengdin var sú sama og grunnflöturinn 5 x 11 álnir sé miðað við *utanmál á viðum*.⁴⁹¹ Breidd baðstofuloftsins *innan þilja* var hins vegar 4,5 álnir⁴⁹² og lengdin þá að líkindum 10,5 álnir svo gólflöturinn hefur verið um það bil 19 fermetrar. Stafgólfin á baðstofuloftinu munu hafa verið fimm því *bilið milli sperra og bita* var 2 álnir.⁴⁹³ Veggghæð baðstofunnar var 4 álnir, 2,5 metrar, og risið 2,5 álnir, það er 1,57 metrar.⁴⁹⁴ Hún var portbyggð og veggghæð frá gólfi að súð á baðstofuloftinu um það bil 70 sentimetrar.⁴⁹⁵ Um 1875 byggði Þorvaldur Gissurarson þessa baðstofu upp í sömu stærð og í sama formi en *fullkomnari að gluggum og öllum frágangi, með stofuherbergi undir loftinu*.⁴⁹⁶ Smiðurinn að því sinni var Ebenezer Arnórsson sem þá var vinnumaður í Selárdal.⁴⁹⁷ Í þessum húsakynnum bjó fólkíð allt til ársins 1902 en dálitlar endurbætur voru þó gerðar á baðstofunni árið 1890.⁴⁹⁸

Það sem hér hefur verið sagt um stærð baðstofunnar í Selárdal og fjölda heimilisfólks sýnir að oft hefur plássíð á baðstofuloftinu verið minna en tveir fermetrar á mann og allt niður í 1,3 fermetra. Í trúverðugri heimild er fullyrt að við byggingu verbúða í Bolungavík hafi á síðustu áratugum

⁴⁸² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁴⁸³ Manntal 1940.

⁴⁸⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁴⁸⁵ Sama heimild.

⁴⁸⁶ Sama heimild.

⁴⁸⁷ Sama heimild.

⁴⁸⁸ Sama heimild.

⁴⁸⁹ Sama heimild.

⁴⁹⁰ Sama heimild.

⁴⁹¹ Sama heimild. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72-74. Lbs. 4410^{4to}, Sami, bls. 14 og 15.

⁴⁹² Sömu heimildir.

⁴⁹³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁴⁹⁴ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15.

⁴⁹⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 74.

⁴⁹⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 22.

⁴⁹⁷ Sama heimild.

⁴⁹⁸ Sama heimild. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 160.

nítjándu aldar þótt eðlilegt að gera ráð fyrir þremur til fjórum fermetrum á mann.⁴⁹⁹ Gagnlegt er að hafa þá tölu til samanburðar en þó skylt að minna á að í verbúðum höfðust eingöngu við fullorðnir karlmenn en í Selárdal og á öðrum sveitabýlum var oft mikið um börn sem þurftu minna pláss en fullorðið fólk.

Allt sem hér hefur verið ritað um baðstofuna í Selárdal er byggt á skrifum Valdimars Þorvaldssonar sem ólst upp í henni og var kominn yfir tvítugt þegar hún var rifin. Ætla má að tölur Valdimars séu mjög nálægt réttu lagi því hann var snemma gefinn fyrir mælingar og varð smiður þegar hann fór að standa á eigin fótum.

Um 1880 voru rúmin í baðstofunni fimm, fjögur í innri enda og eitt í ytri enda en um 1884 var sjötta rúminu bætt við og var það þverrúm við ytri gafl.⁵⁰⁰ Í þetta rúm fóru feðgarnir Sigurður Jónsson og Guðmundur Sigurðsson⁵⁰¹ er þeir fluttust frá Gilsbrekku í Selárdal vorið 1885 (sjá hér Gilsbrekka). Líklegt er að þverrúminu hafi verið bætt við vegna þeirrar fjölgunar. Sé litið á fjölda rúmana og fjölda heimilisfólks blasir við að flestir hinna fullorðnu hafi sofið tveir og tveir saman í rúmi og stundum munu hausarnir í hverju rúmi hafa verið þrír, tveir fullorðnir og eitt barn.⁵⁰² Breidd rúmana var 75-80 sentimetrar, auk stokksins, en bilið á milli þeirra, í innri enda baðstofunnar, liðlega einn metri.⁵⁰³ Þetta þótti gott því áður hafði verið þrengra og nú gátu rokkarnir verið tveir, hvor á mótí öðrum.⁵⁰⁴ Þyrfti einhver að ganga um varð samt að stöðva rokkana svo hægt væri að komast fram hjá þeim.⁵⁰⁵

Í innsta rúminu, við efri hlið, sváfu húsbændurnir, þau Þorvaldur og Sigríður.⁵⁰⁶ Í rúminu á mótí þeim svaf Jóhanna Gissurardóttir, systir Þorvaldar, *með höfuðið að gafl*.⁵⁰⁷ Í rúminu framan við Jóhönnu svaf Guðrún, systir hennar, *með höfuðið fram* og í rúminu þar á mótí var Guðlaug gamla Sigmundsdóttir.⁵⁰⁸ Í ytri enda baðstofunnar sváfu vinnumennirnir og börnin hjá fullorðna fólkinu í ýmsum rúmunum.⁵⁰⁹

Við endann á hverju rúmi var hilla, áföst við rúmstólpa og gekk út í súðina.⁵¹⁰ Á hverri hillu var pláss fyrir tvo aska, *ef ekki var fyrir þil eða sperra*, og þar voru þeir geymdir.⁵¹¹ Á hillum inn við gaflinn voru húslestrabækur og fleira.⁵¹² Í ytri enda baðstofunnar var auk þverrúmsins

⁴⁹⁹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 174.

⁵⁰⁰ Sama heimild, 72-76.

⁵⁰¹ Sama heimild.

⁵⁰² Sbr. Sama heimild, 75-76.

⁵⁰³ Sama heimild, 72-76.

⁵⁰⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41.

⁵⁰⁵ Sama heimild.

⁵⁰⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72-76.

⁵⁰⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72-76.

⁵⁰⁸ Sama heimild.

⁵⁰⁹ Sama heimild.

⁵¹⁰ Sama heimild.

⁵¹¹ Sama heimild.

⁵¹² Sama heimild.

eitt rúm við efri hlið en loftsgatið var þar við neðri hlið.⁵¹³ Frá þverrúminu að loftsgatinu voru 90-100 sentimetrar.⁵¹⁴ Frá rúminu sem stóð við efri hlið í ytri enda baðstofunnar var svolítið bil að næsta rúmi í innri endanum og var það pláss kallað skot.⁵¹⁵ Höftin í stiganum, sem lá upp á baðstofuloftið, voru sjö.⁵¹⁶ Árið 1884 var gamli stiginn orðinn mjög slitinn og var þá smíðaður nýr stigi.⁵¹⁷

Á baðstofuloftinu var gluggi með sex rúðum á innri gafli.⁵¹⁸ Tveir þakgluggar voru líka á súðinni og sneru til sjávar.⁵¹⁹ Þeir voru með tveimur rúðum, hvorri yfir annari.⁵²⁰

Á torfbænum, sem stóð hér í Selárdal á síðustu áratugum 19. aldar, sneru bæjardyrnar fram að sjónum.⁵²¹ Um bæjarhúsin sem þá stóðu hér ritar Valdimar Þorvaldsson svo á einum stað:

*Bæjarhúsin voru baðstofa sem sneri út og inn og eldhús sem sneri eins og átti líka að verða búr en sá endi varð aldrei fullgerður, nema yfir göngin sem sneru hornrétt við baðstofuna og var þar þilgafll með glugga í risinu. Búrið var frá eldra formi á bænum og sneri eins og göngin.*⁵²²

Bæjargöngin voru nær 8 metrar á lengd og liðlega einn og hálfur metri á breidd.⁵²³ Þegar gengið var inn göngin var búrið til vinstri handar en baðstofuhúsið og eldhúsið á hægri hönd.⁵²⁴ Búrið var 7 x 3 álnir að flatarmáli⁵²⁵ eða liðlega 8 fermetrar en eldhúsið 5 x 5 álnir⁵²⁶ eða tæplega 10 fermetrar. Í búrinu var skarsúð.⁵²⁷

Undir baðstofuloftinu var alþiljað herbergi með fjalagólfi og var það jafnan nefnt *hús*.⁵²⁸ Þetta herbergi var 4,5 x 4,5 álnir að innanmáli⁵²⁹ eða um það bil 8 fermetrar. Í dyrum þess var *spjaldahurð með litlum koparsnerlum*.⁵³⁰ Lofthæð í *húsinu* mun hafa verið um 180 sentimetrar (sjá hér bls. 41)⁵³¹ og á því var stór gluggi.⁵³² Á neðri hæð baðstofunnar voru gluggarnir reyndar tveir og 6 rúður í hvorum.⁵³³

⁵¹³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72-76.

⁵¹⁴ Sama heimild.

⁵¹⁵ Sama heimild.

⁵¹⁶ Sama heimild.

⁵¹⁷ Sama heimild.

⁵¹⁸ Sama heimild.

⁵¹⁹ Sama heimild.

⁵²⁰ Sama heimild.

⁵²¹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵²² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁵²³ Sama heimild.

⁵²⁴ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵²⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁵²⁶ Sama heimild.

⁵²⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵²⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72.

⁵²⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵³⁰ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 72.

⁵³¹ Sbr. einnig Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

Allir veggir í þessum bæjarhúsum voru mjög þykkir, flestir 2-3 metrar á þykkt.⁵³⁴ Um 1890 var látinn þilgafl í innri enda baðstofunnar og náði hann niður að syllubita,⁵³⁵ það er að segja niður á móts við bitann sem þaksperrunnar hvíldu á. Aðrir útveggir þessara húsa voru *úr torfi og hnaus*⁵³⁶ allt til loka, nema þilgaflinn á bæjargöngunum sem fyrr var nefndur.

Til húsbygginga þurfti á fyrri tíð mikið af torfi og þegar engar voru hlöðurnar var torf líka notað til að gera upp með heyjum og tyrfa yfir þau. Baðstofuþök voru að sögn Valdimars Þorvaldssonar oftast höfð fjórföld eða fimmföld en á útihúsum var tvöfalt þak látið duga.⁵³⁷ Á baðstofum voru torfþökin víða býsna þykk, allt að 30 sentimetrum.⁵³⁸ Í Selárdal var léleg torfrista en þörfin mikil.⁵³⁹ Fyrir hús og hey þurfti oft að rista 500-700 torfur á ári en lengd hvernar torfu var venjulega 4-7 fet.⁵⁴⁰ Reynt var að nýta allt torf sem í boði var í túnjöðrunum og í nánd við túnið en *að síðustu var farið að rista uppi á Hjöllum, í mýrunum, á eitt hey á ári.*⁵⁴¹ Torfið var þá þurrkað þar upp frá, bundið í bagga og reitt heim.⁵⁴² Mýrartorfið af Hjöllunum var endingarbetra en það torf sem kostur gafst á að rista í nánd við túnið.⁵⁴³

Í torfbæjunum var húsleki víða mikið vandamál og svo var einnig hér í Selárdal, ekki síst vegna þess hversu lélegt torfið var og *með því líka að sólin brenndi þau [þökin] í sundur að sumrinu.*⁵⁴⁴ Um húslekann á þessum bæ ritar Valdimar Þorvaldsson svo:

*Þegar stórrigningar voru láku öll þessi hús, nema súðin yfir baðstofunni, en þess meira rann niður með veggjunum og í stór-aftökuúrkomu lak súðin líka ef skemmdir voru í borðunum af fúa eða öðru. Væri það yfir rúmi var sett mjólkurtrog undir dropann og man ég eftir tveimur og fleiri í einu. Svo var hellt úr þeim í fötu ef of mikið kom í þau. Þegar birti eða þornaði upp hafði kvenfólkið næsta dag mikið að gera við að þrifa upp bæinn, ausa upp pollana og þerra hellurnar. En svo voru uppsprettur eða neðangangur í þessum húsum ...*⁵⁴⁵

⁵³² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵³³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41.

⁵³⁴ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁵³⁵ Sama heimild, 14-15.

⁵³⁶ Sama heimild.

⁵³⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁵³⁸ Sama heimild.

⁵³⁹ Sama heimild, 22.

⁵⁴⁰ Sama heimild.

⁵⁴¹ Sama heimild.

⁵⁴² Sama heimild.

⁵⁴³ Sama heimild.

⁵⁴⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 42.

⁵⁴⁵ Sama heimild.

og var því haft ræsi undir gólfhellunum.⁵⁴⁶

Um útihús í Selárdal verður ekki fjallað hér að sinni nema skemmuna sem hér stóð á búskaparárum Þorvaldar Gissurarsonar. Hana reisti Þorbjörn, bróðir Þorvaldar, á árunum kringum 1860.⁵⁴⁷ Skemman var mikið hús og stóð *utan til við bæinn*.⁵⁴⁸ Valdimar Þorvaldsson lýsir henni svo:

*Hún var alla tíð myndarlegasta húsið í Selárdal. Hún var 5 x 8 álnir [tæplega 16 fermetrar], portbyggð með lofti. Timburgaflar voru og skarsúð. Var hún vel mannhæð uppi og niðri. Grindin í henni var með skástoðum og fótstykjum, sem þá var óvenjulegt, enda hreyfðust ekki grind eða gaflar til síðustu stundar.*⁵⁴⁹

Hæð skemmunnar frá jörð að mæni var liðlega hálf sjöunda alin.⁵⁵⁰ Skemmugaflinn, sem sneri til sjávar, var allur úr timbri en í efri gaflinum náði timbrið frá mæni niður að syllubita.⁵⁵¹

Uppi á skemmuloftinu voru margar fatakistur en líka smærri hirslur.⁵⁵² Þær Guðrún og Jóhanna Gissurardætur, systur Þorvaldar bónda, áttu þrjár kistur hvor.⁵⁵³ Allar kistur Guðrúnar voru íslenskar en Jóhanna átti tvær íslenskar og eina útlenda sem var fallega máluð.⁵⁵⁴ Valdimar Þorvaldsson kom oft á skemmuloftið og ritar á þessa leið:

*Foreldrar mínir áttu þrjár kistur útlendar, tvær aðallega fyrir betri föt, og eina íslenska. Enginn af vinnufólkinu átti nema eina kistu sem það hafði í sparifötin og ef eitthvað var meira. Kisturnar voru meðfram veggjum, hringinn í kring en smærri ílátin innar. ... Þarna var tekið til og gerðar flatsængur til að sofa í ef fólkið á bænum varð of margt ... eða að vorinu þegar var verið að þvo og viðra baðstofuna.*⁵⁵⁵

Á neðri hæð skemmunnar var geymd kornvara og einnig kjöt.⁵⁵⁶ Þar var líka gert við amboð og unnið að ýmsum smíðum.⁵⁵⁷ Um 1894 var loftið

⁵⁴⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 42.

⁵⁴⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 216 og 66.

⁵⁴⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁵⁴⁹ Sama heimild.

⁵⁵⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15.

⁵⁵¹ Sama heimild.

⁵⁵² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 64-66.

⁵⁵³ Sama heimild.

⁵⁵⁴ Sama heimild.

⁵⁵⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 64-66.

⁵⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁵⁷ Sama heimild.

tekið úr skemmum og henni breytt í hlöðu.⁵⁵⁸ Loks var hún rifin árið 1905.⁵⁵⁹

Búskaparar Þorvalds Gissurarsonar í Selárdal urðu 22. Hann tók við búsföráðum við andlát móður sinnar sumarið 1866 (sjá hér bls. 33) og bjó hér til æviloka en andlát hans bar að þann 8. desember 1888.⁵⁶⁰ Er Þorvaldur andaðist var hann 49 ára gamall. Hann hafði löngum verið heilsuhraustur en meinsemd í lifrinni dró hann til dauða.⁵⁶¹

Eiginkona Þorvaldar, Sigríður Friðbertsdóttir, var aðeins 36 ára gömul er hún missti hann og börn þeirra voru þá enn á ungum aldri.⁵⁶² Eina dóttirin sem þau áttu á lífi var 14 ára en synirnir fjórir á aldrinum 1-10 ára.⁵⁶³ Hér horfði ekki vænlega en svo fór að hún hélt búskapnum áfram og bjó á jörðinni, ásamt börnum sínum, allt til ársins 1912.⁵⁶⁴ Á árunum 1890-1902 var hún með ráðsmann en frá vorinu 1902 stóðu tveir elstu synir hennar, þeir Valdimar og Kristján Þorvaldssynir, fyrir búinu við hlið móður sinnar.⁵⁶⁵

Hér hefur áður verið sagt nokkuð frá Sigríði Friðbertsdóttur, húsfreyju í Selárdal (sjá bls. 35-36 og 39-40), en fáeinum orðum verður nú bætt við.

Sigríður fæddist í Fremri-Vatnadal 24. júní 1852,⁵⁶⁶ á fyrsta búskaparári foreldra sinna þar en þau voru Friðbert Guðmundsson og Arnfríður Guðmundsdóttir eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 35 og Fremri-Vatnadalur). Hún ólst upp hjá foreldrum sínum í Vatnadal en mun hafa dvalist í eitt ár eða því sem næst hjá föðursystur sinni, Sigríði Guðmundsdóttur, húsfreyju í Botni, og eiginmanni hennar, Brynjólfi Jónssyni, er seinna bjuggu í Bæ.⁵⁶⁷ Hjá þeim var hún í fóstri á fimmta aldursári þegar prestur húsvitjaði í Botni í marsmánuði árið 1857 en var ári síðar komin aftur til foreldra sinna.⁵⁶⁸ Átta ára gömul byrjaði hún að smala⁵⁶⁹ og mun hafa hjálpað foreldrum sínum við búskapinn uns hún fór að heiman í fyllingu tímans og var þá að verða 18 ára.⁵⁷⁰

Hingað í Selárdal kom Sigríður frá Vatnadal vorið 1870 eins og fyrr var frá greint og átti hér heima í 42 ár. Fyrst var hún vinnukona en síðan húsfreyja í 36 ár, frá 1876 til 1912.⁵⁷¹ Margar konur voru guðræknar á 19. öldinni og frásögn sonar Sigríðar af öllum guðsorðalestrinum í Selárdal bendir til að í þeim efnum hafi móðir hans skipað sér í fremstu röð en engu að síður kunnir hún að skemmta sínu heimafólki (sjá hér bls. 39-40).

⁵⁵⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 64-66.

⁵⁵⁹ Sama heimild.

⁵⁶⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. bls. 18.

⁵⁶¹ Sama heimild.

⁵⁶² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁶³ Sömu heimildir.

⁵⁶⁴ Sömu heimildir.

⁵⁶⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 18-19.

⁵⁶⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 44-45.

⁵⁶⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁶⁸ Sama heimild.

⁵⁶⁹ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 167.

⁵⁷⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁷¹ Sama heimild.

Guðsótti Sigríðar kom meðal annars fram í því að henni var *mjög illa um* að spilað væri á spil í hennar húsum.⁵⁷² Margt hefur Sigríður lesið eða lært af frásögnum annarra ef marka má orð Valdimars, sonar hennar. Eitthvað þekkti hún til Sturlungu og var illa við Gissur jarl Þorvaldsson eins og fleirum. Þegar elsti sonur hennar og Þorvaldar í Selárdal fæddist sumarið 1878 vildi faðirinn láta drenginn heita Gissur en það gat hún ekki hugsað sér því hann hefði þá orðið alnafni Gissurar jarls.⁵⁷³ Að þessu sinni hafði Sigríður sitt fram og pilturinn var skírður Valdimar en þegar þriðji sonur þeirra hjóna fæddist, nokkrum árum síðar, varð hún að gefa eftir og var hann skírður Gissur.⁵⁷⁴ Sá piltur andaðist úr lungnabólgu, liðlega tvítugur að aldri, 17. apríl 1907.⁵⁷⁵

Á því skeiði sem Sigríður var ein mestu ráðandi í Selárdal var lítið um nýjungar í búskap. Hún fór þó á árunum upp úr 1890 að ala kálfa sem hún seldi tveggja eða þriggja vetra gamla.⁵⁷⁶ Sá sem keypti kálfana frá Selárdal var Hans Ellefsen, forstjóri hvalveiðistöðvarinnar á Sólbakka í Önundarfirði, og borgaði hann 80-100 krónur fyrir hvern kálf.⁵⁷⁷ Farið var með kálfana vestur að Sólbakka og fór Sigríður stundum sjálf í þær ferðir.⁵⁷⁸ Segir hér nánar frá viðskiptum hennar við Ellefsen á öðrum stað (sjá bls. 58-59). Halldór Guðmundsson, verkamaður á Suðureyri, sem þekkti Sigríði allvel, lýsir henni svo:

*Sigríður Friðbertsdóttir var djúphyggin og göfug kona og góðkvenið hið mesta. Hún var trúuð og guðelskandi manneskja í þess orðs bestu merkingu, enda bar bragur heimilis hennar órækt vitni þess.*⁵⁷⁹

Ekkja þessi í Selárdal hefur líklega verið hjartagóð. Til þess bendir einkum sú staðreynd að á árunum um og eftir aldamótin tók hún að sér sex börn frá heimilum sem áttu í erfiðleikum og gaf þeim öllum kost á að dveljast árum saman hjá sér í Selárdal.⁵⁸⁰ Flest þessara barna komu til hennar á aldrinum 6-12 ára og fóru ekki frá henni fyrr en þau voru farin að geta bjargað sér.⁵⁸¹

Sigríður Friðbertsdóttir fluttist með börnunum sínum frá Selárdal í þorpið á Suðureyramölum árið 1912.⁵⁸² Hún var þá sextug að aldri en lifði

⁵⁷² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 106.

⁵⁷³ Sama heimild, 119.

⁵⁷⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁷⁵ Sama heimild. Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 57-59.

⁵⁷⁶ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 47.

⁵⁷⁷ Sama heimild.

⁵⁷⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 162-167.

⁵⁷⁹ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 227-232.

⁵⁸⁰ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 183-185. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁸¹ Sömu heimildir.

⁵⁸² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

enn í nær þriðjung aldar. Kúna sína mjólkaði hún fram yfir nírætt og var orðinn 92ja ára er hún andaðist 16. janúar 1945.⁵⁸³

Þegar Þorvaldur bóndi Gissurarson andaðist, snemma á jólaföstu árið 1888, voru þrír vinnumenn í Selárdal og studdist ekkjan við þá í sínum búskap næstu mánuði og misseri, allt til vorsins 1890.⁵⁸⁴ Einn þessara manna var Sigurður Sigurðsson, sem fæddist 22. september 1858 í Bæ í Súgandafirði.⁵⁸⁵ Á síðustu ævidögum Þorvaldar fékk hann Sigurð til að sinna þeim daglegu verkum við hirðingu búfjár sem hann hafði sjálfur annast meðan heilsan leyfði.⁵⁸⁶ Um Sigurð þennan kemst sonur Þorvaldar svo að orði að hann hafi verið *sérlega hjartagóður og dyggðahjú*.⁵⁸⁷ Sigurður Sigurðsson og hinir tveir vinnumennirnir voru áfram í Selárdal fardagaárið 1889-1890⁵⁸⁸ en bersýnilegt var að búið þurfti á ráðsmanni að halda. Forgöngu um að útvega ekkjunni í Selárdal einn slíkan höfðu þeir Þorbjörn Gissurarson á Suðureyri, sem var mágur hennar, og Jóhannes Hannesson, hreppstjóri í Botni.⁵⁸⁹ Haustið 1889 eða næsta vetur náðu þeir að semja við Jóhann Þórðarson, sem þá átti heima í Bæ, um að gerast ráðsmaður hjá Sigríði Friðbertsdóttur í Selárdal.⁵⁹⁰

Jóhann var fæddur á Ytri-Veðrará í Önundarfirði 8. maí 1851, sonur hjónanna Þórðar Andréssonar og Jóhönnu Guðmundsdóttur sem þar bjuggu um skeið.⁵⁹¹ Hann ólst upp í Önundarfirði en mun hafa flust til Súgandafjarðar frá Ósi í Bolungavík árið 1883.⁵⁹² Foreldrar hans voru þá við búskap í Bæ í Súgandafirði og þar átti Jóhann heima næstu árin (sjá hér Bær), allt þar til hann gerðist ráðsmaður í Selárdal. Vera má að leitað hafi verið til Jóhanns vegna skyldleika hans við ekkjuna í Selárdal en þau Sigríður voru systrabörn.⁵⁹³

Jóhann var ráðinn upp á vinnumannskaup, sem var 60,- krónur á ári, auk fæðis og fata, og vegna stjórnunarstarfa sem honum var ætlað að sinna við búreksturinn var átta kinda eldi bætt ofan á vinnumannskaupið.⁵⁹⁴ Hann kom í Selárdal á föstudaginn langa eða laugardaginn fyrir páska vorið 1890 og tók þá þegar til starfa.⁵⁹⁵ Búi Sigríðar Friðbertsdóttur veitti hann forstöðu, sem ráðsmaður, næstu 11 eða 12 árin og átti heima í Selárdal allt til ársins 1907.⁵⁹⁶

⁵⁸³ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 176.

⁵⁸⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8-11 og 150-151.

⁵⁸⁵ Sama heimild. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁸⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 1-12.

⁵⁸⁷ Sama heimild, 150-151.

⁵⁸⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19.

⁵⁸⁹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁵⁹⁰ Sama heimild.

⁵⁹¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar II, 73.

⁵⁹² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁵⁹³ Ól. Þ. Kr. 1949, 105-108 (Frá ystu nesjum V).

⁵⁹⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 13. Lbs. 4408^{4to}, Sami, bls. 36. Sbr. Þorvaldur Thoroddsen / Lýsing Íslands IV, 351-359.

⁵⁹⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 13.

⁵⁹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súg. Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 44-45. Lbs. 4407^{4to}, Sami bls. 13-14.

Valdimar Þorvaldsson, sem var á tólfta ári þegar Jóhann kom í Selárdal, minnst víða á ráðsmanninn í skrifum sínum og lýsir honum svo á einum stað:

Jóhann var frekar í minna lagi meðalmaður að stærð, sívalur á vöxt, með dökkt hár og gulbrúnt yfirvararskegg. Meðalmaður talinn til flestra verka, ekki talinn afburðamaður í neinu, hafði löngun til nautna sem hann vandist á, til dæmis tóbak, vín og kaffi, en hann var svo sjálfstæður að hann gat brúkað vín í hófi og sást það víðar. Frekar var hann virðingargjarn og þótti vænt um lofið.⁵⁹⁷

Þegar Jóhann kom í Selárdal var hann að verða 39 ára en sagðist vera tíu árum yngri.⁵⁹⁸ Skýringuna á þessari tilraun til yngingar taldi Valdimar Þorvaldsson vera þá að ráðsmaðurinn hefði haft hug á að fá ungu heimasætuna í Selárdal, Sigríði Þorvaldsdóttur, systur Valdimars, fyrir konu⁵⁹⁹ en hún var á sextánda ári þegar Jóhann gerðist forverksmaður hjá móður þeirra. Hafi Jóhann alið með sér slíkar óskir náðu þær aldrei að rætast og lifðu þau bæði einhleyp til æviloka, hann og Sigríður Þorvaldsdóttir.⁶⁰⁰

Jóhann Þórðarson var talinn *vel efnum búinn* er hann fluttist í Selárdal.⁶⁰¹ Hann átti þá nokkrar kindur, hálfan bát og verbúð á **Stöðinni** í landi Bæjar⁶⁰² en líka peninga sem hann var með í útlánum.⁶⁰³ Fólkinu í Selárdal sagði Jóhann að hann ætti 1.000,- krónur og allir þessir fjármunir væru í útlánum hjá gildum bændum sem hann nafngreindi.⁶⁰⁴ Fyrir slíka fjárhæð var á þeim tíma hægt að kaupa níu eða tíu kýr í góðu standi⁶⁰⁵ svo að þetta voru engir smámunir. Hvort þarna muni rétt með farið er best að láta liggja milli hluta.

Bátinn, sem líklega hefur verið fjöggra manna far, átti Jóhann á móti Markúsi Guðmundssyni í Bæ⁶⁰⁶ en þeir voru systkinasynir.⁶⁰⁷ Jóhann var formaður og reri frá Stöðinni, heimavör Bæjarmanna, vorið 1890 en þá um haustið seldu þeir Markús bátinn.⁶⁰⁸ Næstu fimm ár var Jóhann í skiprúmi hjá Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri á hverju vori en á haustin reri hann þá ýmist hjá Guðmundi Sigurðssyni á Laugum eða að heiman.⁶⁰⁹

⁵⁹⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 12-13.

⁵⁹⁸ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36-37.

⁵⁹⁹ Sama heimild.

⁶⁰⁰ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Gunnar M. Magnúss 1977, 68-70.

⁶⁰¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19.

⁶⁰² Sama heimild. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁶⁰³ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36.

⁶⁰⁴ Sama heimild.

⁶⁰⁵ Stjórnartíðindi 1891 B, bls. 24-25.

⁶⁰⁶ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁶⁰⁷ Ól. Þ. Kr. 1949, 105-109 (Frá ystu nesjum V).

⁶⁰⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14-15.

⁶⁰⁹ Sama heimild.

Vorið 1896 hófust vorróðrar frá Selárdal á bát sem Þorvaldur Gissurarson hafði átt og segir hér nánar frá þeim síðar (sjá bls. 53).

Vinumennirnir þrír, sem verið höfðu í Selárdal á síðustu árum Þorvalds Gissurarsonar, fóru allir burt þegar Jóhann kom, vorið 1890, en einu ári síðar var bróðir Jóhanns, Bjarni Þórðarson, ráðinn vinnumaður að Selárdal og var hann hér í sex ár, lengst af vinnumaður en síðast húsmaður.⁶¹⁰ Fyrstu árin sem Bjarni var í Selárdal reri hann frá Ósi í Bolungavík að vetrinum en var í skiprúmi hjá Guðmundi Sigurðssyni á Laugum á vorvertíðinni.⁶¹¹

Að sögn Valdimars Þorvaldssonar vann Jóhann Þórðarson heimilinu í Selárdal af *fullstu trúmennsku* öll árin sem hann var hér ráðsmaður.⁶¹² Stundum lánaði ráðsmaðurinn húsfreyjunni í Selárdal peninga, *þegar mikils þurfti með, og gekk fyrir öllu að endurgreiða slík lán.*⁶¹³ Í Selárdal var á þessum árum mikil vöntun á vinnukrafti og gekk Jóhann hart eftir því að börnin legðu fram alla sína krafta.⁶¹⁴ Um sláttinn var gengið til verka klukkan 4 árdegis eða því sem næst og oft verið að til miðnættis eða jafnvel lengur en menn fengu sér þá dúr að deginum.⁶¹⁵ Á fyrstu árum Jóhanns í Selárdal var elsti sonur húsfreyjunnar smali.⁶¹⁶ Kvíaánum varð að smala til mjalta tvisvar á dag og fór drengurinn, að eigin sögn, jafnan af stað klukkan 6, bæði kvölds og morgna.⁶¹⁷ Á þessum árum munu tómstundir til leikja hafa verið af skornum skammti hjá börnunum sem farin voru að stálpast og Valdimar Þorvaldsson getur þess að á heimilinu í Selárdal hafi hvorki verið til sleði né skíði á árunum kringum 1890.⁶¹⁸

Á sínum fyrstu árum í Selárdal var Jóhann ráðsmaður í skiprúmi hjá öðrum eins og hér hefur áður verið nefnt en vorið 1896 hóf hann róðra úr heimavör í Selárdal á fjöggra manna fari sem Þorvaldur bóndi Gissurarson hafði átt.⁶¹⁹ Sami háttur var hafður á 1897 og 1898⁶²⁰ en þetta virðist hafa verið nýbreytni því Þorvaldur Gissurarson hafði róíð frá Suðureyarmölum á vorin á sínum formannsárum (sjá hér bls. 38) og sagt er að faðir Þorvaldar, Gissur Einarsson í Selárdal, hafi átt verbúð á sömu Mölum (sjá hér Suðureyri) svo ætla má að hann hafi einnig róíð þaðan.

Á vorvertíðinni árið 1898 var alþýðuskáldið Magnús Hjaltason háseti hjá Jóhanni Þórðarsyni hér í Selárdal.⁶²¹ Hann kom í Selárdal 15. apríl frá Ingjaldssandi og var hér um kyrrt í 12 vikur.⁶²² Fyrstu vikuna sem Magnús var í Selárdal voru aðeins stundaðar hrognkelsaveiðar en aldrei farið í

⁶¹⁰ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

⁶¹¹ Sama heimild.

⁶¹² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 14.

⁶¹³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19.

⁶¹⁴ Sama heimild.

⁶¹⁵ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 5.

⁶¹⁶ Sama heimild, 4.

⁶¹⁷ Sama heimild.

⁶¹⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 106.

⁶¹⁹ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 13-16.

⁶²⁰ Sama heimild. Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 15.4. – 8.7.1898.

⁶²¹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 7.2. og 15.4. – 8.7.1898.

⁶²² Sama heimild.

róður.⁶²³ Þann 23. apríl var róið til hafs í fyrsta sinn en í þeim róðri fengust aðeins 25 fiskar á skip.⁶²⁴ Næstu daga voru góðar gæftir og stundum þokkalegur steinbítsaflí.⁶²⁵ Í síðasta róðurinn á þessari vertíð var farið 6. júlí og þá var aflinn 120 fiskar.⁶²⁶

Næsta dag fór Magnús norður á Ísafjörð með 10 steinbíta.⁶²⁷ Sjö þeirra gaf hann móður sinni, Friðriku Kristjánsdóttur, saumakonu á Ísafirði, en hina þrjá annarri konu þar í kaupstaðnum.⁶²⁸ Í þessari ferð fór Magnús gangandi yfir Botnsheiði og til baka sama dag.⁶²⁹

Í Selárdal var þorskurinn saltaður og lagður inn í verslun eins og venja var en steinbíturinn hertur. Í hlut Magnúsar komu 140 steinbítar⁶³⁰ og þeim gat hann ráðstafað að vild. Þann 8. júlí var Magnús fluttur úr verinu í Selárdal á Ingjaldssand.⁶³¹ Lagt var af stað klukkan hálf fjögur árdegis og lent þremur og hálfri klukkustund síðar í Sæbólslendingu á Ingjaldssandi.⁶³² Lætur þá nærri að bátnum hafi miðað álíka hratt og gangandi manni á sléttum vegi.

Vorið sem Magnús rerí í Selárdal var hann 24 ára gamall og hafði aldrei áður dvalist í Súgandafirði nema í nokkra daga.⁶³³ Í dagbók sinni kemst Magnús svo að orði um veruna í Selárdal:

*Ég hafði í Selárdal kunnað allvel við mig, enda var fólk þar gott, greint mjög og alúðlegt. Þó voru börn Sigríðar sérvitur mjög sem þau áttu föðurætt til. Í landlegum vann ég hvað sem fyrir kom, reiddi á völl, reif skóg, gætti fjár, stakk garð, malaði og þjónaði byggingum.*⁶³⁴

Þetta ritaði Magnús daginn sem honum var skilað á Ingjaldssand en allmörgum árum síðar lét hann þau orð falla um Jóhann Þórðarson, sem verið hafði formaður hans á vertíðinni í Selárdal, að hann væri *þýður í lund og drengur hinn besti*.⁶³⁵

Í sóknarmannatölum frá árunum 1890-1900, að báðum þeim árum meðtöldum, er Jóhann Þórðarson jafnan sagður vera ráðsmaður í Selárdal en kallaður vinnumaður í sóknarmannatalinu frá 31. desember 1901.⁶³⁶ Þá munu elstu synir húsfreyjunnar, þeir Valdimar og Kristján Þorvaldssynir, hafa verið að taka við stjórntaumunum úr höndum Jóhanns. Valdimar segir

⁶²³ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 7.2. og 15.4. – 8.7.1898.

⁶²⁴ Sama dagbók 23.4.1898.

⁶²⁵ Sama dagbók 24.4. – 30.4.1898.

⁶²⁶ Sama dagbók 6.7. og 7.7.1898.

⁶²⁷ Sama heimild.

⁶²⁸ Sama heimild.

⁶²⁹ Sama heimild.

⁶³⁰ Sama heimild.

⁶³¹ Sama heimild 8.7.1898.

⁶³² Sama heimild.

⁶³³ Gunnar M. Magnúss 1956, 11-127 og 160-201.

⁶³⁴ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.7.1898.

⁶³⁵ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 57-59.

⁶³⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

að þeir bræður eða þau systkinin hafi tekið *til fulls* við *stjórn og fyrirvinnu heimilisins* með móður þeirra vorið 1902.⁶³⁷ Valdimar var þá að verða 24 ára en Kristján var þremur árum yngri.⁶³⁸

Er Jóhann hætti störfum sem bústjóri í Selárdal vorið 1902 var hann orðinn fimmtugur og hafði verið hér forverksmaður í 12 ár. Kaupið sem hann átti að fá samkvæmt upphaflegum samningi var átta kinda eldi og 60,- krónur á ári í peningum, auk fæðis og fata (sjá hér bls. 48). Þessar átta kindur hans voru jafnan á fóðrum í Selárdal eins og um hafði verið samið en illa gekk að standa í skilum með peningagreiðsluna.⁶³⁹ Fyrir 12 ár átti peningagreiðslan að vera 720,- krónur en upp í þá skuld hafði lítið sem ekkert verið greitt þegar Jóhann lét af störfum.⁶⁴⁰ Hann fékk þá skriflega viðurkenningu fyrir skuldinni en þegar Sigríður Friðbertsdóttir og börn hennar fóru frá Selárdal tíu árum síðar hafði þessi gamla skuld við Jóhann aðeins verið greidd að nokkrum hluta.⁶⁴¹ Þeir reikningar munu hafa verið jafnaðir síðar.⁶⁴²

Jóhann Þórðarson var búsettur í Selárdal til ársins 1907 og var síðustu fimm árin ýmist talinn lausamaður eða húismaður.⁶⁴³ Úr Selárdal fluttist hann í þorpið á Suðureyrarmölum og andaðist þar árið 1928.⁶⁴⁴

Ekki er ætlunin að gera hér almenna grein fyrir búskap bræðranna, Valdimars og Kristjáns Þorvaldssona, sem stýrðu hér búi með móður sinni á árunum 1902-1912. Engu að síður virðist eðlilegt að greina hér frá byggingu íbúðarhússins, sem þeir bræður komu upp árið 1902, og frá kaupum þeirra á tveimur vélbátum örfáum árum síðar. Verður þá fyrst lítið á bátaeign og útgerð fólksins í Selárdal á árunum kringum aldamótin 1900 og skoðað með hvaða hætti mál þróuðust þegar farið var að ráðgera kaup á mótorbát.

Á sínum síðustu búskaparárum átti Þorvaldur Gissurarson, bóndi í Selárdal, tvo báta, fjöggra manna far, sem hann reri á frá Suðureyrarmölum á hverri vorvertíð, og svo minni bát er hann notaði til ferða *innan um fjörðinn* (sjá hér bls. 38). Þorvaldur andaðist í desember árið 1888 og vertíðarbátur hans var ekki gerður út frá Selárdal næstu árin. Báturinn var þó ekki seldur því hann var enn í eigu fólksins í Selárdal árið 1902 eins og hér verður brátt vikið nánar að (sjá bls. 54).

Vorið 1889 var enginn bátur gerður út frá Selárdal en vinnumennirnir þrír, sem ekkjan Sigríður Friðbertsdóttir hafði þá í sinni þjónustu, voru í skiprúmi ýmist í Bolungavík eða á Suðureyrarmölum.⁶⁴⁵ Næsta vor var Jóhann Þórðarson orðinn ráðsmaður hjá Sigríði. Hann var þá formaður á bát sem hann átti sjálfur að hálfu og reri frá Stöðinni, verstöð utan við

⁶³⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19. Lbs. 4407^{4to}, Sami, bls. 178.

⁶³⁸ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶³⁹ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 44-46. Lbs. 3430^{4to}, Sami, bls. 19.

⁶⁴⁰ Sömu heimildir.

⁶⁴¹ Sömu heimildir.

⁶⁴² Sömu heimildir.

⁶⁴³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 46.

⁶⁴⁴ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 172.

⁶⁴⁵ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 170-171.

fjallið **Spilli** (sjá hér bls. 49-50). Á árunum 1891-1895 var Jóhann, ráðsmaður í Selárdal, jafnan í skiprúmi hjá Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri á vorvertíð og hjá Þorbirni var elsti sonur Sigríðar húsfreyju í Selárdal háseti á sinni fyrstu vertíð, vorið 1894.⁶⁴⁶ Á þessum árum virðist Selárdalsbáturinn ekki hafa verið gerður út á vertíð, ef til vill vegna skorts á mannafla.

Vorið 1896 hóf Jóhann Þórðarson hins vegar róðra á þessu fjöggra manna fari, sem Þorvaldur hafði átt, og reri Jóhann það vor og hin næstu úr heimavör í Selárdal eins og hér hefur áður verið nefnt. Hásetar Jóhanns vorið 1896 voru Bjarni bróðir hans, þá vinnumaður í Selárdal, Valdimar Þorvaldsson, sonur húsfreyjunnar í Selárdal, þá á átjándá ári, og Sigurður Sigurðsson, bóndi á Gilsbrekku.⁶⁴⁷

Að sögn Valdimars var langtum erfiðara að stunda sjóróðra á árabát frá Selárdal heldur en frá Suðureyrarmölum. Skýringuna á þeim mun er að finna í orðum Valdimars þar sem hann greinir frá róðrunum vorið 1896. Hann segir þar:

Þetta var mjög erfitt því að leiðin út að Eyrum [Suðureyri og Norðureyri – innsk. K.Ó.] gat orðið oft mjög erfið vegna straums sem eins oft var á móti ... svo var öll aðstaða við að lenda og gera að fiski tvöfalt erfiðari en á Mölunum.⁶⁴⁸

Ekki er alveg ljóst hversu margar vertíðir var róíð frá Selárdal undir lok nítjándu aldar en fullvíst þó að héðan var róíð úr heimavör vorin 1896 og 1898 (sjá hér bls. 51) og Valdimar Þorvaldsson nefnir einnig 1897.⁶⁴⁹ Á árunum 1894-1902 var sjór líka jafnan sóttur á haustin frá Selárdal og róíð úr heimavör.⁶⁵⁰ Í þeim róðrum var jafnan komið við á Suðureyri á landleið og kaffi drukkið hjá einhverjum heimamanna þar.⁶⁵¹ Að sögn Valdimars Þorvaldssonar var fiskinum úr hverjum róðri ætíð landað í Selárdal í sex eða sjö haust á þessu skeiði.⁶⁵² Hér var hann gerður til, saltaður og þurrkaður og að lokum fluttur sem kaupeyrir í spekulantskip Markúsar Snæbjörnssonar, kaupmanns á Geirseyri við Patreksfjörð,⁶⁵³ en skip hans kom jafnan tvisvar á sumri til Súgandafjarðar á þessum árum (sjá hér Suðureyrahreppur, inngangskafli). Á þessu skeiði var einnig farið stöku sinnum á sjó frá Selárdal að vetrarlagi, a.m.k. einn veturinn, og urðu róðrarnir þá ekki færri en fjórir.⁶⁵⁴

⁶⁴⁶ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

⁶⁴⁷ Sama heimild, 13.

⁶⁴⁸ Sama heimild.

⁶⁴⁹ Sama heimild, 16.

⁶⁵⁰ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 16.

⁶⁵¹ Sama heimild.

⁶⁵² Sama heimild.

⁶⁵³ Sama heimild.

⁶⁵⁴ Sama heimild, 18.

Aðallendingin í Selárdal var niður af **Litlhól**, sem er innsti hluti gamla túnsins, en þar fyrir innan er **Ástún** sem er útrækt.⁶⁵⁵ Utan við Litlhól er **Stórhóll** og skammt fyrir utan hann stóð bærinn.⁶⁵⁶ Um lendinguna í Selárdal ritar Kristján G. Þorvaldsson svo árið 1949:

Fyrir neðan Litlhól eru bakkarnir orðnir lágir og klettalausir. Svo langt sem menn muna hafa Selárdalsmenn sett þar báta sína. Hefur verið gert hróf upp í bakkana og jafnframt lagað svo til að hægt væri að bjarga bát upp á bakkana. Spöl innar var einnig hafður bátur og búið út á líkan hátt. Þetta var kallað Lending eða Vör og þá oft aðgreint í Ytri- og Innri-Vör.⁶⁵⁷

Hrófið sem Kristján nefnir sást enn sumarið 1995 og steinaraðir frá flæðarmáli upp að bökkum, beggja vegna við lendinguna.

Um 1860 var fiskikró við lendinguna. Það hús reif Þorbjörn Gissurarson er hann fluttist frá Selárdal árið 1868⁶⁵⁸ og hlýtur hann því að hafa verið eigandi þess. Tóttin ein stóð eftir en yfir hana var byggt að nýju árið 1895.⁶⁵⁹ Það hús var kallað *Kró* og var 4 x 5 álnir að innanmáli⁶⁶⁰ eða um það bil 8 fermetrar. Króin frá 1895 var með risi og timburgaflí.⁶⁶¹ Á honum var einn gluggi, uppi í risinu.⁶⁶² Í þessu húsi var fiskurinn saltaður og lóðir beittar.⁶⁶³ Þar var líka saltgeymsla og í húsinu var geymdur sá fiskur sem ætlaður var til matar á heimilinu.⁶⁶⁴ Króartóttin er (1995) enn á sínum stað á sjávarbakkanum rétt utan við hrófið sem fyrr var nefnt. Gangspil til að taka upp báta var líka sett upp hér ofan við lendinguna á árunum 1902-1912⁶⁶⁵ en er nú horfið.

Bræðurnir Valdimar og Kristján Þorvaldssynir hófu báðir sjóróðra sem hásetar á vertíð um 16 ára aldur, Valdimar vorið 1894 og Kristján eigi síðar en vorið 1897.⁶⁶⁶ Þeir voru því orðnir vanir sjó er þeir tóki að fullu við stjórn búsins vorið 1902. Heimilið í Selárdal átti þá enn fjöggra manna farið sem verið hafði í eigu Þorvaldar, föður þeirra, og líka annan minni bát⁶⁶⁷ sem einnig kynni að hafa verið frá dögum Þorvaldar. Haustið 1902 misstu þeir minni bátinn í fárviðri en hann rak upp í fjöru á Gelti og var þá illa brotinn.⁶⁶⁸ Valdimar tókst þó að gera við hann⁶⁶⁹ og árið 1903 réðst

⁶⁵⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129.

⁶⁵⁶ Sama heimild.

⁶⁵⁷ Sama heimild, 129-130.

⁶⁵⁸ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 32.

⁶⁵⁹ Sama heimild.

⁶⁶⁰ Sama heimild.

⁶⁶¹ Sama heimild.

⁶⁶² Sama heimild.

⁶⁶³ Sama heimild.

⁶⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁶⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 247.

⁶⁶⁶ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8 og 16.

⁶⁶⁷ Sama heimild, 55-62.

⁶⁶⁸ Sama heimild.

hann í að stækka hinn bátinn og breyta honum úr fjöggra manna fari í sexæring.⁶⁷⁰ Við það verk naut hann aðstoðar Pálma Lárentíussonar, bónda í Botni.⁶⁷¹ Var þetta upphaf bátasmíða Valdimars⁶⁷² en hann varð síðar smiður að atvinnu og þá einkum bátasmíður.

Stækkunin lánaðist vel en svo virðist sem Valdimar hafi ekki lagt í að gerast þá þegar formaður á sexæringnum. Hann leitaði þess í stað samstarfs við nýnefndan Pálma Lárentíusson og seldi honum hálfan bátinn.⁶⁷³ Á móti kom að sonur Pálma, Jón Pálmason, sem var jafnaldri Valdimars, fæddur 1878, gerðist formaður á gamla Selárdalsbátnum sem nú var búið að breyta í sexæring.⁶⁷⁴ Bátur þessi hét Baldur⁶⁷⁵ en vera má að hann hafi ekki fengið það nafn fyrr en við stækkunina.

Veturinn 1904 reru þeir frá Bolungavík á Baldri og var Jón Pálmason formaður.⁶⁷⁶ Valdimar Þorvaldsson, sem á þessum árum var forverksmaður móður sinnar, ekkjunnar í Selárdal, var sex eða sjö vertíðir á Baldri, oftast með Jóni Pálmasyni en sjálfur formaður eina vertíð.⁶⁷⁷

Vélvæðing íslenska bátaflotans hófst sem kunnugt er árið 1902 og árið 1903 voru fyrstu íslensku vélbátarnir gerðir út á vertíð frá Ísafirði og frá Flateyri (sjá hér Flateyri og Suðureyri). Vorið 1904 voru tveir vélbátar frá Ísafirði gerðir út frá Suðureyrarmölum en fyrstu vélbátarnir sem Súgfirðingar eignuðust komu 1906 (sjá hér Suðureyri).

Svo virðist sem Kristján G. Þorvaldsson, næstelsti bróðirinn í Selárdal, hafi verið býsna fljótur að tileinka sér kunnáttu í meðferð véla því veturinn 1905-1906 var hann vélamaður hjá Elíasi Magnússyni, kunnum formanni í Bolungavík.⁶⁷⁸ Kristján var þá 24 ára gamall, fæddur 1881. Í nóvembermánuði árið 1905 pantaði Kristján, fyrir hönd þeirra Selárdalsbræðra, vélbát frá norskri skipasmíðastöð.⁶⁷⁹ Báturinn átti að vera úr eik, alopinn, 30 feta langur með 4 hestafla Danvél.⁶⁸⁰ Þetta var fyrsti vélbáturinn sem menn úr Súgandafirði pöntuðu og var gengið frá kaupsamningi með formlegum hætti hjá umboðsmanni norsku skipasmíðastöðvarinnar⁶⁸¹ (sbr. Suðureyri). Báturinn átti að koma í marsmánuði árið 1906 en hér fór á annan veg því forstjóri norsku skipasmíðastöðvarinnar dó skyndilega.⁶⁸² Í stað bátsins fengu bræðurnir í

⁶⁶⁹ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 55-62.

⁶⁷⁰ Sama heimild. Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁶⁷¹ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 99.

⁶⁷² Sbr. Sama heimild, 22.

⁶⁷³ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 57-61.

⁶⁷⁴ Sama heimild.

⁶⁷⁵ Sama heimild.

⁶⁷⁶ Sama heimild.

⁶⁷⁷ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁶⁷⁸ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 34.

⁶⁷⁹ Sama heimild, 35.

⁶⁸⁰ Sama heimild.

⁶⁸¹ Sama heimild.

⁶⁸² Sama heimild.

Selárdal endurgreidda þá fjármuni sem þeir höfðu borgað upp í kaupverðið og að auk 40,- krónur fyrir sammingsrof.⁶⁸³

Vegna óvæntra endaloka á viðskiptunum við hinn norska skipasmið seinkaði bátakaupum Selárdalsbræðra um eitt ár. Veturinn 1906-1907 festu þeir kaup á vélbát frá Patreksfirði og kom hann til Ísafjarðar í marsmánuði árið 1907 og skömmu síðar til Súgandafjarðar.⁶⁸⁴ Þessi bátur var keyptur óséður og samið um kaupin í símtali, að sögn Valdimars Þorvaldssonar.⁶⁸⁵ Sú staðhæfing Valdimars að samið hafi verið um kaupin í símtali er tortryggileg því að símasamband milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar komst ekki á fyrr en 1908 (sjá Jón Þ.Þór 1988, 158-161). Báturinn hafði upphaflega verið 17 fet en búið var að lengja hann um 6 fet og einnig hafði hann verið hækkaður um tvö borð.⁶⁸⁶ Í honum var þriggja hestafla Danvél og yfir henni *kappi með lóðsettum hliðum*.⁶⁸⁷ Miðskips var hann opinn en þegar bátnum var breytt höfðu þiljur verið settar í barka og skut⁶⁸⁸ (sbr. hér Suðureyri).

Bátum frá Patreksfirði gáfu hinir nýju eigendur nafnið *Víkingur* en á því sem Valdimar Þorvaldsson skrifaði síðar má sjá að þeir urðu strax fyrir nokkrum vonbrigðum með þessa fleytu því hún virtist ekki vera eins traust og seljandinn hafði að sögn látið í veðri vaka í símtali.⁶⁸⁹ – *Þegar hann var í fyrsta sinn settur á land á Suðureyri ... fór ... neðri hluti kjalarins undan*, segir Valdimar.⁶⁹⁰ Honum tókst þó að lappa upp á bátinn og gerðu þeir bræður hann út í tvö ár.

Til að kaupa hann og hefja vélbátaútgerð urðu þeir Selárdalsbræður að taka 3.500,- króna lán.⁶⁹¹ Ekki er alveg ljóst hvað báturinn kostaði einn og sér en bátsverðið hefur varla verið nema um það bil helmingur af þessari fjárhæð (sbr. hér Suðureyri). Bræðurnir urðu hins vegar líka að koma sér upp verbúð og hana byggðu þeir úr timbri á Suðureyrarmölum árið 1907, sama ár og þeir festu kaup á *Víkingi*.⁶⁹² Búð þessi, sem nefnd var Selárdalsbúðin, var stækkuð síðar en í sinni upprunalegu mynd var hún 80 rúmmetrar.⁶⁹³

Í febrúarmánuði árið 1909 hafði þeim Kristjáni og Valdimar í Selárdal tekist að greiða 1.400,- krónur af láninu sem þeir tóku 1907 en 2.100,- krónur voru enn ógreiddar.⁶⁹⁴ Valdimar var þá að læra bátasmíði hjá Ásmundi Ásmundssyni í Hnífsdal⁶⁹⁵ og í nýnefndum mánuði sömdu þeir

⁶⁸³ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 35.

⁶⁸⁴ Sama heimild, 36-37.

⁶⁸⁵ Sama heimild.

⁶⁸⁶ Sama heimild.

⁶⁸⁷ Sama heimild.

⁶⁸⁸ Sama heimild.

⁶⁸⁹ Sama heimild.

⁶⁹⁰ Sama heimild.

⁶⁹¹ Sama heimild, 37.

⁶⁹² Sama heimild, 185.

⁶⁹³ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁶⁹⁴ Sama heimild, 41-45.

⁶⁹⁵ Sama heimild, 30 og 99-100.

bræður við Ásmund um að smíða fyrir þá nýjan bát.⁶⁹⁶ Valdimar vann sjálfur að smíði bátsins hjá Ásmundi en þessi nýi bátur þeirra Selárdalsbræðra var 27 fet á lengd og 9 fet á breidd.⁶⁹⁷ Hann var því talsvert stærri en sá eldri. Vélarlaus kostaði hann 1.000,- krónur en vélin úr *Víkingi* var sett í nýja bátinn og heildarkostnaðurinn við að skipta um bát varð um það bil 1.500,- krónur.⁶⁹⁸ Eldri bátinn seldu bræðurnir vélarlausan en fyrir hann fengu þeir aðeins 200,- krónur.⁶⁹⁹ Þeir urðu því að taka lán til að kaupa nýja bátinn og fengu 750,- krónur hjá útibúi Landsbankans á Ísafirði.⁷⁰⁰ Á efri árum greindi Valdimar Þorvaldsson svo frá að daginn sem samið var um lánið hefðu þeir bræður litið í almanakið, séð að dagurinn hét Cæsar og ákveðið að gefa bátinum það nafn.⁷⁰¹ Þetta er reyndar svolítið skrýtin staðhæfing því ekki er kunnugt um að nokkur dagur í endilöngu almanakinu hafi borið nafnið Cæsar.⁷⁰² Líklegasta skýringin er sú að samið hafi verið um lánið 15. mars, á dánardegi Cæsars, hins mikla rómverska keisara, en Valdimar verið farinn að ryðga í dagaheitum almanaksins og Rómverjasögunni er hann sat við skriftir í elli sinni og rifjaði upp eitt og annað sem snerti kaupin á Cæsari.

Hvað sem öðru líður liggur fyrir að þessum nýja báti var gefið nafn keisarans og einkennisstafina ÍS-47 fékk hann frá árabátinum Baldri sem fyrr var nefndur⁷⁰³ og lengi hafði verið í eigu fólksins í Selárdal.

Til Súgandafjarðar kom Cæsar í fyrsta sinn laugardaginn fyrir hvítasunnu vorið 1909, það er 29. maí.⁷⁰⁴ *Hann var hvítur að sjó með brúnum lista*, skrifar Valdimar.⁷⁰⁵ Þessi bátur reyndist *eftir fyllstu vonum* og var jafnan talinn gott skip.⁷⁰⁶

Víkingur, hinn fyrri vélbátur bræðranna í Selárdal, var fimmti vélknúni báturinn sem keyptur var til Súgandafjarðar og sá fyrsti sem var að öllu leyti í eigu Súgfirðinga sem ekki áttu heima á Suðureyri (sjá hér Suðureyri). Cæsar var svo áttundi mótorbáturinn sem Súgfirðingar eignuðust.⁷⁰⁷ Þann bát áttu bræðurnir frá Selárdal lengi eða allt til ársins 1926.⁷⁰⁸ Þriðji maður var reyndar meðeigandi þeirra um tíma.⁷⁰⁹

Kristján G. Þorvaldsson í Selárdal var formaður á Cæsari árið 1911 en varð þá að hætta vegna heilsubrests.⁷¹⁰ Valdimar bróðir hans var þá orðinn lærður smiður og hættur sjómennsku en þeir héldu áfram að gera bátinn út

⁶⁹⁶ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, 41-45.

⁶⁹⁷ Sama heimild.

⁶⁹⁸ Sama heimild.

⁶⁹⁹ Sama heimild.

⁷⁰⁰ Sama heimild.

⁷⁰¹ Sama heimild.

⁷⁰² Sbr. Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 1909 og Árni Björnsson 1993 / *Saga daganna*.

⁷⁰³ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41-45.

⁷⁰⁴ Sama heimild.

⁷⁰⁵ Sama heimild.

⁷⁰⁶ Sama heimild.

⁷⁰⁷ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 52.

⁷⁰⁸ Sama heimild, 59.

⁷⁰⁹ Sama heimild, 55-57.

⁷¹⁰ Sama heimild.

og fengu ýmsa dugandi menn, hverja á fætur öðrum, til að taka að sér formennsku. Á árunum 1911-1917 voru skipti á formönnum býsna ör því þeir urðu tólf á þessum sjö árum.⁷¹¹ Einn þessara formanna á Cæsari var Sigurður E. Hallbjarnarson, síðar kunnur skipstjóri, og tók hann við af Kristjáni G. Þorvaldssyni árið 1911.⁷¹² Var Cæsar einn allra fyrsti báturinn sem hann stýrði til veiða.⁷¹³

Árið 1917 varð Guðni Albert Guðnason formaður á Cæsari.⁷¹⁴ Hann var þá liðlega tvítugur, fæddur 17. október 1895.⁷¹⁵ Guðni var með bátinn í þrjú ár eða allt þar til hann fór að búa í Vatnadal árið 1920.⁷¹⁶ Hann keypti eignarhlut í Cæsari og varð þá meðeigandi bræðranna frá Selárdal.⁷¹⁷ Frá Guðna er sagt á öðrum stað í þessu riti en hann varð kunnur glímumaður og nefndur *kóngabani* (sjá hér Bær og Fremri-Vatnadalur). Árið 1919 hafði Cæsar verið gerður út í tíu ár. Öll lán sem á honum hvíldu höfðu þá verið greidd og er hér var komið sögu átti báturinn um 1.000,- krónur til góða.⁷¹⁸

Á árunum upp úr 1920 var Sturla Agnar Guðmundsson formaður á Cæsari um nokkurt skeið⁷¹⁹ en hann varð síðar skipstjóri á stærri bátum og var í áratugi búsettur á Ísafirði. Bátinn Cæsar seldu bræðurnir frá Selárdal Örnólfi Valdimarssyni á Suðureyri haustið 1926.⁷²⁰ Gekk hann áfram til veiða næstu ár og var um skeið gerður út frá Flateyri.⁷²¹

Hér hefur áður verið sagt frá gamla torfbænum í Selárdal, sem búið var í allt til ársins 1902, og skemmuni góðu sem stóð utantil við hann (sjá hér bls. 41-46). Þegar leið að aldamótum var bærinn orðinn lélegur. Sigríður Friðbertsdóttir og þau af börnum hennar sem uppkomin voru fóru þá að láta sér detta í hug að reisa hér íbúðarhús úr timbri. Ekkert slíkt hús var þá til í Súgandafirði nema húsið sem Kristján Albertsson reisti á Suðureyri árið 1892. Timbrið í sitt hús hafði Kristján fengið frá Noregi (sjá hér Suðureyri)⁷²² og nú ákvað fjölskyldan í Selárdal að hafa sama háttinn á ef kostur gæfist á því. Sumarið 1898 tók Sigríður í Selárdal sér ferð á hendur vestur í Önundarfjörð og samdi þar við Hans Ellefsen, forstjóra hvalveiðistöðvarinnar á Sólbakka, um að hann keypti fyrir hana húsavið í Noregi á komandi vetri.⁷²³ Allt gekk það eftir og kom Ellefsen með timbrið að Sólbakka í marsmánuði árið 1899.⁷²⁴ Úti í Noregi kostaði timbrið 81,- krónu, að sögn Valdimars Þorvaldssonar, en flutningskostnaður þaðan að

⁷¹¹ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 55-57.

⁷¹² Sama heimild. Gunnar M. Magnúss 1977, 276, 300 og 302.

⁷¹³ Sömu heimildir.

⁷¹⁴ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 55-57.

⁷¹⁵ Vestf. ættir II, 534.

⁷¹⁶ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 55-57.

⁷¹⁷ Sama heimild.

⁷¹⁸ Sama heimild.

⁷¹⁹ Sama heimild, 59.

⁷²⁰ Sama heimild.

⁷²¹ Sama heimild, 59-61.

⁷²² Sbr. Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 25-26.

⁷²³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 162-167.

⁷²⁴ Sama heimild.

Sólbakka var 20,- krónur.⁷²⁵ Valdimar segir líka að fyrir hinn norska húsavið og flutning yfir hafið hafi móðir sín borgað hvalveiðiforstjóranum einn kálf og sjö krónur í peningum.⁷²⁶ Sá kálfur hefur þá verið hátt metinn því árið 1899 var opinbert kýrverð innan Ísafjarðarsýslu 106,93 krónur.⁷²⁷ Frá Sólbakka til Súgandafjarðar var timbrið flutt með strandferðaskipinu Skálholti og kostaði sá flutningur 10,- krónur.⁷²⁸

Af ýmsum ástæðum varð bið á því að fólkið í Selárdal hæfist handa við að koma húsinu upp þó að timbrið væri komið í hlað. Guðmundur Þorbjarnarson frá Suðureyri var þá starfandi smiður á Ísafirði.⁷²⁹ Hann var nátengdur fólkinu í Selárdal því Þorvaldur Gissurarson, eiginmaður Sigríðar sem nú var látinn, hafði verið föðurbróðir hans og var Guðmundur fæddur í Selárdal.⁷³⁰ Þennan frænda sinn fengu synir Sigríðar og Þorvaldar til að teikna húsið og standa fyrir byggingu þess.⁷³¹ Ákveðið var að húsið yrði reist á grunni gamla bæjarins og að efri hliðin á hinu nýja timburhúsi yrði úr torfi og grjóti.⁷³² Þessum vegg var ætlað að veita skjól fyrir kuldaáttinni⁷³³ en hann sneri mót norðaustri.

Haustið 1901 var hafist handa við að koma upp þessum skjólvegg sem verða átti efri hlið hússins. Byrjað var á að hlaða vegg úr hellugrjóti og var þykkt hans 3-4 fet að neðan en 1½ – 2 fet að ofan.⁷³⁴ Lengd þessa veggjar var 28 fet og hæðin um það bil 5 fet.⁷³⁵ Utan yfir þennan grjótvegg og ofan á hann var síðan byggður veggur úr torfi og grjóti.⁷³⁶ Þykkt hans var að venju 8 fet neðst og var ákveðið að hæðin yrði 9 fet.⁷³⁷ Ofan á þennan vegg kom svo lag af torfhnausum en full hæð frá jörð og upp undir fyrirhugað þak var 11 fet.⁷³⁸

Vorið 1902 var gamli bærinn rifinn til grunna og moldir hans notaðar til að slétta í kringum bæjarstæðið.⁷³⁹ Allt heimilisfólkið færði sig í *Grjóthúshlöðuna* og hafðist þar við meðan verið var að byggja nýja húsið.⁷⁴⁰ Þann 12. júní komu smiðirnir.⁷⁴¹ Þeir voru þrír og átta allir heima á Ísafirði.⁷⁴² Einn þeirra var Guðmundur Þorbjarnarson, sem fyrr var nefndur, en með honum voru í verki þeir Jón Ólafsson og Jón

⁷²⁵ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 167-171.

⁷²⁶ Sama heimild, 162-167.

⁷²⁷ Stjórnartíðindi 1900 B, bls. 38-39.

⁷²⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 167-171.

⁷²⁹ Sama heimild, 174.

⁷³⁰ Gunnar M. Magnúss 1977, 66 og 143-145.

⁷³¹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 174-175. Lbs. 4409^{4to}, Sami, bls. 98-99.

⁷³² Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 175. Lbs. 3430^{4to}, Sami, bls. 23. Lbs. 4410^{4to}, Sami, bls. 54.

⁷³³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23.

⁷³⁴ Sama heimild. Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 54.

⁷³⁵ Sömu heimildir.

⁷³⁶ Sömu heimildir.

⁷³⁷ Sömu heimildir.

⁷³⁸ Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 49.

⁷³⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 40.

⁷⁴⁰ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 192-194.

⁷⁴¹ Sama heimild.

⁷⁴² Sama heimild. Lbs. 4409^{4to}, V. Þorv., bls. 98-99. Sbr. Lbs. 3860^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 15.6.1902.

Sigmundsson.⁷⁴³ Þeir héldu til í gömlu skemmuni sem nokkrum árum fyrr hafði verið breytt í hlöðu og komu húsinu upp á hálfum mánuði.⁷⁴⁴ Er smiðirnir þrír fóru brott, þann 27. júní, var húsið komið upp, fullbúið að utan.⁷⁴⁵ Þá var einnig búið að leggja í það gólf og loft.⁷⁴⁶ Að endanlegum frágangi vann svo heimafólk í Selárdal og tókst því að ljúka öllum innréttingum fyrir lok ársins 1903.⁷⁴⁷

Valdimar Þorvaldsson vann með smiðunum frá Ísafirði að byggingu timburhússins í Selárdal sumarið 1902.⁷⁴⁸ Hann var þá að verða 24 ára gamall og í ritum sínum hefur hann víða lýst þessu góða húsi sem hann bjó í, með móður sinni og systkinum, næstu tíu ár. Á þeim lýsingum er byggt í þessu riti.

Húsið var ein hæð, port og ris.⁷⁴⁹ Grunnflötur þess var 28 x 14 fet⁷⁵⁰ eða tæplega 39 fermetrar. Efri hæðin var 8 fetum styttri en sú neðri svo flatarmál hennar var 20 x 14 fet að utanmáli⁷⁵¹ en innanmál á loftinu var 19 x 13 fet⁷⁵² eða liðlega 24 fermetrar. Sá hluti hússins sem aðeins var ein hæð stóð yst og mátti kallast skúr.⁷⁵³ Endinn á skúrnum var úr torfi og grjóti eins og öll efri hliðin en að þessu tvennu frátöldu var húsið allt úr timbri.⁷⁵⁴ Undir því var lítill kjallari, 6 x 6 fet að flatarmáli og hæðin 5 fet,⁷⁵⁵ 1,57 metrar. Undir framhliðinni, sem sneri til sjávar, var grjóthlaðinn grunnur, 3½ fet á hæð í ytri enda en 1½ fet innantil.⁷⁵⁶ Slík grjóthleðsla var líka undir innri gaflinum.⁷⁵⁷

Nýja húsið var 15 og ½ fet á hæð⁷⁵⁸ eða tæplega 5 metrar, frá jörð og upp í mæni. Neðri hæðin var 7 fet, portveggurinn 4 fet og risið 4 og ½ fet.⁷⁵⁹ Mjög vel var vandað til þaksins á þessari nýbyggingu en í gamla Selárdalsbænum hafði húsleki verið hin versta plága.⁷⁶⁰ Bárújárn var sett á þakið og var það *fyrsta járnþakið í Súgandafirði*.⁷⁶¹ Síðar á sama ári var þakjárn sett á tvö önnur hús í sama byggðarlagi.⁷⁶² Undir bárújárnið í Selárdal var sett þurrt mýrartorf en undir torfinu var timburklæðning úr

⁷⁴³ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 98-99.

⁷⁴⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 192-194.

⁷⁴⁵ Sama heimild. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23.

⁷⁴⁶ Sömu heimildir.

⁷⁴⁷ Sömu heimildir.

⁷⁴⁸ Lbs. 3410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23.

⁷⁴⁹ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 174-175.

⁷⁵⁰ Sama heimild.

⁷⁵¹ Sama heimild.

⁷⁵² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 57.

⁷⁵³ Sama heimild, 54. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23.

⁷⁵⁴ Sömu heimildir.

⁷⁵⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 56.

⁷⁵⁶ Sama heimild, 40 og 54.

⁷⁵⁷ Sama heimild.

⁷⁵⁸ Sama heimild, 40.

⁷⁵⁹ Sama heimild.

⁷⁶⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41-42.

⁷⁶¹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41 og 55.

⁷⁶² Sama heimild.

óunnum borðum og hvíldi hún á sperrunum.⁷⁶³ Sjálf súðin var svo úr panel.⁷⁶⁴ Þakið var stoppað með *fjallamosa framan af Stórholti* og veggirnir líka.⁷⁶⁵

Útidyr voru á framhliðinni sem sneri til sjávar.⁷⁶⁶ Á henni voru líka tveir gluggar og einn *hálfur gluggi*.⁷⁶⁷ Á innri gaflinum voru tveir gluggar neðri og einn uppi.⁷⁶⁸ Á skúrnum var líka gluggi sem sneri út á við.⁷⁶⁹

Þegar gengið var inn um útidyrnar var komið inn í gang eða *dyrapláss* sem var 7 x 7 fet að flatarmáli.⁷⁷⁰ Aðrar vistarverur á neðri hæðinni voru *millirúm*, sem einnig var nefnt *baðstofugólf*, og var 14 x 9 fet, eldhús 7 x 7 fet, búr 5 x 11 fet og stofa 9 x 11 fet.⁷⁷¹ Úr *dyraplássinu* var gengið ofan í kjallarann en frá *baðstofugólfinu* lá stigi upp á loft.⁷⁷² Á *baðstofugólfinu*, er svo var nefnt, voru fjórar dyr, allar með *spjaldahurðum*.⁷⁷³ Um einar þessara dyra var gengið inn í stofuna, um aðrar í eldhúsið og þær þriðju í búrið.⁷⁷⁴ Fjórðu dyrnar lágu fram í *ysta útgang*.⁷⁷⁵

Uppi á loftinu var allt í baðstofustíl og engin skilrúm.⁷⁷⁶ Þar var *svefn- og vinnupláss eins og venja var í baðstofum*, segir Valdimar.⁷⁷⁷ Gólfíð á efri hæðinni var *marg áborið með fernis* og þiljur málaðar þar uppi.⁷⁷⁸ Á neðri hæð voru þiljur einnig málaðar í stofunni, á *baðstofugólfinu* og í *dyraplássinu*.

Við útidyr voru tröppur, *vel hlaðnar úr góðu grjóti*, með palli og *sléttað yfir með sementi*.⁷⁷⁹ Frá tröppunum var lagður gangstígur úr grjóti, 6 feta breiður og 8-12 þumlungar á hæð.⁷⁸⁰ Þessi gangstígur var 15-18 faðmar á lengd en framan við hann var lagður annar mjórri sem náði alveg fram á öskuhauginn.⁷⁸¹ Ofan á grjótið í þessum stígum var settur mulningur og mól en þeir héldust alltaf snjólausir, hvernig sem vindar blésu.⁷⁸²

Árið 1903 var eldavel sett í nýja húsið í Selárdal og hafði hún verið pöntuð frá Kaupmannahöfn.⁷⁸³ Í gömlu baðstofunni hafði verið kamína en

⁷⁶³ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 41 og 55.

⁷⁶⁴ Sama heimild.

⁷⁶⁵ Sama heimild.

⁷⁶⁶ Sama heimild, 54.

⁷⁶⁷ Sama heimild.

⁷⁶⁸ Sama heimild.

⁷⁶⁹ Sama heimild.

⁷⁷⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 56.

⁷⁷¹ Sama heimild.

⁷⁷² Sama heimild.

⁷⁷³ Sama heimild.

⁷⁷⁴ Sama heimild.

⁷⁷⁵ Sama heimild.

⁷⁷⁶ Sama heimild, 57. Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 49.

⁷⁷⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 57.

⁷⁷⁸ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 57.

⁷⁷⁹ Sama heimild.

⁷⁸⁰ Sama heimild.

⁷⁸¹ Sama heimild.

⁷⁸² Sama heimild.

⁷⁸³ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 212-213.

þá eldstó mun Selárdalsfólk hafa eignast árið 1883 eða 1884.⁷⁸⁴ Valdimar Þorvaldsson segir að eftir hinn mikla frostavetur 1881-1882 hafi margir fengið sér kamínu en þær voru, með hans orðum sagt: *Eldstæði úr jární ... ferköntuð með fjórum fótum, með einu eldholi 12 tomma, og járnörum út úr þakinu.*⁷⁸⁵ Í nýja húsið, sem byggt var 1902, kom ekki aðeins eldavel heldur líka ofnar, einn á loftið og annar í stofuna.⁷⁸⁶ Valdimar segir á einum stað að húsið hafi kostað 1.880,- krónur⁷⁸⁷ en á öðrum stað kemst hann svo að orði að *með ofnum og öllu* hafi það kostað rúmar 2.000,- kr.⁷⁸⁸

Fyrir fólkíð í Selárdal hafa það verið mikil umskipti að fara úr gamla torfbænum í nýja timburhúsið. *Líðanin þar varð stórum mun betri*, segir Valdimar, *og heilsufar batnaði stórmikið* og þegar útihúsin voru líka *komin í fullt lag* gátu tveir menn *unnið eins mikið, sumar og vetur, eins og þrír áður.*⁷⁸⁹

Í íbúðarhúsinu frá 1902 var búið allt þar til Selárdalur fór í eyði.⁷⁹⁰ Engar verulegar breytingar voru gerðar á húsinu en Kristján Halldórsson, sem bjó hér á árunum 1912-1922, lét setja járn á innri gaflinn og Sigurður Samsonarson, sem var bóndi í Selárdal frá 1922 til 1947, steypiti vegg utan yfir þennan sama gafl.⁷⁹¹ Í stað torf- og grjótveggjarins við endann á skúrnum steypiti hann líka nýjan vegg.⁷⁹²

Við höfum nú dvalið um sinn við rústir íbúðarhússins sem hér var frá sagt, þar sem gamli torfbærinn stóð áður og kynni að hafa staðið í nær 1000 ár. Liggur því næst fyrir að röлта um túnið og líta á útihúsin.

Gamla túnið í Selárdal náði frá ánni og svolítið inn fyrir bæinn.⁷⁹³ Innan við bæjarstæðið er Stórhóll og þar fyrir innan Litlhóll, innst í gamla túninu og skammt frá sjávarbakkanum,⁷⁹⁴ en túnið var talið vera 140 faðmar á lengd og 56 faðmar á breidd.⁷⁹⁵ Innan við gamla túnið er útrækt sem menn nefndu Ástún.⁷⁹⁶

Hinn gamli farvegur bæjarlækjarins var alveg rétt utan við bæinn, *meðfram baðstofugaflinum.*⁷⁹⁷ Lækurinn er hér enn og rétt ofan við bæjartóttina hefur verið lögð yfir hann falleg hella. Neysluvatn var jafnan sótt í bæjarlækinn og í þeim efnum varð engin breyting fyrir en eftir 1920 er vatn var leitt í bæinn.⁷⁹⁸ Frostaveturinn mikla 1881-1882 þornaði

⁷⁸⁴ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 212-213.

⁷⁸⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 3.

⁷⁸⁶ Sama heimild, 56-57.

⁷⁸⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 214.

⁷⁸⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 29.

⁷⁸⁹ Sama heimild, 38.

⁷⁹⁰ Sama heimild, 26.

⁷⁹¹ Sama heimild, 25.

⁷⁹² Sama heimild.

⁷⁹³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 5.

⁷⁹⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129.

⁷⁹⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 5.

⁷⁹⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129.

⁷⁹⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 7.

⁷⁹⁸ Sama heimild, 26. Sbr. þar bls. 23.

bæjarlækurinn upp og einnig þornaði **Stórilækur**, sem er hér svolítið utar í túninu, að mestu.⁷⁹⁹ Misjafnlega gekk þá að ná vatni úr Selárdalsá, sem fellur rétt utan við túnið, og um tíma varð að sækja vatn í læk hér út á **Leitinu** sem er skammt fyrir utan ána og byrgir sýn frá bænum út með hlíðinni.⁸⁰⁰ Vatnið í þeim læk þrýtur aldrei og er alltaf álfka mikið.⁸⁰¹ Ætla má að það sé lindarvatn.

Stóralæk, sem er innan túns en spölkorn utan við bæinn,⁸⁰² er auðvelt að finna því hér er enginn annar lækur sem getur kallast stór, nema sjálf áin en hún er utan við túnið. Gamla Selárdalstúninu var skipt í tólf reiti, einn fyrir hvert jarðarhundrað.⁸⁰³ Yst voru Efra- og Neðra-Áarhundrað og náðu þau alveg út að Selárdalsánni.⁸⁰⁴ Þjóðgatan sem lá um túnið skildi þau að.⁸⁰⁵ Innan við Áarhundraðin komu önnur tvö hundruð og náðu þau inn að Stóralæk.⁸⁰⁶ Næstu tvö hundruð náðu frá Stóralæk að lænu innan við **Klett** en svo heitir klettabrík sem gengur fram úr sjávarbökkunum neðan við túnið.⁸⁰⁷ Þar fyrir innan kemur svo Fjóshaughundrað og er það neðan til í túninu en ofan við það var annað hundrað sem nafnið vantar á.⁸⁰⁸ Eru þá talin átta af hundruðunum tólf. Innan við Fjóshaughundrað er Grallarátunga og nær inn að bæjarlæknum en innan við hann er Hlaðbrekka ytri sem nær frá bakkabrúninni og upp að bæjarrústunum.⁸⁰⁹ Bæði Grallarátunga og Hlaðbrekka ytri heyrðu til einu og sama hundraðinu og í því var líka Tunga sem er efst í túninu og rétt innan við bæjarlækinn.⁸¹⁰ Innan við Tungu er Fjóströð og var læna á milli þeirra en með Fjóströð í hundraði var Hlaðbrekka innri.⁸¹¹ Öskuhaugurinn á bakkabrúninni neðan við bæinn skildi að Hlaðbrekku ytri og Hlaðbrekku innri.⁸¹² Innan við Fjóströð er Lambhúströð og niður af henni Stórhóll.⁸¹³ Hann og síðarnefnda tröðin mynduðu saman ellefta hundraðið, talið að utan, en innsta hundraðið í gamla túninu var Litlhóll og nánasta umhverfi hans.⁸¹⁴

Hér hefur áður verið sagt frá skemmuni sem Þorbjörn Gissurarson byggði um 1860 en hún var lengi *myndarlegasta húsið í Selárdal* (sjá hér bls. 45-46). Margvíslegar upplýsingar liggja fyrir um önnur útihús en aðeins sumt af því verður tínt til hér. Valdimar Þorvaldsson gerir skýra

⁷⁹⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

⁸⁰⁰ Sama heimild.

⁸⁰¹ Sama heimild.

⁸⁰² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129.

⁸⁰³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 7.

⁸⁰⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128-129.

⁸⁰⁵ Sama heimild.

⁸⁰⁶ Sama heimild, 130.

⁸⁰⁷ Sama heimild, 129-131.

⁸⁰⁸ Sama heimild.

⁸⁰⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129-131.

⁸¹⁰ Sama heimild.

⁸¹¹ Sama heimild.

⁸¹² Sama heimild.

⁸¹³ Sama heimild.

⁸¹⁴ Sama heimild.

grein fyrir útihúsunum í Selárdal á búskaparárum afa síns, Gissurar Einarssonar, sem stóð hér fyrir búi frá 1828 til 1854. Fróðleik sinn um þau má ætla að hann hafi haft frá dætrum Gissurar, þeim Guðrúnu og Jóhönnu, sem fæddar voru 1832 og 1833. Þær voru báðar í Selárdal á uppvaxtarárum Valdimars hér og var hann um 27 ára aldur þegar Guðrún föðursystir hans andaðist sumarið 1905 en hún átti heima í Selárdal til æviloka.⁸¹⁵ Valdimar ritar:

Samhliða [baðstofunni] að utan voru göng og svo eldhús og búr. Eldhúsið var ofar. Þar var lækurinn. Þar fyrir utan, á bili frá, var kindahús og kofi, líklega fjós. Að nokkru samhliða baðstofunni, að innan til var kúahlaðan og sneri eins. Á hólnum fyrir innan bæinn voru tvö fjárhús, annað sneri upp og ofan en hitt út og inn. Það var kallað Mjóhús. Fyrir neðan bæinn var smiðja sem sneri út og inn. Ofan til við nautahlöðuna [kúahlöðuna sem áður var nefnd – innsk. K.Ó.] var kofi sem húshjón áttu, síðar fjós. Þar fyrir utan og ofan bæjarlækinn var hjallur. Í túnjaðrinum inn af bænum var kvíun, grafin inn í hólröndina, og hesthúsið á hólnum fyrir utan. Nokkru neðar á Ásnum var fjárhús kallað Áshús, og á bökkunum utan við lendinguna var kofi, kallaður Kró [sjá hér bls. 54]. Þessi hús munu öll hafa staðið um 1840. Það er ekki auðið að segja hvað er verk Gissurar og hvað er eldra.⁸¹⁶

Ljóst er að þó nokkur hreyfing hefur verið á fjósinu í Selárdal síðustu 100 árin sem búið var á jörðinni. Valdimar segir hér að *líklega* hafi kofi sem stóð utan við bæinn verið fjós um eitthvert skeið. Það verður þó að teljast óvíst því á öðrum stað segir hann að í tíð afa síns hafi kýrnar verið hafðar undir baðstofuloftinu.⁸¹⁷ Þar virðist hann vera alveg viss og segir svo frá að þegar baðstofa Gissurar var rifin um 1860 hafi fundist *undir bássteinunum þrír hlutir sem ekki áttu að vera til í Súgandafirði eða nágrenni hans.*⁸¹⁸ Þetta voru hrafntinna og vikurkol en *eitt er gleymt, hvað var, skrifar Valdimar.*⁸¹⁹ Það fylgir sögunni að þetta hafi verið eignað Jóni nokkrum Brandssyni og talið að hann hafi komið þessum furðuhlutum undir bássteinana *í þeim tilgangi að spilla láni á kúnum.*⁸²⁰ Sjálfur lét Valdimar sér hins vegar detta í hug að ef til vill hefði aðskotahlutum þessum verið komið fyrir hjá kúnum löngu fyrr.⁸²¹ Jón Brandsson var vinnumaður hjá Gissuri Einarssyni í Selárdal á árunum 1844-1846.⁸²²

⁸¹⁵ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁸¹⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁸¹⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36.

⁸¹⁸ Sama heimild.

⁸¹⁹ Sama heimild.

⁸²⁰ Sama heimild.

⁸²¹ Sama heimild.

⁸²² Manntal 1845. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Hann kom í Selárdal frá Hafnardal á Langadalsströnd við Djúp árið 1844 og var þá um þrítugt, fæddur á Illugastöðum í Múlasveit við norðanverðan Breiðafjörð.⁸²³ Að sögn Valdimars Þorvaldssonar hafði vinnumaður þessi verið *sakaður um morð sem ekki varð fullsannað*⁸²⁴ en engin nánari skýring fylgir þessari alvarlegu staðhæfingu hans.

Jón Brandsson átti heima í Súgandafirði frá 1844 til 1856 og var þá jafnan vinnumaður eða húsmaður nema fardagaárið 1846-1847 en þá bjó hann á jarðarparti í Botni ásamt bústýru sinni, Steinunni Benjamínsdóttur, er hann kvæntist haustið 1851.⁸²⁵ Á dvalarárum sínum í Súgandafirði var Jón lengst á Gilsbrekku en þar átti hann heima í fimm ár, frá 1848 til 1853.⁸²⁶

Líklega hefur fjósið í Selárdal verið undir baðstofupallinum allt þar til synir Gissurar Einarssonar rifu gömlu baðstofuna og byggðu nýja um 1860 eða skömmu fyrr (sbr. hér bls. 41). Þá eða um svipað leyti hafa kýrnar verið færðar í kofann sem Valdimar segir hafa staðið innan við bæinn og aðeins ofar, ofan við kúahlöðuna. Þennan kofa segir hann hafa verið gerðan að fjósi en áður hafi búið í honum húshjón (sjá hér bls. 64). Óvíst er hvaða hjón það voru en þar koma helst til greina hjónin Einar Brynjólfsson og Guðlaug Sigmundsdóttir sem bæði voru vinnuhjú hjá Gissuri í Selárdal frá 1839 til 1848.⁸²⁷ Áður hafði Gissur bóndi eignast dóttur með nýnefndri Guðlaugu (sjá hér bls. 27-28) svo ekki er ólíklegt að makar beggja hafi síður viljað hafa þau undir sama þaki að nóttunni. Önnur hjón sem til greina koma eru Guðmundur Jónsson, sem sagður er hafa fengist við barnakennslu í Selárdal, og kona hans Ingibjörg Jónsdóttir en þau voru hér aðeins í eitt ár, fardagaárið 1842-1843 (sjá hér bls. 28), svo Einar og Guðlaug verða að teljast mun líklegri. Túnskikinn innan við bæinn og ofan við Hlaðbrekkuna heitir Fjóströð (sjá hér bls. 63) sem gæti bent til þess að fjósið hafi lengi verið á þessum stað eða þar í grennd. Óvíst er þó hversu gamalt örnefnið muni vera. Fjósið var fært héðan árið 1886 eða 1887 en þá byggði Þorvaldur Gissurarson nýtt fjós utantil við skemmuna sem stóð fyrir utan bæinn.⁸²⁸ Seinna var kúnum komið fyrir í mikilli sambyggingu sem reist var á nýjum grunni utan við bæinn, *á 12 faðma bili* frá honum, á árunum 1904-1906⁸²⁹ og hér segir nánar frá síðar.

Síðasti bóndinn í Selárdal, Sigurður Samsonarson, sem bjó hér frá 1922 til 1947, færði fjósið svo enn, því hann byggði, að sögn Valdimars, nýtt fjós úr torfi og grjóti *niðri á sléttunni fyrir neðan hlöðuna*.⁸³⁰ Mun þar átt við hlöðuna í hinni miklu sambyggingu sem hér var nýlega nefnd.

Hér var áður gerð almenn grein fyrir skipan útihúsa í Selárdal um 1850 (sjá hér bls. 64). Á árunum 1855-1868 stóðu synir Gissurar

⁸²³ Manntal 1845. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁸²⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36.

⁸²⁵ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁸²⁶ Sömu heimildir.

⁸²⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁸²⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 22. Lbs. 4408^{4to}, sami, bls. 64.

⁸²⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 59-60. Lbs. 3430^{4to}, sami, bls. 24.

⁸³⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 25.

Einarssonar fyrir ýmsum byggingarframkvæmdum en elstur þeirra var Þorbjörn og má ætla að hann hafi látið þar mest til sín taka. Þeir reistu þá m.a. skemmuna sem áður var frá sagt.

Út og upp af kvínni og fyrir ofan hesthúsið (sjá hér bls. 64) byggðu þeir mikið fjárhús úr eintómu grjóti og var það nefnt Grjóthúsið.⁸³¹ Langan tíma tók að vekja upp nægilegt grjót og draga á byggingarstað.⁸³² Húsið var ætlað fyrir 32 fullorðnar sauðkindur.⁸³³ Það var breiðara og rýmra en hin eldri fjárhús í Selárdal.⁸³⁴ Grunnflöturinn var 10 x 16 fet⁸³⁵ eða tæplega 16 fermetrar. Það var með jötubálk úr grjóti, á því voru tvennar dyr og armarnir voru tveir.⁸³⁶ Húsið reyndist illa í fyrstu því jafnan fennti inn um grjótveggina.⁸³⁷ Seinna voru þeir byggðir upp að nýju, í áföngum, og þá með torfi og mold⁸³⁸ ásamt grjótinu.

Við Áshúsið, annað fjárhús sem fyrr var nefnt (sjá hér bls. 64), byggðu Gissurarsynir hlöðu sem var 3 og ½ x 8 álnir að flatarmáli⁸³⁹ eða um 11 fermetrar. Þessi hlaða tók um 50 hesta af heyi þegar búið var að hækka hana upp í 9 og ½ fet⁸⁴⁰ en þá var hæðin orðin rétt tæplega 3 metrar. Gamla fjárhúsið hér inn á Ásnum var 5 x 6 álnir⁸⁴¹ eða tæplega 12 fermetrar. Á því voru tvennar dyr, tveir mæniásar og jata í miðju.⁸⁴² Það tók 20-22 kindur.⁸⁴³

Þorbjörn Gissurarson bjó sjálfstæðu búi á annarri hálfendunni í Selárdal á árunum 1863-1868 (sjá hér bls. 33) og taldist þá eiga mikið af útihúsunum sem hér voru. Er hann fór brott vorið 1868 gat Þorvaldur bróðir hans, sem þá tók við allri jörðinni, ekki leyst þessi hús til sín svo Þorbjörn reif úr þeim allt timbur eins og venja var⁸⁴⁴ og mun hafa farið með það út á Suðureyri en þar hóf hann búskap þetta sama vor. Húsin sem Þorbjörn reif voru kúahlaðan, rétt innan við bæinn, fjárhúshlaðan við Áshúsið, Króin, sem svo var nefnd, en hún stóð á sjávarbakkanum utan við lendinguna og svo var það gamalt fjárhús sem nefnt var Mjóhús og hér var áður getið.⁸⁴⁵ Þorvaldur Gissurarson reisti þessar byggingar ekki við og á þeim árum sem hann bjó einn á allri jörðinni, árunum 1869-1888, voru því engar hlöður hér í Selárdal (sjá hér bls. 38-39).

⁸³¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21. Lbs. 4410^{4to}, Sami, bls. 61.

⁸³² Sömu heimildir.

⁸³³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁸³⁴ Sama heimild.

⁸³⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 61.

⁸³⁶ Sama heimild.

⁸³⁷ Sama heimild.

⁸³⁸ Sama heimild.

⁸³⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 21.

⁸⁴⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 63.

⁸⁴¹ Sama heimild.

⁸⁴² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 63.

⁸⁴³ Sama heimild.

⁸⁴⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 22.

⁸⁴⁵ Sama heimild.

Á árunum 1890-1899 voru ýmsar byggingar reistar í Selárdal. Árið 1890 var byggð ný kví upp úr gamalli hjalltótt fyrir utan Selárdalsána.⁸⁴⁶ Kvíabólið færðist nú þangað en það hafði áður verið rétt innan við túnið.⁸⁴⁷ Gamla kvíin var grafin inn í grasbala hjá **Bóllænu**, er svo heitir, en læna þessi sytraði leið sína alveg rétt innan við Litlhól sem er innsti hluti gamla túnsins.⁸⁴⁸ Grjótið úr þessari kví var rifið og notað í hlöðubyggingu árið 1899.⁸⁴⁹ Utan við gömlu kvína en þó á sama balanum var áður hesthús sem virðist hafa fallið úr brúki um 1850.⁸⁵⁰

Að byggingu nýju kvíarinnar, sem enn stendur (1995), skammt fyrir utan Selárdalsá, unnu konur og börn.⁸⁵¹ Hún er svolítið ofan við sjávarbakkana og er enn hin stæðilegasta, 6-7 metrar á lengd og 2-3 metrar á breidd. Ofan við kvína er gömul tótt, svipuð að lögun. Vera má að hjallurinn, sem kvíin var byggð upp úr, hafi staðið þar en sagt er að hann hafi farið í snjóflóði.⁸⁵²

Árið 1890 hafði ekkert brunnhús verið í Selárdal um langt skeið en 1892 eða skömmu síðar var lítið *lækjarhús* byggt yfir bæjarlækinn og stóð það rétt neðan við götuna sem lá út í *sambyggingu* þá⁸⁵³ er hér var reist fáum árum síðar og brátt verður frá sagt. Lækjarhúsið var úr torfi og grjóti og með hurð á hjörum.⁸⁵⁴

Árið 1895 var *Króin* við lendinguna byggð upp (sjá hér bls. 54) og einu ári síðar, sumarið 1896 var þaki komið á hlöðutóttina inn á Ásnum⁸⁵⁵ (sbr. hér bls. 66). Hér var áður sagt frá gömlum bæjarrústum í Selárdalstúni, sem stóðu í Hesthúspúfum á Efra-Áarhundraði, yst í túninu og skammt fyrir innan Selárdalsá (sjá hér bls. 11-12). Þarna í Hesthúspúfum var byggt nýtt hesthús árið 1897⁸⁵⁶ en svo virðist sem ekkert hesthús hafi verið í Selárdal næstu áratugina þar á undan.⁸⁵⁷ Hesthúsið frá 1897 var 4 x 5 álnir⁸⁵⁸ Á árunum kringum aldamótin 1900 var þetta nýja hesthús einnig notað sem sumarfjós.⁸⁵⁹

Árið 1898 var byggð rétt á Stekkjartúninu innan við Ásinn (sjá hér bls. 7) en 1899 var byggð hlaða við *Grjóthúsið* sem hér var áður nefnt.⁸⁶⁰ Grjóts var aflað veturinn áður, *bæði úr gömlu kvínni og víðar að*.⁸⁶¹ Þessi

⁸⁴⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 5 og 7.

⁸⁴⁷ Sama heimild.

⁸⁴⁸ Sama heimild.

⁸⁴⁹ Sama heimild 5 og 7 og 22-23.

⁸⁵⁰ Sama heimild, 7.

⁸⁵¹ Sama heimild, 22.

⁸⁵² Sama heimild, 5. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 130.

⁸⁵³ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 63. Lbs. 3430^{4to}, sami, bls. 24 og 30.

⁸⁵⁴ Sömu heimildir.

⁸⁵⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 22.

⁸⁵⁶ Sama heimild.

⁸⁵⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15. Sbr. Lbs. 3430^{4to}, sami, bls. 7.

⁸⁵⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30. Lbs. 4410^{4to}, sami, bls. 64.

⁸⁵⁹ Sömu heimildir.

⁸⁶⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 23.

⁸⁶¹ Sama heimild.

hlaða var upphaflega 11 x 18 fet en var lengd í 24 fet árið 1903.⁸⁶² Hæð í mæni var 12 fet.⁸⁶³ Hlaðan tók 120-150 hesta af heyi.⁸⁶⁴ Í hlöðugrindinni var mikið af rauðum harðviði úr skipi sem strandaði við **Sauðanes** sumarið 1898.⁸⁶⁵ Hlöðugólfið var allt *upp púkkað til að losna við vatn* með torfi yfir grjótinu og ræsi fram úr.⁸⁶⁶ Í hlöðunni var gerður brunnur sem aldrei þraut vatn í og var að honum mikið hagræði við fjárhirðingu.⁸⁶⁷

Árið 1902 var íbúðarhúsið byggt, sem fyrr var frá sagt, og á því ári var gamla lambhúsið, sem stóð skammt fyrir innan bæinn, rífið og annað stærra byggt í þess stað ofan við Grjóthúsið.⁸⁶⁸ Nýja lambhúsið var 5 x 8 álnir⁸⁶⁹ eða tæplega 16 fermetrar og í því mátti hafa 30-36 lömb.⁸⁷⁰

Árið 1904 var byggt hús á nýjum grunni, yst í Grallarartungu, í þúfunum *út og niður af hjallinum*⁸⁷¹ sem stóð fyrir utan og ofan bæinn (sjá hér bls. 64). Þetta hús var brúkað sem útielldhús, smiðja og geymsla⁸⁷² Það var 4 x 7 álnir, með veggjum og þaki úr torfi en *þil framan fyrir*.⁸⁷³ Á næsta ári risu þarna fleiri hús svo úr varð mikil sambygging *á 12 faðma bili frá bænum*.⁸⁷⁴ Í þessari stóru byggingu var auk þess sem fyrr var nefnt komið fyrir fjósi, mjólkurhúsi og hlöðu og þar var líka gangur, hjallur og geymsluloft.⁸⁷⁵ Á sambyggingunni voru 6 dyr og 4 gluggar.⁸⁷⁶ Kostnaðurinn við að koma henni upp varð 700,- krónur.⁸⁷⁷ Á árunum 1904 og 1905 voru mörg eldri hús rífin því þeirra var ekki lengur þörf er nýju húsinn í sambyggingunni höfðu verið tekin í notkun.⁸⁷⁸

Í nýja fjósinu þarna voru 3 básar og auk þess pláss fyrir kálf.⁸⁷⁹ Í mjólkurhúsinu var mór geymdur að vetrinum og þar var komið fyrir kvörninni *sem malað hafði verið í um langan aldur*.⁸⁸⁰ Eitt húsanna í sambyggingunni var útielldhús. Þar voru hlóðir og í því var ullin þvegin, svið sviðin og slátur soðið.⁸⁸¹

Á dögum Gissurar Einarssonar, bónda í Selárdal, um og fyrir miðja nítjándu öld, var smiðjukofi fyrir neðan bæinn (sjá hér bls. 64). Hann var seinna notaður sem mógeymsla um nokkurt skeið og árið 1896 fór

⁸⁶² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 61.

⁸⁶³ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 62.

⁸⁶⁴ Sama heimild.

⁸⁶⁵ Sama heimild.

⁸⁶⁶ Sama heimild.

⁸⁶⁷ Sama heimild.

⁸⁶⁸ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 224.

⁸⁶⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 61.

⁸⁷⁰ Sama heimild, 62.

⁸⁷¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 24. Lbs. 4407^{4to}, sami, bls. 215-216.

⁸⁷² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 24,

⁸⁷³ Sama heimild.

⁸⁷⁴ Sama heimild. Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 58-60.

⁸⁷⁵ Sömu heimildir.

⁸⁷⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 24.

⁸⁷⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 24.

⁸⁷⁸ Sama heimild.

⁸⁷⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 59-60.

⁸⁸⁰ Sama heimild. Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 217,

⁸⁸¹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 60.

Valdimar Þorvaldsson, sem þá var 18 ára, að koma sér upp smiðju *utan til í Ásnum*⁸⁸² sem er fyrir innan túnið. Sá kofi var upphaflega 6 x 7 eða 8 fet⁸⁸³ en var lengdur síðar og þegar búið var að koma smiðjunni fyrir í sambyggingunni var hann notaður sem hrútakofi eða fyrir aðrar kindur.

Hér hefur nú verið gerð grein fyrir flestum byggingum sem um er kunnugt og reistar voru í Selárdal á árunum 1792-1912 en á því 120 ára skeiði bjó hér ein og sama ættin og tóku sonur eða synir jafnan við búi af sínum foreldrum. Tóttir sumra þessara húsa gefst enn kostur á að skoða hér í túninu eða rétt fyrir utan það og innan en ýmsar tóttir hafa verið sléttaðar út og eru horfnar af yfirborði jarðar. Með þá lýsingu í höndum sem hér hefur verið saman sett ætti hverjum og einum sem staldrar við í Selárdal að reynast auðvelt að glöggva sig á tóttunum og gera sér grein fyrir hvar hin ýmsu hús stóðu. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að hér eru einnig nokkrar aðrar tóttir, bæði frá yngri og eldri tíma. Þar er fyrst að nefna fjósið, sem Sigurður Samsonarson byggði á árunum 1922-1947 og áður var minnst á (sjá hér bls. 65), og hesthús er hann reisti *á túbrenkkunni utantil við Stóralæk*.⁸⁸⁴ Það hesthús var einnig notað sem sumarfjós.⁸⁸⁵ Sigurður girti líka túnið og sléttaði stóran hluta þess. Hann gekk frá átta sléttum og var samanlagt flatarmál þeirra 3.850 fermetrar.⁸⁸⁶ Sigurður leiddi líka vatn í bæinn, fjós og fjárhús.⁸⁸⁷

Af tóttum í Selárdalstúni, sem ætla má að séu frá átjándu öld eða máske eldri og tvímælalaust frá því fyrir 1840, er helst að nefna tvær tóttir sem standa saman upp við brekkuna innantil við Stóralæk.⁸⁸⁸ Að sögn Valdimars Þorvaldssonar var eitt sinn rist þarna torf, neðan við ytri tóttina, og kom þá í ljós að undir grassverðinum voru brennd viðarkol og aska.⁸⁸⁹ Líklegt má því telja að þarna hafi verið smiðja um eitthvert skeið. Á Neðra-Áarhundraði, skammt innan við Selárdalsá, eru líka tvær fornar tóttir sem virðast vera af fjárhúsi og heygarði.⁸⁹⁰ Fólk fætt á árunum 1830-1840 hafði ekki heyrt nær þessar byggingar höfðu síðast *verið í brúki*, segir Valdimar.⁸⁹¹

Vorið 1910 hafði Sigríður Friðbertsdóttir verið húsfreyja í Selárdal í þriðjung aldar og búandi ekkja í 21 ár. Börn hennar fjögur, sem þá lifðu, voru öll orðin fullorðin og tvö þau elstu komin yfir þrítugt. Ekkert þeirra hafði samt flust að heiman og öll voru þau ógift.⁸⁹² Er hér var komið sögu var Valdimar, elsti sonurinn, orðinn lærður smiður og saman áttu tveir

⁸⁸² Lbs. 4408^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

⁸⁸³ Sama heimild. Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 64.

⁸⁸⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 25.

⁸⁸⁵ Sama heimild.

⁸⁸⁶ Sama heimild, 26.

⁸⁸⁷ Sama heimild.

⁸⁸⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 130. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

⁸⁸⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

⁸⁹⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 130. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

⁸⁹¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 6.

⁸⁹² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

elstu synirnir, Valdimar og Kristján, mótorbát sem þeir gerðu út frá Suðureyrarmölum svo sem fyrr var nefnt.

Ekki er alveg ljóst hvort hugmyndin um að fara burt af jörðinni kom fyrst upp hjá Sigríði eða einhverju barna hennar. Líklegt virðist þó að bræðurnir, Valdimar og Kristján Þorvaldssynir, hafi séð að smíðavinnu, útgerð og sjósókn væri mun auðveldara að stunda frá hinu vaxandi þorpi á Suðureyrarmölum en héðan úr Selárdal.

Hjá móður þeirra kynni snjóaveturinn mikli árið 1910 hins vegar að hafa ýtt undir hugmyndir um brottflutning og svo mikið er víst að næsta haust sagði fólkið í Selárdal jörðinni lausri.⁸⁹³ Þennan vetur, 1909-1910, tók aldrei upp snjó en stöðugt bættist við, allt frá vetrarbyrjun og fram til 10. maí eða í 32 vikur.⁸⁹⁴ Þann 18. febrúar 1910 féll hið mannskæða snjóflóð í Hnífsdal og varð það 20 mannskjum að bana. Sama dag hljóp *öll hlíðin sem hlaupið gat* norðan við Súgandafjörð og fram á Botnsdal.⁸⁹⁵ Þetta mikla snjóflóð braut niður ísinn sem var á firðinum og að sögn Valdimars Þorvaldssonar var það *snjómagn svo mikið að það gat ekki hreinsast út fyrr en eftir tvær vikur.*⁸⁹⁶ Þennan snjóavetur var fénu í Selárdal beitt á marhálmi og þangi í fjörinni alla daga en í lok marsmánaðar var fjörumóðurinn, snjófargið á mörkum lands og sjávar, orðinn 5 metrar á hæð þar sem hann var lægstur, í Stekkjarvíkinni hér rétt innan við Ásinn.⁸⁹⁷ Féð var því í stöðugri hættu og þeir sem því sinntu (sjá hér bls. 9-10).

Snjóflóðahætta er líka ærin víðast hvar í landi Selárdals þó að sjálfur bærinn væri ekki á hættusvæði. Á innri hlíðinni var talin veruleg hætta á snjóflóðum alveg frá landamerkjum á móti Gilsbrekku og út að Grísalæk (sjá hér bls. 4 og Gilsbrekka). Á ytri hlíðinni var hætta ekki minni en þar nær snjóflóðasvæðið alveg frá landamerkjum á móti Norðureyri og inn að Stóralæk sem er hér utantil við mitt túnið.⁸⁹⁸ Um miðbik tuttugustu aldar kunnu menn að segja frá því að eitt sinn hefði snjóflóð hlaupið niður farveg Míganda, lækjarins á landamerkjum Selárdals og Norðureyrar, og náð *upp í götu á Kleif*, handan fjarðarins (sjá hér bls. 84-85). Á hlíðinni utan við Selárdal mátti alls staðar búast við snjóflóðum nema á Leitinu hér rétt utan við Selárdalsá og á litlum bletti þar fyrir utan, það er að segja á svæðinu út að **Löngulág** sem er mjög skammt fyrir utan Leitið.⁸⁹⁹

Eins og fyrr var nefnt sagði fólkið í Selárdal jörðinni lausri haustið 1910 og hugðist þá flytjast búferlum vorið 1911.⁹⁰⁰ Mál skipuðust þó svo að brottförin frestaðist um eitt ár en vorið 1912 yfirgáfu Sigríður Friðbertsdóttir og börn hennar jörðina og settust að í verbúð sem þeir Valdimar og Kristján, synir Sigríðar, áttu á Suðureyrarmölum.⁹⁰¹ Það hús

⁸⁹³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 38.

⁸⁹⁴ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 186-187.

⁸⁹⁵ Sama heimild.

⁸⁹⁶ Sama heimild.

⁸⁹⁷ Sama heimild.

⁸⁹⁸ Örn.st. Kr. G. Þorv. 1949, 124.

⁸⁹⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8. Sbr. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128.

⁹⁰⁰ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 38.

⁹⁰¹ Sama heimild. Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10.

var nefnt Selárdalsbúðin og stendur enn, í breyttri mynd, á sínum gamla stað (sjá hér Suðureyri). Verbúðin var byggð árið 1907 (sjá hér bls. 56) og var í fyrstu 80 rúmmetrar en vorið 1913 var hún stækkuð upp í 106 rúmmetra og bættist þá íbúðarhúsnæði við.⁹⁰²

Er bræðurnir, Valdimar og Kristján Þorvaldssynir, fóru frá Selárdal, ásamt móður sinni og systkinum, vorið 1912 lauk langri sögu því þá voru liðin 120 ár frá því Einar Magnússon, langafi þeirra, hóf hér búskap og allan þann tíma hafði þráðurinn haldist óslitinn. Ýmsar breytingar gengu yfir en heimilið í Selárdal var í raun eitt og hið sama í þessi 120 ár.

Frá tveimur síðustu ábúendum í Selárdal, þeim Kristjáni Halldórssyni og Sigurði Samsonarsyni, verður ekkert sagt á þessum blöðum, enda eru þeir báðir menn tuttugustu aldar. Þess skal aðeins getið að Kristján bjó hér með konu sinni, Guðrúnu S. Jónsdóttur, frá 1912 til 1922 en Sigurður og eiginkona hans, Rósinkransa Sveinbjörnsdóttir, voru hér við búskap frá 1922 til 1947.⁹⁰³ Sigurður Samsonarson, síðasti bóndinn í Selárdal, var langt að kominn en hann fæddist á bænum Barmi á Skarðsströnd við Breiðafjörð 27. mars 1882 og ólst upp á Skarðsströndinni.⁹⁰⁴ Um búskaparhætti í Selárdal á dögum Sigurðar er nokkurn fróðleik að finna í Súgfirðingabók er út var gefin árið 1977 og skal hér vísað til þess sem þar er ritað⁹⁰⁵ og einnig í ritgerð Guðbjarts Gunnarssonar um sama efni í 8. hefti *Mannlífs og sögu fyrir vestan* en Guðbjartur, sem fæddur er árið 1928, ólst upp í Selárdal.

Foreldrar Sigurðar Samsonarsonar, bónda í Selárdal, hétu Sigurlín Sigurðardóttir og Samson Jakobsson en faðir Samsonar og afi Sigurðar var Jakob Aþanasíusson sem lengi bjó á Barðaströnd en var árið 1901 kominn að Ytri-Fagradal á Skarðsströnd til Samsonar sonar síns er hér var nefndur.⁹⁰⁶ Jakob, afi Sigurðar í Selárdal, var mikill sögumaður og færði Þorsteinn Erlingsson skáld ýmsar frásagnir hans í letur. Að Þorsteini látnum voru þessar sögur gefnar út á bók sem prentuð var árið 1933 og heitir *Sagnir Jakobs gamla*.⁹⁰⁷

Við höfum nú reikað um túnið í Selárdal og skoðað tóttirnar. Brátt leggjum við á dalinn en fyrst skulum við röltu svolítið um fjöruna neðan við túnið og bakkana ofan við hana, neðst í túninu. Við stöldrum við hjá lendingunni sem áður var frá sagt (sjá hér bls. 54-55) en hún er beint fyrir neðan innsta hluta gamla túnsins. Steinaraðirnar beggja vegna við hana sýna enn hvar lent var en bátshrófið og fiskikróin, ofan við fjöruna, minna líka á horfna tíð. Oft var erfitt að *bjarga bátum upp á móðinn í fönn að vetrarlagi*.⁹⁰⁸ Við slíkar aðstæður kom gangspilið, sem upp var sett á fyrstu árum tuttugustu aldar, að góðum notum.⁹⁰⁹

⁹⁰² Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10-11.

⁹⁰³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Skattframtöl Sigurðar Samsonarsonar 1947 og 1948 (á Þj.skj.safni).

⁹⁰⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Skarðsþinga. Manntal 1930, Selárdalur.

⁹⁰⁵ Gunnar M. Magnúss 1977, 67. Sbr. þar bls. 59, 302 og 379. Sbr. einnig sami 1978, 170-179.

⁹⁰⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Skarðsþinga. Ísl. æviskrár III, 6.

⁹⁰⁷ Ísl. æviskrár III, 6 og V, 200-201.

⁹⁰⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 31.

⁹⁰⁹ Sama heimild.

Neðan við túnið eru víðast hvar allháir klettabakkar en hér inn við lendinguna eru engir klettur og bakkarnir mun lægri en neðan við bæinn. Tveir steinar sem standa skammt frá hvor öðrum, hér svolítið utar í fjörunni og beint niður af Stórhól, heita **Tvísteinar**.⁹¹⁰ Oft er mikið þang á þessum steinum. Um hálfvallinn sjó eru steinar þessir í flæðarmáli.⁹¹¹ Beint fyrir neðan bæjarrústina er gamli öskuhaugurinn.⁹¹² Fram af honum var fleygt ösku og úrgangi⁹¹³ en hér eru bakkarnir snarbrattir. Ofan við þá og rétt innan við öskuhauginn er lítil steinsteypt tótt og mun vera súrheysgryfja frá dögum síðasta bóndans sem hér bjó. Skammt fyrir utan öskuhauginn gengur klettabrík fram úr bökkunum og heitir hún Klettur.⁹¹⁴ Fram af Kletti er **Langasker**⁹¹⁵ og kemur upp á fjörunni. Frá Kletti og út að Stóralæk er svolítil vík við ströndina og heitir **Túnhöfn** eða **Litlahöfn**.⁹¹⁶ Hér er þó alls ekki hægt að taka upp báta því ofan við víkina eru brattir klettabakkar.

Frá Stóralæk eru tæplega 100 skref út að árósum þar sem Selárdalsá fellur til sjávar. Á gróinni flöt beggja vegna við ósinn sést enn móta fyrir tóttum gamalla skipshrófa en sagnir herma að snjóflóð hafi lagt þau í rúst fyrir margt löngu.⁹¹⁷ Þrjú vöð voru á ánni hér utan við túnið: **Neðstavað**, út af miðju túni, **Hærravað** út af ofanverðu túninu, og **Efstavað** undir brekkunni þar fyrir ofan.⁹¹⁸

Után frá ánni göngum við heim að bæjarrústunum til að kveðja. Við stöldrúm við á hinu forna bæjarhlaði og horfum fram á fjörðinn. Hér er hann aðeins um 700 metrar á breidd og segja má að í Selárdal hafi verið ferjustaður. Oft voru ferðamenn fluttir á bát úr Selárdal yfir fjörðinn en ekki tíðkaðist að taka borgun fyrir slíkan greiða.⁹¹⁹ Væru menn staddir vestan fjarðarins og þyrftu að komast yfir var hóað á **Selinu** hér beint á móti. Kom þá jafnan bátur frá Selárdal til að flytja þann eða þá sem gert höfðu vart við sig með þessum hætti og var sú venja enn við lýði um 1940.⁹²⁰ Býsna oft var ferðamönnum á leið til Bolungavíkur líka fylgt upp á heiði frá Selárdal og þótti sjálfsögð greiðvikni.⁹²¹

Við lítum nú til fjalla. Innan við dalinn, sem liggur að bæjarbaki, er hið fagra Ásfjall sem áður var frá sagt (sjá hér bls. 1 og 8). Fjallið utan við dalinn heitir Hafnarhorn⁹²² og dregur nafn af **Höfninni** sem er hamravík við sjó, skammt fyrir utan Selárdal. Hafnarhorn er svipmikið fjall með

⁹¹⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 129.

⁹¹¹ Sama heimild.

⁹¹² Sama heimild.

⁹¹³ Sama heimild.

⁹¹⁴ Sama heimild.

⁹¹⁵ Sama heimild.

⁹¹⁶ Sama heimild.

⁹¹⁷ Sama heimild, 130. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 5.

⁹¹⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128.

⁹¹⁹ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 179.

⁹²⁰ Sigríður Pétursdóttir frá Laugum. – Viðtal K.Ó. við hana 16.12.1992.

⁹²¹ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 179.

⁹²² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 127.

sterklegri klettabrún. Það er svolítið lægra en Ásfjall og liggur fjallsbrúnin í 534 metra hæð yfir sjávarmáli.

Hin fornu eyktamörk í Selárdal segir Kristján G. Þorvaldsson hafa verið þessi: Dagmál – innst á Ásfjalli. Hádegi – Kvíanesnúpur. Miðmundi – skarð yfir Haugum á Kvíaneshlíð (líklega sama skarðið og fólk í Vatnadal nefndi Haugadyr, sjá hér Fremri-Vatnadalur, - innsk. K.Ó.). Nón – Laugatindur, beint fyrir ofan bæinn á Laugum, en hann var stundum nefndur Nóntindur í Selárdal. Miðaftann – Háakleif, um það bil tveimur kílómetrum fyrir innan Suðureyri. Náttmál – Galtartangar.⁹²³

Yfir heiðina Grárófu, milli Selárdals í Súgandafirði og Tungudals í Bolungavík, lagði margur maðurinn leið sína á fyrri tíð því þetta var alfaravegur. Hann er þó ófær ríðandi mönnum og ekki er heldur unnt að komast yfir heiðina með lausan hest í taumi.⁹²⁴ Þessu veldur ekki síst allt stórgrýtið sem gerir hestum erfiðara fyrir en mönnum. Mælt á korti er leiðin frá Selárdal að Þjóðólfstungu í Bolungavík, sem er fyrsti bær norðan heiðar, aðeins um tíu kílómetrar en það segir litla sögu því brattinn er ærinn beggja vegna heiðarinnar sem liggur í nær 600 metra hæð. Heiðin sjálf er mjög stutt, aðeins nokkur hundruð metrar, en vilji nútímafólk ganga þessa leið þarf það að gefa sér góðan tíma því grjótið tefur fyrir. Sæmilega frískir göngumenn komast þó alla leið frá Selárdal að Þjóðólfstungu á fimm klukkustundum ef vel viðrar og ungt fólk í góðri þjálfun á skemmri tíma (sbr. hér bls. 80).

Nafnið Grárófa er skemmtilegt og má ætla að mönnum hafi dottið eitt og annað í hug til skýringar á því. Enginn veit með vissu hvenær heiðin fékk þetta nafn né heldur hvað sá eða sú hafði í huga sem nafnið gaf. Elsta skýringartilgátan sem fyrir liggur er frá Guðrúnu Þórðardóttur, húsfreyju á Suðureyri, en hún sagði Magnúsi Hjaltasyni að heiðin væri nefnd Grárófa af því að grá þokurófa lægi þar oftast á fjallinu fyrir Selárdalnum.⁹²⁵ Guðrún var fædd árið 1860 og ólst upp í Vatnadal í Súgandafirði (sjá hér Suðureyri). Þessa skýringu á nafni heiðarinnar kvaðst hún strax hafa heyrt á sínum uppvaxtarárum.⁹²⁶

Við kveðjum nú tóttirnar í Selárdal og stefnum í átt til heiðarinnar. Ætlunin er þó ekki að ganga norður í Bolungavík heldur aðeins sú að litast um á dalnum sem ber sama nafn og jörðin Selárdalur. Þjóðgatan lá frá bænum út túnið í Selárdal⁹²⁷ og sér enn móta fyrir henni, enda var hún kvíavegur heimafólks frá 1890 (sjá hér bls. 67). Þeir sem stefndu á Grárófu fóru síðan upp með ánni uns komið var nær alveg að Kerlingunni, fimm metra háum steindrang sem við augum blasir þegar brekkurnar ofan við túnið hafa verið lagðar að baki.⁹²⁸ Rétt hjá kerlu var farið yfir ána og síðan

⁹²³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 126.

⁹²⁴ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 116. Kristján G. Þorvaldsson 1983, 122.

⁹²⁵ Lbs. 2232⁴⁰, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 30.1.1914.

⁹²⁶ Lbs. 2232⁴⁰, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 30.1.1914.

⁹²⁷ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 132 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹²⁸ Sama heimild, bls. 132-138. Guðbjartur Gunnarsson. - Viðtal K.Ó við hann 19.3. 1998.

fram dalinn að utanverðu og um bratta aurhlíð sem heitir Kinn. Heiðarvegurinn lá á snið fram Kinnina, utantil við klettagirðinguna sem setur svip sinn á dalbotninn.⁹²⁹

Brekkan ofan við túnið í Selárdal heitir **Túnbrekka** og upp af henni er **Hærribrekka** en fyrir ofan þá brekku **Hvarf**, þar sem bærinn hverfur þegar upp er farið.⁹³⁰ Inn af Hærribrekku er Bjarnasonarbrekka og nær hún inn undir Ás⁹³¹ (sbr. hér bls. 5 og 8). Yst á Hærribrekku, sem fyrr var nefnd, er **Lyngholt**.⁹³² Út með ofanverðu holtinu rennur áin í djúpum farvegi og síðan niður utantil við það.⁹³³ Heitir þar **Árgil** en ofan við það er **Stórifoss** sem fellur fram af hárrí klettabrún.⁹³⁴ Dalurinn sjálfur er flatlendur en með *bröttum brekkum og bröttum hlíðum á báða vegu*.⁹³⁵

Utan við ána, út af Stórafossi en ofan við Árgil, er graslendi sem heitir **Fossengi** og upp af því eru **Fossabrekkur**.⁹³⁶ Utan og ofan við þær er hár bungumyndaður hjalli sem heitir **Fossakinn**.⁹³⁷ Hjalli þessi nær út að **Háateig** (sjá hér bls. 81) og fram undir nýnefndar Fossabrekkur.⁹³⁸ Neðan við brún hjallans er mjög brött brekka, sem er kjarri vaxin, og *brattir aurar sem vísa fram til dalsins, niður á Fossabrekkur*.⁹³⁹ Ofan við Fossakinn og framantil við hana er **Tjaldstaður**, *hringmyndaður smáhjalli* er hér verður brátt sagt nánar frá, en ofan við hann er **Grjótufsagjóta** sem skilur fjallið Hafnarhorn frá fjallinu sem tekur við framan við gjótuna.⁹⁴⁰ Neðan úr dalnum sjáum við líka breiða aurhillu í klettum Hafnarhorns. Hún heitir **Breiðhilla** og nær frá **Hafnardal**, sem er lítil hvilft utan við mynni Selárdals, og alveg fram að Grjótufsagjótu.⁹⁴¹

Nafnið Tjaldstaður vekur athygli en eins og fyrr var nefnt er þetta *hringmyndaður smáhjalli* í snarbrattri hlíðinni ofan við Fossakinn en neðan við Grjótufsagjótu. Brúnir hans eru háar en *hvolf í miðjunni*.⁹⁴² Munnmæli herma að eitt sinn hafi allt fólk úr Selárdal *flúið bæinn fyrir ræningjum* og hafi það tjaldað í kvosinni á þessum hjalla.⁹⁴³ Vera má að saga þessi sé sönn því kunnugt er að erlendir ránsmenn létu greipar sópa á ýmsum bæjum í Súgandafirði árið 1579 og urðu fjórum mönnum að bana í þessu fámenna byggðarlagi (sjá hér Fremri-Vatnadalur og Botn). Einnig gæti verið að folkið í Selárdal hafi flúið til fjalls af ótta við Spánverjana sem

⁹²⁹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, bls. 132-138. (Vestf. sagnir III. 1). Guðbjartur Gunnarsson. - Viðtal K.Ó við hann 19.3. 1998

⁹³⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 131.

⁹³¹ Sama heimild. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 133 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹³² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 131.

⁹³³ Sama heimild.

⁹³⁴ Sama heimild.

⁹³⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 4.

⁹³⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132.

⁹³⁷ Sama heimild. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 134 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹³⁸ Sömu heimildir.

⁹³⁹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 134 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁴⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁹⁴¹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 130 (Vestf. sagnir III. 1). Sbr. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132.

⁹⁴² Örn.st. Kr. G. Þorv. 1949, 132.

⁹⁴³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132.

rændu í Súgandafirði og víðar á Vestfjörðum haustið 1615 (sjá hér Fjallaskagi). Í kvosinni uppi á Tjaldstað mun vera auðvelt að koma fyrir litlu tjaldi án þess það sjáist neðan af láglandi.⁹⁴⁴ Þaðan er hins vegar gott útsýni yfir dalinn og heim að bænum.⁹⁴⁵ Sé litið til Tjaldstaðar neðan frá dalnum skagar þessi litli hjalli eins og horn út úr brattri hlíðinni.⁹⁴⁶

Hér var áður rætt um brekkurnar ofan við túnið í Selárdal en þar er Túnbrekka neðst, þá Hæribrekka og síðan Hvarf (sjá hér bls. 74). Innantil í dalnum er svo **Fremstabrekka**, *nokkuð fyrir ofan Hvarf*, og er hún á móts við Fossabrekkur, handan árinna.⁹⁴⁷ Frá innanverðri brún Fremstubrekku liggur mjótt graslandi sem endar í sléttri flöt, svolítið frammar í dalnum, og heitir hún **Seljabreið**.⁹⁴⁸ **Kerlingarurðin** liggur utar en til að sjá ber hana hærra.⁹⁴⁹ Urðin nær heim fyrir Seljabreið, fram fyrir Stórholt og út að á⁹⁵⁰ en **Stórholt** er heljarmikið grjótholt í innri hlíð dalsins sem markar þar ásýnd hans. Utan við það og neðan við hlíðarrætur blasa við Kerlingarurðin og Seljabreið.⁹⁵¹

Seljabreið er innantil í dalnum og þaðan sem Ásinn, er fyrr var nefndur (sjá hér bls. 7-8), mætir fjallinu er örskammt að henni. Örnefnið bendir eindregið til þess að hér hafi verið sel en seltóttirnar eru nú horfnar. Valdimar Þorvaldsson segir að þær hafi tekið af í aurflóði og getur þess að fólk sem var í Selárdal um 1850 hafi munað eftir tóttunum.⁹⁵² Að hans sögn voru þær *heiman til* á Seljabreið, *undir Seljabreiðarhryggnum*.⁹⁵³ Vatnsbólið í selinu segir Valdimar hafa verið í læk er kom *undan urðinni*, *heiman til við breiðuna* og muni sá lækjarfarvegur hafa verið um 40 faðmar.⁹⁵⁴ Lækurinn var þarna enn árið 1997.

Á mörkum dalsins og hlíðarinnar innan við hann liggur Ásinn og innan við hann Hjallarnir (sjá hér bls. 1 og 5-6) en yst á Hjöllunum er slægjulandið Ásteigur (sjá hér bls. 5). Frá Seljabreið má ganga upp í Ásteig á 10 mínútum en þar er merkileg tótt sem Valdimar Þorvaldsson greinir frá með þessum orðum:

Á Hjöllunum innan við Ásinn heitir Ásteigur (af slægjulandi). Það er láglandara en fyrir utan og innan og veðursæld eins og líka er á Seljabreið. Þar er tótt mikil, öll grasigróin. Sagt er að það hafi verið fjós fyrir 30 geldneyti sem beitt hafi verið þar að vetrinum meðan fært var en það er sjáanlegt eins og skrifað að þetta hefur verið í sambandi

⁹⁴⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132.

⁹⁴⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 134-135 (Vestf. sagnir).

⁹⁴⁶ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 11.

⁹⁴⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 131. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 135 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁴⁸ Sömu heimildir.

⁹⁴⁹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9.

⁹⁵⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 135 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁵¹ Sbr. sömu heimild og Örn.st./Kr.G.Þorv. 1949, 131.

⁹⁵² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9-10.

⁹⁵³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9-10.

⁹⁵⁴ Sama heimild.

*við selið, að vetrinum, og þar [í selinu – innsk. K.Ó.] hefur nautamaðurinn haldið til og sofið. Það er 5-10 mínútna leið á milli og þar geta hafa verið líka einhverjar skepnur honum til gamans að hirða.*⁹⁵⁵

Tvímælalaust er að sú bygging sem hér stóð hefur verið ætluð til skjóls fyrir búpening en saga Valdimars um 30 geldneyti eða uxa⁹⁵⁶ kynni þó að vera síðari tíma skáldskapur. Tóttin er enn á sínum stað, rétt innantil við efsta hluta Ássins og stærðin um það bil 3,5x6 metrar.

Frá tóttinni í Ásteig snúum við sömu leið til baka og stöldrum við á Seljabreið skamma stund. Á árunum kringum aldamótin 1900 voru seltóttirnar komnar undir aur fyrir alllöngu en þá voru kýrnar í Selárdal oft reknar hingað að sumrinu.⁹⁵⁷ Í grasteigunum ofan við Seljabreið og heiman við Stórholt er líka allgóð beit. Þeir heita **Seljabreiðarteigar**.⁹⁵⁸

Frá Seljabreið er gott að fylgja götunni yfir Kerlingarurð á leið fram dalinn. Á einum stað í urðinni er svolítill hellir og er hann á hægri hönd þegar gengið er fram eftir.⁹⁵⁹ Fremst í Kerlingarurð eða rétt framan við hana stendur klettastrýtan Kerling, sem fyrr var nefnd, á holti einu og mun hún vera um það bil 5 metrar á hæð.⁹⁶⁰ Sigurður Samsonarson, er var síðasti bóndinn í Selárdal, taldi að huldufólk byggði í grennd við Kerlinguna⁹⁶¹ Svólítið heimar á dalnum er **Litlugjarðavað**, *undir hrygg út af Kerlingarurð*.⁹⁶² Þar er gott að komast yfir ána.

Framan við nýnefnt vað eru **Litlugjarðateigar** í ytri hlíðinni en heiman við þá, framan við Grjótufsagjótu, sem hér var áður nefnd (sjá bls. 74), eru þar **Grjótufsir fremri** og skriðurnar neðan við þær nefndu menn **Urð**.⁹⁶³ Framan við Litlugjarðateiga og á móts við Kerlingu eða því sem næst eru klettabelti í ytri hlíðinni.⁹⁶⁴ Þar er **Breiðhilla fremri**, en neðri beltin heita **Litlugjarðir**.⁹⁶⁵ Niður þær fellur **Litlugjarðagil** og þar í lækjargilinu er surtarbrandur á neðsta beltinu.⁹⁶⁶ Árið 1901 var sýnishorn af brandinum á Litlugjörðum sent í rannsókn til Englands að frumkvæði Páls Torfasonar á Flateyri⁹⁶⁷ en þeir Torfasynir, Páll og Kristján bróðir hans, voru á árunum upp úr aldamótunum 1900 með margvíslegar ráðagerðir um málmleit, vinnslu jarðefna og námagröft í Ísafjarðarsýslu (sjá hér Flateyri og Botn).

⁹⁵⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 100-101.

⁹⁵⁶ Sbr. Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10.

⁹⁵⁷ Lbs. 4407^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 153.

⁹⁵⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 131.

⁹⁵⁹ Sama heimild.

⁹⁶⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 135. (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁶¹ Vestfirskar þjóðsögur II. 2, 69-70.

⁹⁶² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 132.

⁹⁶³ Sama heimild.

⁹⁶⁴ Sama heimild.

⁹⁶⁵ Sama heimild, 132-133.

⁹⁶⁶ Sama heimild.

⁹⁶⁷ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36-37.

Stykkið frá Litlugjörðum, sem sent var utan, var 25 eða 30 kíló að þyngd en frá Páli Torfasyni fengu bræðurnir í Selárdal síðar það svar að þetta hefðu ekki reynst vera kol en *asfalt og fleiri verðmæt efni ... fullt eins verðmæt og kol.*⁹⁶⁸ Valdimar Þorvaldsson, sem hér var um skeið manna kunnugastur, segir að í lækjargilinu á Litlugjörðum sé *hella af fjallbrandi* og surtarbrandsmylsna þar til hliðar á báða vegu á um 250 metra svæði í hlíðinni.⁹⁶⁹

Miðbrekkuhryggur er í ytri hlíð dalsins, framan til við Litlugjarðir og nær hann niður að á.⁹⁷⁰ Framan við hrygg þennan er **Miðbrekkugil** og þar fyrir framan **Miðbrekka** sem nær þvert yfir dalinn.⁹⁷¹ Frá henni miðri og að innri hlíð dalsins, *þegar framur kemur*, er **Miðbrekkuurð** en í ytri hlíðinni eru **Miðbrekkuteigar**.⁹⁷²

Framan við Miðbrekkuurð er **Garðshryggur** og nær hann þvert yfir dalinn.⁹⁷³ Munnmæli herma að þar hafi áður verið hlaðinn garður og fyrir framan hann hafi geldneyti verið höfð á beit.⁹⁷⁴ Engar leifar þessa mannvirkis eru nú sjáanlegar en vera kann að garðurinn hafi hulist skriðum.⁹⁷⁵ Nær allt beitilandið sem menn töldu að þarna hefði verið á fyrri tíð, framan við Garðshrygg, er líka komið undir urð og grjót.⁹⁷⁶ **Garðshryggsgjóta** er í fjallinu innan við dalinn og liggja skriður frá henni niður á hrygginn.⁹⁷⁷ Upp af Miðbrekku og Garðshrygg eru þrjár grösugar hillur neðarlega í fjallinu utan við dalinn og heita **Neðstigangur**, **Miðgangur** og **Hæstigangur** eða **Efstigangur**.⁹⁷⁸

Framan við Garðshrygg er brött aurhlíð utan til í dalnum og nær fram í dalbotn.⁹⁷⁹ Um þessa aurhlíð, sem heitir **Kinn**, lá heiðarvegurinn.⁹⁸⁰ Klettagirðing fyrir dalbotninum heitir **Dalbotn** og er hún áföst við klettana fremst í innri hlíðinni.⁹⁸¹ Fært er upp miðjan þennan klettavegg og einnig innan til en hinn gamli alfaravegur lá á snið fram Kinnina, sem fyrr var nefnd, og á Dalbotn.⁹⁸² **Kræðuhjalli** liggur enn hærra í dalbotninum og tekur nafn af kræðu sem þar vex en hún er sérstök tegund af fjallagrösum.⁹⁸³ Gömlu þjóðleiðinni upp úr dalbotninum lýsir Kristján G. Þorvaldsson svo:

⁹⁶⁸ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 36-37.

⁹⁶⁹ Sama heimildir, 3.

⁹⁷⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 133. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 136 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁷¹ Sömu heimildir.

⁹⁷² Sömu heimildir.

⁹⁷³ Sömu heimildir.

⁹⁷⁴ Sömu heimildir.

⁹⁷⁵ Sömu heimildir.

⁹⁷⁶ Sömu heimildir.

⁹⁷⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 133. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 136 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁷⁸ Sömu heimildir.

⁹⁷⁹ Sömu heimildir 1949, 133-134 og 1946, 137-138.

⁹⁸⁰ Sömu heimildir.

⁹⁸¹ Sömu heimildir.

⁹⁸² Sömu heimildir.

⁹⁸³ Sömu heimildir.

Leiðin liggur fram Kinn og fram fyrir klettana að utanverðu, er þar beygt til vinstri og gengið uns komið er á hjalla undir dálitlum slakka í fjallshrygginn, þá beygt til hægri upp bratta og nokkuð háa brekku upp á fjallið.⁹⁸⁴

Sjálfur heiðarvegurinn, milli brúna, er mjög stuttur. Kristján G. Þorvaldsson nefnir 100 metra⁹⁸⁵ en ef marka má uppdrátt frá Landmælingum Íslands eru 300 metrar nær lagi.⁹⁸⁶ Á Grárófu voru þrjár vörður um aldamótin 1900 og sá frá þeirri nyrstu niður á Bolungavíkurmali.⁹⁸⁷ Hryggurinn uppi á heiðinni heitir **Grárófuhryggur**.⁹⁸⁸ Hann liggur í boga út fjallið og nær út á Mígandisdalsbrún⁹⁸⁹ (sbr. hér bls. 84-85).

Af Grárófuvegi lágu tvær leiðir til Skálavíkur, önnur um **Meira-Hrauskika** að bænum Meira-Hrauni en hin um **Gönguskörð** og Minna-Hraunsdal að bænum Minna-Hrauni.⁹⁹⁰ Væri stefnan tekin á Meira-Hrauskika á ferð frá Selárdal var vikið til vinstri af alfaraleiðinni yfir Grárófu *nokkru áður en komið er undir sjálfa heiðina*.⁹⁹¹ Þeir sem kusu að fara um Gönguskörð og niður á Minna-Hraunsdal viku hins vegar ekki út af Grárófuveginum fyrir en farið var að halla svolítið norður af.⁹⁹²

Leiðin um Meira-Hrauskika er styttri en hin sem liggur um Gönguskörð. Vegna brattlendis í kikanum er hún samt erfiðari. Á leiðinni sem liggur um nefndan kika er líka mun lengra á milli brúna, nær hálfur annar kílómetri, og þótti hún *vandfarin í dimmviðri*⁹⁹³ því að fjallið er marflatt. Hin leiðin, sú sem liggur af Grárófuvegi um Gönguskörð og Minna-Hraunsdal, er því bæði öruggari og greiðfærari en svolítið lengri eins og fyrr var nefnt. Úr Gönguskörðum liggur leiðin niður í Skálavík norðan við Svartafjall. Hún er klettalaus og hallinn þægilegur gangandi manni.

Enginn veit nú hversu margir hafa orðið úti á Grárófu á liðnum öldum eða í dölunum sem að heiðinni liggja. Síðastur bar hér beinin Sigurður Kristjánsson er varð úti 4. febrúar 1923 í áhlaupsveðri á leið frá Bolungavík til heimilis síns í Selárdal.⁹⁹⁴ Sigurður var tæplega fertugur að aldri er hann týndi lífi í þorrabylnum harða.⁹⁹⁵ Prestur segir hann þá hafa verið *á sveit í Selárdal*⁹⁹⁶ en áður var hann í allmörg ár kvæntur fjölskylduþeir á Suðreyrarmölum og átti Elísabetu Jónsdóttur fyrir

⁹⁸⁴ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 137 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁸⁵ Sama heimild.

⁹⁸⁶ Uppdráttur Íslands, blað 11, gefið út af Landmælingum Íslands árið 1977.

⁹⁸⁷ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 137 (Vestf. sagnir III. 1).

⁹⁸⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 134.

⁹⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁹⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 137-138. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 16.

⁹⁹¹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 137-138.

⁹⁹² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 16.

⁹⁹³ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 138 (Vestf.sagnir III.1).

⁹⁹⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹⁹⁵ Sama heimild.

⁹⁹⁶ Sama heimild.

konu⁹⁹⁷ (sbr. hér Bær og Suðureyri). Lík Sigurðar mun ekki hafa fundist fyrir en í marslok eða aprílbyrjun því það var jarðsett á Stað hinn 9. apríl.⁹⁹⁸ Um Sigurð Kristjánsson sem varð úti á Grárófuvegi ritar Gunnar M. Magnúss svo:

*Sigurður var grannvaxinn og veikbyggður en vann þó svo sem honum var unnt, hverjum manni liðugri til vika og talsverður ferðamaður yfir heiðar. Hann hafði fengið höfuðhögg í bernsku og af þeim sökum gekk hann aldrei heill til skógar. Hann var ljúfur í framkomu, barnalegur, en lagði aldrei stýggðaryrði til neins manns.*⁹⁹⁹

Er ferðamaður þessi fann að hann komst ekki lengra lagðist hann á bakið og lagði hendurnar í kross yfir brjóstið.¹⁰⁰⁰ Beið svo dauða síns og í þessum stellingum fannst líkið.¹⁰⁰¹

Yfir Grárófu fóru bæði ríkir og snauðir á fyrri tíð og allir gangandi. Förukonur og beiningamenn lögðu hér stundum á brattann, norðan eða vestan heiðar, og ekki er ólíklegt að Hjálmar Þorsteinsson goggur, alkunnur Vestfjarðaflakkari á sinni tíð, hafi komið yfir Grárófu er hann gisti í Selárdal á dögum Gissurar bónda Einarssonar, um eða skömmu fyrir miðja nítjándu öld, og Valdimar Þorvaldsson segir frá.¹⁰⁰² Svo virðist sem fyrsta koma Hjálmars í Selárdal hafi orðið fólkinu þar minnisstæð. Dætur Gissurar, þær Guðrún og Jóhanna, voru ungar er Hjálmar bar að garði en allmörgum áratugum síðar kunnu þær enn að segja frá þessum undarlega gesti því frá þeim hlýtur Valdimar Þorvaldsson að hafa fróðleik sinn um hann (sbr. hér bls. 32). Einstök orðtök og setningar úr munni Hjálmars taldi fólkið í Selárdal sig muna. Að áliðnu kvöldi, þegar búið var að slökkva ljósið í baðstofunni, tók Hjálmar til sín askinn, sem húsfreyjan í Selárdal hafði skammtað honum í, og sagði stundarhátt: *Gallalausar góðgerðir er gott að þiggja.*¹⁰⁰³ Síðan fór hann að eta og *slumsaði nú í honum stórum.*¹⁰⁰⁴ Er Hjálmar kom í Selárdal í fyrsta sinn voru börnin hrædd við hann en seinna varð hann gestur sem þau höfðu gaman af.¹⁰⁰⁵ Hann sagði þeim sögur og las kvæði sem sum voru skrifuð upp.¹⁰⁰⁶

Einar Jónsson, síðar bóndi á Meiri-Bakka í Skálavík, er andaðist á Suðureyri sumarið 1908, þá heimamaður þar, átti lengi heima í Selárdal á

⁹⁹⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁹⁹⁸ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹⁹⁹ G. M. M. 1977, 448-449.

¹⁰⁰⁰ Sama heimild.

¹⁰⁰¹ Sama heimild.

¹⁰⁰² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15-16. Sbr. Landsyfirréttardóma og hæstaréttardóma 1802-1873, VI, 188-189. Sbr. einnig Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 8, Dóma- og þingbók 1835-1841. Réttarhald í Reykjarfirði í Vatnsfjarðarsveit 22.2.1840.

¹⁰⁰³ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 15-16.

¹⁰⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁰⁵ Sama heimild.

¹⁰⁰⁶ Sama heimild.

yngrri árum, kom 14 ára vorið 1855 og fór vorið 1867 (sjá hér Suðureyri). Hann átti á því skeiði margar ferðir yfir Grárófu og þekkti að sögn *hvern stein* á heiðinni (sjá hér Suðureyri). Í Selárdal var lengi haft fyrir satt að eitt sinn hefði Einar fundið gullhring uppi á Grárófu.¹⁰⁰⁷ Þá undarlegu sögu færði Kristján G. Þorvaldsson í letur og segir frá á þessa leið:

*Piltur sá var nokkur ár í Selárdal sem hét Einar Jónsson, vandaður maður til orða og verka. Eitt sinn er hann átti leið um Grárófu fann hann þar kræklingsskel og var í henni gullhringur. Einar tók hringinn og hafði hann með sér. Sýndi hann fólkinu á bænum hringinn en lét hann síðan í læstan kistil. Nokkru síðar kom maður á bæinn og sagði Einar honum frá þessu, fór í kistilinn og ætlaði mannum hringinn en hann var þá ekki í kistlinum og sást ekki eftir það.*¹⁰⁰⁸

Um þennan Grárófuhring er líklega best að hugsa sem minnst en nýnefndur Einar Jónsson var hér enn á ferð aðfaranótt 25. júní 1893.¹⁰⁰⁹ Hann var þá orðinn 52ja ára gamall og var að koma frá Hnífsdal þar sem hann hafði verið í skiprúmi á vertíðinni.¹⁰¹⁰ Einar lagði af stað frá Hnífsdal klukkan tólf á miðnætti, gekk þaðan út í Bolungavík og áfram yfir Grárófu, að Selárdal, og svo út að Norðureyri, sem er næsti bær hér fyrir utan.¹⁰¹¹ Þangað kom hann klukkan sjö að morgni.¹⁰¹² Allt ferðalagið, frá Hnífsdal að Norðureyri, tók sjö klukkustundir og má því ætla að í þessari ferð hafi Einar gengið á fjórum tímum yfir Grárófu, það er að segja leiðina bæja á milli, frá Þjóðólfstungu að Selárdal.

Oft er þoka á Grárófu og stöku sinnum villtust menn sem hér voru á ferð af réttri leið. Kristján G. Þorvaldsson segir frá því að eitt sinn hafi Ólafur Lárentíusson, sem var bóndi á Gelti frá 1862 til 1879, tapað áttum á heiðinni. Ólafur var þá að koma norðan úr Bolungavík að vetrarlagi og lenti í dimmum byl svo hann sá ekkert frá sér.¹⁰¹³ Gekk hann of mikið til vinstri handar og villtist fram á Ásfjall.¹⁰¹⁴ – *Vissi hann ekki fyrr en stafurinn rann niður úr hendi hans* en skildi þá þegar að hann var staddur á fjallsbrún.¹⁰¹⁵ Ólafur var þarna í bráðri hættu en komst að lokum við illan leik niður í **Áreiðardal**, á landamerkjum Selárdals og Gilsbrekku, og til

¹⁰⁰⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 41.

¹⁰⁰⁸ Sama heimild.

¹⁰⁰⁹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 24.6. og 25.6.1893.

¹⁰¹⁰ Sama dagbók maí og júní 1893.

¹⁰¹¹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 24.6. og 25.6.1893.

¹⁰¹² Sama heimild.

¹⁰¹³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 19.

¹⁰¹⁴ Sama heimild.

¹⁰¹⁵ Sama heimild.

bæja.¹⁰¹⁶ Stafurinn fannst um vorið á Ásaklettum *en upp af þeim er fjallið snarbratt frá efstu brún.*¹⁰¹⁷

Ýmsar aðrar sögur voru sagðar af mönnum sem villst höfðu á Grárófu, jafnvel í björtu veðri. Einn fór sem leið liggur frá Bolungavíkurmölum fram Tungudal en tók skakka stefnu er hann kom á heiðina, ætlaði að Selárdal en kom til byggða í Syðridal í Bolungavík.¹⁰¹⁸ Annar var sagður hafa villst af Grárófu *út fjall* í sól og blíðu og ekki náð að átta sig fyrir en hann var kominn út á **Öskubak**¹⁰¹⁹ en þangað eru liðlega tíu kílómetrar frá heiðarveginum. Á fjallinu utan við Grárófu er lítið um mishæðir eða önnur kennileiti. Þarna uppi er landið nær marflatt en háslétta þessi, sem nær frá Grárófu út á Öskubak, liggur öll í 500-600 metra hæð yfir sjávarmáli. Um hana liggja hin fornu hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Hólshrepps en í síðarnefnda hreppnum var Skálavík ysta byggð.

Oft var færðin þung á leiðinni yfir Grárófu að vetrarlagi. Magnús Hjaltason fór þessa leið frá Selárdal norður í Bolungavík 11. febrúar 1898 og segir í dagbók sinni þann dag: *Af heiðinni niður til Bolungavíkur var mesta ófærð, lausamjöll í buxnalinda og meira, barinn snjór í hné og mitt læri.*¹⁰²⁰

Frá heiðarveginum yfir Grárófu hverfum við nú til baka og nemum ekki staðar fyrir en á sjávarbökkunum utantil við Selárdalsá. Þar stendur enn kvíin sem konur og börn byggðu úr grjóti árið 1890 og áður var frá sagt (sjá hér bls. 67). Við kvíarvegginn er gott að hvíla lúin bein en til langrar setu er ekki boðið því ætlunin er að ganga í kvöld út að Norðureyri. Spölurinn þangað er um það bil fjórir kílómetrar.

Kvíabólið sem við kveðjum nú náði frá Selárdalsá og út undir Leiti en svo heitir hryggurinn hér fyrir utan, sem byrgir sýn þegar horft er út á við frá gamla bæjarhlaðinu í Selárdal.¹⁰²¹ Upp af Leiti og utan við það er **Lágiteigur** og upp úr honum liggur **Háateigsbrekka** sem er neðri hluti **Háateigs** en efstu gearar hans ná upp undir Breiðhillu¹⁰²² sem hér var áður getið um (sjá bls. 74 og 76). Lækurinn sem rennur niður Leitið heitir **Leitislækur**.¹⁰²³ Hann þornar aldrei og í hann varð fólkið í Selárdal stundum að sækja vatn til daglegrar neyslu frostaveturinn mikla 1881-1882 (sjá hér bls. 62-63).

Á Leitinu sjást enn þrjár gamlar tóttir og fólk sem átti heima í Selárdal um aldamótin 1900 lét sér koma til hugar að ef til vill hefði verið hér stekkur á fyrri tíð eða máske *hús einbúa*.¹⁰²⁴ Sagt er að aldrei falli snjóflóð hér á Leitinu og ekki heldur á svæðinu frá Leiti og út að Löngulág sem er

¹⁰¹⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 19.

¹⁰¹⁷ Sama heimild.

¹⁰¹⁸ Sama heimild.

¹⁰¹⁹ Sama heimild.

¹⁰²⁰ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 11.2.1898.

¹⁰²¹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 129-130 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰²² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128.

¹⁰²³ Sama heimild.

¹⁰²⁴ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

hér mjög skammt fyrir utan.¹⁰²⁵ Veruleg hætta mun hins vegar vera á snjóflóðum hvarvetna annars staðar á hlíðinni utan við Selárdal.¹⁰²⁶ Langalág sem hér var nefnd ber nafn með réttu og nær hún alveg *niður á bakka* og *upp í Lágateig*.¹⁰²⁷ Skerið framan við Leiti og Löngulág heitir **Leitissker**.¹⁰²⁸ Djúpt sund en mjótt skilur það frá **Hafnarskeri** sem er aðeins utar.¹⁰²⁹

Á hlíðinni utan við Selárdal eru enn svolitlar leifar af skógarkjarri á stöku stað og ná þær alveg út undir landamerkin við Míganda.¹⁰³⁰ Gamli slægjublettir utan við Löngulág og Lágateig, sem fyrr var nefndur, heita **Rjóður**.¹⁰³¹ Þetta graslendi er fyrir innan **Lágabala**, sem svo heitir, og fyrir neðan hann nær það alveg út að **Hafnargili**.¹⁰³² Lágibali er dálítill hjalli innanvert við Hafnargil og á hæð við **Efstugötu** er svo var nefnd.¹⁰³³ Upp frá innri enda Lágabala gengur **Sveinslág** upp í hlíðina en fyrir utan og ofan hann er **Háibali**, undir innri enda **Hagakletts** og rétt innan við Hafnargil.¹⁰³⁴

Víkin hér niður við sjóinn heitir Höfn.¹⁰³⁵ Hún er hömrum girt og svipmikil. Fjallið utan við Selárdal er kennt við þessa vík og heitir Hafnarhorn (sjá hér bls. 72). Utan við það skerst svolitil hvílt inn í fjallsbrúnina og er nefnd Hafnardalur.¹⁰³⁶ Alfaravegur út hlíðina lá um sjávarbakkana rétt ofan við Höfn.¹⁰³⁷ Götuslóðinn þar var nefndur **Lággötur** en fjárgötur ofar í hlíðinni **Miðgata** og Efstagata.¹⁰³⁸ Þessar götur má enn rekja langt út eftir hlíðinni. Ofan við Efstugötu og alveg upp undir **Hagaklettum**, sem liggja um miðja hlíð, er svo enn ein fjárgata en hún mun vera nafnlaus.¹⁰³⁹ Klettur þessir í hlíðinni ná inn á móts við Höfnina og nær alla leið út að landamerkjunum við Míganda.¹⁰⁴⁰

Innan við Höfnina er **Hafnarklettur** og myndar hann innri hlíð hennar.¹⁰⁴¹ Í Höfninni, sem er um það bil 70 metrar á breidd,¹⁰⁴² virðist vera mikið dýpi. Víðast hvar er ófært upp úr henni vegna kletta en á einum stað er þó fært upp snarbrattan aur og einnig má klifra upp **Tök** en svo heitir klettabrík sem myndar ytri vegg Hafnarinnar.¹⁰⁴³ Sú var trú ýmissa í

¹⁰²⁵ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 8.

¹⁰²⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 124.

¹⁰²⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 129 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰²⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 128.

¹⁰²⁹ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 129 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰³⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 4.

¹⁰³¹ Sama heimild, 127-128. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 128-129 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰³² Sömu heimildir.

¹⁰³³ Sömu heimildir.

¹⁰³⁴ Sömu heimildir.

¹⁰³⁵ Sömu heimildir.

¹⁰³⁶ Sömu heimildir.

¹⁰³⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 127-128. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 128-129 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰³⁸ Sömu heimildir.

¹⁰³⁹ Sömu heimildir.

¹⁰⁴⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 126-127 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰⁴¹ Sama heimild, 128.

¹⁰⁴² Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9.

¹⁰⁴³ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 128 (Vestf. sagnir III. 1).

fyrri daga að hér í Höfninni utan við Selárdal væri álfakaupstaður.¹⁰⁴⁴ Ein kona á Suðureyri taldi sig sjá hafskip fara hingað á hverju vori og lygnar rákir á sjónum voru taldar vera *för álfabátanna*.¹⁰⁴⁵

Skerið framan við Höfn heitir Hafnarsker.¹⁰⁴⁶ Það kemur upp um fjörur og er skilið frá landi af djúpu sundi.¹⁰⁴⁷ Klettabríkin sem myndar ytri vegg Hafnar heitir sem áður sagði Tök. Þau ganga í sjó fram og loka fjöruleiðinni á hverri flæði en fyrir þau er fært um hálfvallinn sjó.¹⁰⁴⁸

Gilið utan við Höfn heitir Hafnargil og á upptök sín upp undir fjallsbrún, í hvilftinni sem nefnd er **Hafnardalur**.¹⁰⁴⁹ Hryggurinn utan við gilið heitir **Hafnargilsbarð** og hallar frá því út í **Hvamminn** sem svo heitir en það er graslendi sem nær frá Hagaklettum og niður að sjó og skiptist í **Efri-** og **Neðri-Hvamm**.¹⁰⁵⁰ Í Neðri-Hvammi er gömul tótt, neðantil við mjög stóran stein og ljóst að steinninn hefur verið notaður sem efri gafl hússins. Tótt þessi er skammt frá alfaravegi og lætur nærri að innanmál hennar sé 3 x 4,5 metrar. Sagnir herma að menn af erlendu fiskiskipi hafi reist kofann sem hér stóð og búið í honum heilan vetur en geymt skip sitt í Höfninni hér rétt fyrir innan.¹⁰⁵¹ Hvergi mun nú vera unnt að sjá hvort þessi gamla munnmælasaga eigi við rök að styðjast en vel gæti það verið. Utan við tóttina rennur lítill lækur.¹⁰⁵²

Hagaklettarnir, sem fyrr voru nefndir, eru hæstir hér upp af Hvamminum en þeir ná alllangt út eftir hliðinni. Ofan við þá eru **Grjótufsir ytri** sem ná inn að Hafnardal.¹⁰⁵³ Utan við Hvamm komum við í **Urðina** sem nær alveg niður á bakka.¹⁰⁵⁴ Þetta er gömul skriða, allbreið og stórgrýtt að neðan en mjórri og sléttari hið efra. Efsti hluti hennar heitir **Urðarhaus** og er neðantil við Hagakletta.¹⁰⁵⁵ Hann er nú að mestu hulinn gróðri. Upp af Urð og alllangt fyrir ofan Hagakletta er stór grjóthnúkur sem heitir **Hnjótur**.¹⁰⁵⁶ Ofan við hnúk þennan er stór lægð en frá honum innanverðum gengur hryggur sem nær upp að Grjótufsum ytri.¹⁰⁵⁷ Skammt utan við Urðina og fyrir neðan Hagakletta er **Grænibali**, teigur sem grænkar snemma á vorin.¹⁰⁵⁸ Litlu utar er **Hvítibali**, hryggur sem myndar bala neðanvert við Hagakletta.¹⁰⁵⁹ Uppi í hliðinni er djúp kvos utantil við

¹⁰⁴⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 40.

¹⁰⁴⁵ Sama heimild.

¹⁰⁴⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 127-128. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 128-129 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰⁴⁷ Sömu heimildir.

¹⁰⁴⁸ Sömu heimildir.

¹⁰⁴⁹ Sömu heimildir.

¹⁰⁵⁰ Sömu heimildir.

¹⁰⁵¹ Lbs. 3430^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9. Sbr. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 128. (Vf. sagnir III. 1).

¹⁰⁵² Sama heimild.

¹⁰⁵³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 127.

¹⁰⁵⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵⁵ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 127 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰⁵⁶ Sama heimild. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 126-127.

¹⁰⁵⁷ Sömu heimildir.

¹⁰⁵⁸ Sömu heimildir.

¹⁰⁵⁹ Sömu heimildir.

hann og skilur hún balann frá **Hríshjalla**, er svo heitir, en það er breiður og vel gróinn hjalli, neðanvert við Hagakletta.¹⁰⁶⁰

Út og niður af Hvítabala er **Götunes** en þar lá þjóðgatan niður í fjöru þegar komið var innan að.¹⁰⁶¹ Hún er enn (1996) mjög greinileg. Við höldum okkur nú við fjöruna en gefum gaum að hlíð og fjalli. Fjallið sjálft, frá Hafnardal að **Mígandisdal** heitir **Klettafjall** og er að mestu gróðurlaust.¹⁰⁶²

Frá Götunesi er skammur spölur út á **Tollshrygg** en það er skriðuhryggur sem gengur í sjó fram.¹⁰⁶³ Sagt er að nafnið eigi rætur að rekja til þess að *þar hafi verið leyft hrísrif til greiðslu á einhverjum tolli*.¹⁰⁶⁴ Niður hrygginn liggur **Tollshryggsgil** sem er alldjúpt, einkum að neðan.¹⁰⁶⁵ Utan við nýnefndan hrygg er **Lambeyraurð**, sem nú er vel gróin, en sjávarnesið utan við hana heitir **Lambeyrar**.¹⁰⁶⁶ Skriðuhryggurinn ofan við þær heitir **Lambeyrahryggur** en inn og upp af honum er ytri endinn á Hagaklettum¹⁰⁶⁷ sem hér voru áður nefndir. Heita þar **Klettendar**.¹⁰⁶⁸ Hríshjalli, sem er neðan við Hagakletta, nær frá Lambeyrahrygg og inn fyrir Tollshrygg.¹⁰⁶⁹

Mjög skammt fyrir utan Lambeyrar komum við að **Mígandisbjörgum** en það eru háir sjávarklettur beggja vegna við lækinn Míganda sem fellur í fossi fram af björgunum.¹⁰⁷⁰ Lækur þessi, sem er nokkuð vatnsmikill, á upptök sín uppi á fjalli¹⁰⁷¹ og fellur um Mígandisdal sem er lítil hvílt neðan við fjallsbrúnina.¹⁰⁷² Rétt innan við Míganda var slægjuland sem náði allhált upp í hlíðina og alveg niður að sjávarklettunum.¹⁰⁷³ Það heitir **Mígandisrjóður**.¹⁰⁷⁴ Ofar eru **Mígandislágar**, inn og niður af Mígandisdal.¹⁰⁷⁵ Þar var sjaldan slegið.¹⁰⁷⁶

Nafnið Mígandi skýrir sig sjálft en það mun einkum hafa verið notað um fossinn¹⁰⁷⁷ sem fellur fram af háum klettum ofan í fjöruna og setur svip á umhverfið. Sést hann víða að. Lækin nefndu menn þó einnig Míganda en stundum **Mígandisá**.¹⁰⁷⁸ Snjóflóð falla alloft í nánd við Míganda. Skemmst er að minnast hins geysimikla snjóflóðs er féll 26. október 1995

¹⁰⁶⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 127 (Vestf. sagnir III. 1). Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 126-127.

¹⁰⁶¹ Sömu heimildir.

¹⁰⁶² Sömu heimildir.

¹⁰⁶³ Sama heimild, 126-127.

¹⁰⁶⁴ Sama heimild.

¹⁰⁶⁵ Sama heimild.

¹⁰⁶⁶ Sama heimild.

¹⁰⁶⁷ Sama heimild.

¹⁰⁶⁸ Sama heimild.

¹⁰⁶⁹ Sama heimild.

¹⁰⁷⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 126. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 126 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰⁷¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 126. Kristján G. Þorvaldsson 1946, 126 (Vestf. sagnir III. 1).

¹⁰⁷² Sömu heimildir.

¹⁰⁷³ Sömu heimildir.

¹⁰⁷⁴ Sömu heimildir.

¹⁰⁷⁵ Sömu heimildir.

¹⁰⁷⁶ Sömu heimildir.

¹⁰⁷⁷ Sömu heimildir.

¹⁰⁷⁸ Kristján G. Þorvaldsson 1946, 126 (Vestf. sagnir III. 1).

en af völdum þess gekk sjór á land upp handan fjarðarins á þriggja til fjögurra kílómetra löngu svæði innan við Suðureyri (sjá hér Suðureyri, sundlaug við Lauga). Kristján G. Þorvaldsson, sem fæddist árið 1881 og ólst upp í Selárdal, heyrði líka talað um að eitt sinn hefði *hlaupið snjóskriða niður Míganda* og verið svo mikil að hún náði *upp í götu á Kleif* sem er handan fjarðarins.¹⁰⁷⁹ Sagt var að þá hefði snjóbingur, *jafnhár Mígandisbjörgum, staðið fram í sjó langt fram á vor.*¹⁰⁸⁰

Frá Selárdal eru tæplega tveir kílómetrar út að Míganda en spölurinn héðan út að Norðureyri er liðlega tveir kílómetrar. Mígandi fellur á landamerkjum jarðanna.¹⁰⁸¹ Við kveðjum því Selárdalsland einmitt nú er við stiklum yfir lækinn en höldum göngunni áfram alla leið að Norðureyri.

----- o o o o o -----

¹⁰⁷⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 125.

¹⁰⁸⁰ Sama heimild.

¹⁰⁸¹ Sama heimild.